

Guðrún Arnardóttir
**ÓHRÆDD VIÐ
BREYTINGAR** ▶10



SÖGUR ÚR VERKFÖLLUM ▶30



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

22. mars 2014
68. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmálaskýrningu Capacent (júlí-janúar - mars 2014)



Í DRAUMASTARFINU MEÐ DRAUMABARNIÐ

Nýi Borgarleikhússtjórinn **Kristín Eysteinsdóttir** segist smám saman munu gera breytingar á starfsemi leikhússins en það verði engin bylting. Hún upplifir nú ár af draumum sem rætast því fyrir átta mánuðum fæddist langþráð dóttir eftir óteljandi tilraunir. ▶22



BARÐIST FYRIR RÉTTLÆTI


Arnór Dan Arnarson gerir upp eftirmála alvarlegrar líkamsárásar sem hann varð fyrir. ▶26



Auður
Ómarsdóttir
**MMA OG
MYNDLIST**
▶20

HVER ER PÚTÍN?

Einn umdeildasti leiðtoginn í heiminum í dag á sér margar hliðar. ▶28



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRUMSÝNING
NÝR RENAULT MEGANE



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

VELKOMIN Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

BL BL ehf / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík



HANS OG GRÉTA
Frumnýning
23. mars



Miðasala í síma
5700400 og
á salurinn.is og
mid.is

ÓP-HÓPURINN

KRINGLUKAST
OPIÐ TIL 18 Í DAG
NÝTT KORTATÍMABILI



NÝJAR VÖRUR
**20-50%
AFSLATTUR**

Kringlan

AF ÖLLU HJAKTA

66 PRÓSENTA NÝTING 4

Um það bil 66 prósent nýting var á sölum Hörpu árið 2013. Ráðstefnutekjur jukust um 40 prósent það ár en aldrei hafa fleiri gestir lagt leið sína í húsið.

VIÐHORFIÐ KANNAÐ 6

Tillögur að nýjum virkjanakostum til meðferðar við 3. áfanga rammaætlunar eru ekki síst til að kanna hugarfar landsmanna gagnvart orkunýtingu.

KJÖTIÐ TIL JAPAN 8

Áfangastaður flutningaskipsins Ölmur, sem verið er að lesta með frosnum hvalafurðum í Hafnarfjarðarhöfn, er Osaka í Japan.

VELDUR ÖRORKU OG DAUÐA 12

Einn af hverjum fimm Íslendingum fjörutfu ára og eldri þjáist af einkennum langvinnrar lungnateppu. Fjölmargir komast ekki að því fyrr en of seint.



SKOÐUN 16→18

STÆRSTI SKAÐINN 16

Porsteinn Pálsson um fjármagnshöft.

ÁRANGURSTENGDA GREIÐSLUR TIL KENNARA ERU TÍMASKEKKJA 18

Anna Kristín Sigurðardóttir um launapotta kennara.

EKKI FLÓKIÐ VERKEFNI 18

Ari Trausti Guðmundsson um reglur fyrir forsetann.

HELGIN 20→48

KLASSÍSKA FLÍKIN 32

Hvíta skyrtan er ómissandi í fataskápin og passar við allt.

KAFFIBOLLASPJALL 36

Mæðgin hittast á hverjum degi yfir einum kaffibolla.

BAKAR OG SYNGUR 42

Söngkonan Greta Mjöll Samúelsdóttir í yfirheyrslunni.

Á KVIKMYNDAHÁTIÐ 46

Bekkjarfélagarnir Birgir, Úlfur og Bjartur í spjalli á krakkasíðunni.

MENNING 58→60

SKAPBÆTANDI TÓNLIST 58

Jónas Sen skrifar um Mozart-tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

HANS OG GRÉTA Í KÓPAVOGI 58

Óp-hópurinn setur upp óperu í Salnum.

SPILAR Í NEW YORK OG WASHINGTON 59

Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir í stuttu stoppi á Íslandi.

LÍFIÐ 62→74

SIGURVEGARAR HLUST- ENDAVERÐLAUNANNA 62

Kaleo var meðal þeirra sveita sem fóru heim með verðlaun í gærkvöldi.

GETUR FÓLK FEST Í SAM- FÖRUM? 65

Kynfræðingurinn Sigga Dögg svarar spurningum lesenda.

SIGURVEGARI LJÓÐLYMPIÚ- LEIKANNA 74

Vigdís Ósk Howser er ljóðaslammari sem rappar og vinnur í harðfiski á daginn.



SPORT 68

KLASSÍSKUR RISASLAGUR Á SPÁNI 68

Nær Barcelona að stöðva sigurgöngu Real Madrid?

HRAFN TEKUR VIÐ STJÖRNUNNI 68

Eftirmaður Teits Örylgssonar er fundinn.



FIMM Í FRÉTTUM UPPSAGNIR Á RÚV OG STAR WARS TIL ÍSLANDS



MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON

Nýr útvarpsstjóri sagði öllum framkvæmdastjórum RÚV upp með það að markmiði að hagræða og jafna kynjahlutföll. Fréttastjóri RÚV, Óðinn Jónsson, var einn þeirra sem sagt var upp.



SIGURÐUR INGI JÓHANNS- SON

gegndi stöðu forsætis-, fjármála-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra í vikunni vegna utanlandsferða Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Bjarna Benediktssonar.



ADALHEIÐUR STEINGRÍMS- DÓTTIR

hjá Félagi framhaldsskólakennara, stendur í ströngum kjaraviðræðum en verfall hefur staðið yfir síðan á mánudag. Lausn á deilunni er ekki í sjónmáli.



PATTI SMITH

tónlistarkona kom, sá og sigraði á náttúruverndartónleikum í Hörpu. Hún talaði um einstaka náttúrufegurð Íslands og söng meðal annars Perfect Day eftir vin sinn Lou Reed.



→ R2D2 Litla vélmennið kemur hingað til lands í apríl en nýja Star Wars-myndin verður að hluta til tekin upp hérlendis. Stórstjarnan er orðin 37 ára gömul og því enginn nýgræðingur í bransanum.



SIGURLIÐIÐ Vinir Villa tóku við verðlauninum í lokahófi Mottumars 2014 í Hörpu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sigraði í Mottumars með miðasölu á ball

Sigurvegarinn í einstaklingskeppni Mottumars greindist sjálfur með krabbamein fyrir tveimur árum. Vinir Villa sigruðu í liðakeppninni. Meðlimir liðsins misstu í fyrra þrjá samstarfsfélaga úr krabbameini. Um 26 milljónir króna söfnuðust.

SAMFÉLAGSMÁL „Allur ágóði af ballinu sem ég held í kvöld rennur óskiptur til Krabbameinsfélagsins,“ sagði Páll Sævar Guðjónsson þegar hann hafði sigrað í einstaklingskeppni Mottumars 2014 í gær.



PÁLL SÆVAR GUÐJÓNSSON

Páll safnaði samtals 1.069.000 krónum. Hann sigraði í keppninni með sex hundruð þúsund króna áheiti um klukkustund áður en söfnunarátakinu lauk.

„Ég stend fyrir árgangaballi fyrrverandi nemenda úr Haga-skóla á veitingastaðnum Rúbín og þessi upphæð er brot af því sem kemur inn í miðasölu,“ segir Páll og tekur fram að upphæðin geti á endanum orðið enn hærri.

Páll greindist sjálfur með krabbamein í ristli í janúar 2012, þá 42 ára gamall. Hann er nú laus við meinið en fer í reglubundið eftirlit. Páll starfar sem skrifstofu-

stjóri og er einnig vallaupulur á Laugardalsvelli og KR-vellinum í Frosta-skjóli.

Liðið Vinir Villa fór með sigur af hólmi í liðakeppni söfnunarátaksins. Meðlimir liðsins söfnuðu 1.223.000 krónum en þeir voru allir vinir Vilhjálm Óla Valssonar, sigurvegara Mottumars 2013, sem lést af völdum krabbameins í lok mars í fyrra.

„Það er ekki hægt að segja annað en að þetta hafi komið á óvart enda áttum við ekki von á því að þetta færi yfir milljón krónur,“ segir Hreggviður Símonarson, liðsstjóri Vínar Villa.

Hann segir upphaflegt markmið liðsins hafa hljóðað upp á eitt hundruð þúsund krónur en það var síðan hækkað upp í 1.639.000 krónur, sömu upphæð og Vilhjálmur safnaði árið 2013.

26 milljónir

Alls söfnuðust 26.035.907 krónur í Mottumars að þessu sinni en í fyrra söfnuðust rúmar 25 milljónir.

Lokahófi söfnunarátaksins var haldið í Hörpu í gærkvöldi og þá voru veitt verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í báðum keppnunum.

Meistarafélag hárskera sá einnig um að velja fegurstu mottuna og þau verðlaun fóru til Guðna Hannessonar frá Akranesi.

„Við misstum þrjá samstarfsfélaga hjá Landhelgisgæslunni úr krabbameini í fyrra þannig að við vorum í rauninni að heiðra minningu þeirra allra með þessu,“ segir Hreggviður.

haraldur@frettabladid.is

Utanríkisráðherra ætla að hitta fulltrúa frjálsra félagasamtaka í Kænugarði:

Fundar með ráðamönnum í dag

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra mun í dag heimsækja ukráínska þingið og funda með Andrii Deshchysia, utanríkisráðherra landsins.

Þar mun Gunnar Bragi kynna afstöðu stjórnvalda til yfirtöku Rússa á Krímskaga, sem hann hefur lýst yfir að sé brot á alþjóðalögum, og þátttöku Íslands í refsiaðgerðum gegn Rússum.

Ráðherra mun hefja daginn með heimsókn í þingið þar sem hann ætla að hitta fulltrúa allra þingflokka og kynna þeim afstöðu íslenskra stjórnvalda og heyra hver

sjónarmið þingmannanna eru.

Að heimsókninni lokinni mun ráðherra borða hádegisverð með fulltrúum frjálsra félagasamtaka á staðnum og þar á eftir litast um á Maidan-torgi í Kænugarði. Í gær var liðinn mánuður frá átökunum á torginu.

Um kvöldmatarleytið mun ráðherra síðan hitta starfandi utanríkisráðherra landsins og borða með honum kvöldverð.

Krímskagi varð í gær formlega hluti af Rússlandi, þegar Vladimir Pútín Rússlandsforseti undirritaði lög þess efnis.

-hmp, hg



Á VELLINUM Kostiantin Malovany, ræðismaður Íslands í Kænugarði, tók á móti utanríkisráðherra á Boryspil-flugvellinum í Kænugarði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Falleg hjólhýsi

Verð frá 4.190.000 kr.

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Nýtt kortatímabil

KRINGLUKAST

FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

OPIÐ 10-18 Í DAG



NÝJAR VÖRUR

20-50%

AFSLÁTTUR


Kringlan

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

Opið laugardag 10-18 | sunnudag 13-18

AF ÖLLU HJARTA



1 + 2 = 3

5.026

börn fæddust á metárinu 2009 og munu þau streyma í grunnskólana í haust.

140 þúsund manns

eru taldir hafa látist í þriggja ára borgarastyrjöld í Sýrlandi.




35% SJÚKLINGA

sem krefjast bóta vegna lækna-mistaka fá bætur að meðaltali.



22 milljónir

hefur kostað að rita sögu verkalyðshreyfingarinnar á Vestfjörðum og er vinnunni ekki lokið.



1.000

ferðamenn heimsóttu Geysi á fyrsta degi gjaldheimtu.



18 milljónir

króna myndi kosta að moka vegi alla daga vikunnar á Vestfjörðum.



1.800

félagslegar íbúðir eru í Reykjavík.





JAPAN Þingsályktunartillaga liggur nú fyrir um gerð fríverslunarsamnings milli landanna tveggja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Verslunarráð Íslands í Japan:

Fagnar tillögu um samning

VIÐSKIPTI Verslunarráð Íslands í Japan fagnar þingsályktunartillögu Össurar Skarphéðinssonar um að hefja undirbúning að gerð fríverslunarsamnings við Japan. Það hvetur til þverpólitískrar samstöðu um áframhaldandi fríverslunarviðræður.

Í tilkynningu frá ráðinu segir að japönsk stjórnvöld leggi nú meiri áherslu á samstarf við Ísland, líkt og sjáist á fyrirhugaðri stækkun sendiráðs Japans á Íslandi og heimsókn Nobuteru Ishihara, umhverfisráðherra Japans, til Íslands í fyrria.

Ránið í Dalsnesti upplýst: Handtekinn og játaði brotið

LÖGREGLUMÁL Ungur maður játaði í gær að hafa rænt verslunina Dalsnesti í Hafnarfirði þann 10. mars síðastliðinn.

Að sögn lögreglu var maðurinn handtekinn og tekinn í skýrslutöku en sleppt að henni lokinni. Hann má eiga von á ákæru vegna ránsins.

Að sögn Sigurðar Lárussonar, eiganda verslunarinnar, rændi maðurinn búðina með hettu yfir höfðinu og vopnaður felgulykli. Hann náði pening úr búðarkassanum en þýfið hefur ekki fundist.

66 prósent nýting á sölunum í Hörpu

Nýting á sölunum fjórum í Hörpu árið 2013 var góð. Ráðstefnutekjur hússins jukust um fjörutíu prósent það ár en aldrei hafa fleiri gestir lagt leið sína í húsið. Forstjóri Hörpu segir að þó þurfi að bæta nýtingu hússins yfir sumartímann.

MENNING Salir Hörpu voru í notkun tvo þriðju hluta árs í fyrria. Þetta kemur fram í upplýsingum frá tónlistar- og ráðstefnuhúsinu um nýtingu á sölum hússins. Best nýtti salur hússins, Kaldalón, er jafnframt sá minnsti en hann var í notkun 316 daga úr ári, eða um 87 prósent ársins.

Fæstir viðburðir voru í Silfurbergi, helsta ráðstefnusal hússins, en hann var í notkun 168 daga ársins.

Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, segir að mest séu sóknarfærin í ráðstefnuhaldi. „Við jukum ráðstefnutekjurnar um rúmlega 40 prósent í fyrria og við sjáum mikil sóknarfæri þar.“

Hann segir að glögglega megi sjá árstíðabundinn mun á nýtingu hússins. „Við þurfum mest að bæta okkur að sumri til. Þá er nýtingin minnst þrátt fyrir að mannfjöldinn sem streymir hér í gegn sé sá sami og yfir veturinn.“


Halldór segir að fjöldann yfir sumarið megi rekja til ferðamanna sem koma og skoða Hörpu en þó vanti upp á að í húsinu séu nógu margir viðburðir sem sérstaklega sé beint að ferðamönnum. „Nú þegar húsið hefur ekki verið opið nema í tæp þrjú ár er þetta komið í ótrúlega hátt nýtingarhlutfall. Við höfum verið að reyna að læra af tónlistar- og ráðstefnuhúsum í öðrum löndum en hliðstæðurnar eru frekar vandfundnar. Í alþjóðlegum samanburði er miðað við að raunhæf hámarksnýting sé 80 prósent. Við erum því mjög stolt af því hve nýtingin er góð.“

Að sögn Halldórs kemur ekki til greina að lækka leigugjald fyrir



HALLDÓR GUÐMUNDSSON Forstjóri Hörpu er stoltur af þeim árangri sem náðst hefur. MYND/HALLDÓR

HEILDARNÝTING HÖRPU 2013



sali Hörpu með það að markmiði að laða fleiri aðila að húsinu. „Þegar nýtingin er svo mikil sem raun ber vitni og Harpa að berjast í bókum fjárhagslega, eins og allir vita, þá förum við ekki að lækka leigugjaldið.“ Hann segir að nú þegar megi búast við fleiri ráðstefnum í húsið. „Ráðstefnur eru bókaðar mörg ár fram í tímann, það var því algjörlega óraunsætt

á sínum tíma að ætlast til þess að nýopnað hús hýsti margar ráðstefnur fljótlega eftir opnun.“

Guðfinna S. Bjarnadóttir, stjórnarformaður Hörpu, segir að sóknarfæri séu vissulega til staðar. „Við stjórnin erum í stefnumótunarvinnu og nýting hússins er örugglega eitt af því sem verður til umræðu.“

snaeros@frettabladid.is



ÁBERANDI Til stendur að allar þyrlur Langhelgisgæslunnar beri þennan lit í framtíðinni. MYND/TEKNIÐEILD LHG

Þyrlan TF-SÝN snýr aftur:

Betrumbætt og í nýjum lit

VARNARMÁL Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SÝN, sneri aftur til landsins í gærkvöldi eftir umfangsmikla skoðun og viðhald í Noregi undanfarna mánuði.

Samkvæmt tilkynningu frá Landhelgisgæslunni hefur þyrlan verið betrubætt með nætursjónaukabúnaði sem gerir hana mun hæfari til leitar-, björgunar- og eftirlitsstarfa.

Þá hefur þyrlan verið máluð í áberandi appelsínurauðum lit sem til stendur að allar þyrlur Gæslunnar beri í framtíðinni.

Ný ályktun frá aðalfundi: Kennarar ávíta stjórnvöld

KJARAMÁL Félag framhaldsskólakennara átelur menntamálayfirvöld fyrir hringlandahátt, villandi umræður og skammsýni í málefnum framhaldsskóla. Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í gær.

Í ályktuninni eru stjórnvöld meðal annars ávítað fyrir að boða styttingu náms til stúdentsprófs en félagið segir ekkert virðast liggja því til grundvallar en að þrengja að framhaldsskólunum fjárhagslega.

Eins og kunnugt er stendur nú yfir verkfall framhaldsskólakennara vegna launadeilna.

Tilboðsverð

Bosch uppsvottavél

Fimm kerfi, 13 manna, 44 dB.

SMU 55M12SK

149.900 kr. stgr.



Bosch ryksuga

2000 W.

BSD 3020

15.900 kr. stgr.




BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 | www.bosch.is | Sími 520 3090

Veðurspá



HELGIN Hæglætisveður í dag og á morgun en hversir annað kvöld með stífri SA-átt og bætir í úrkomu, fyrst SV-lands. Kólnar til morguns, frost 0-8 stig, en hlýnar á ný aðfaranótt mánudags og má þá búast við rigningu eða slyddu víða um land.

| Stað | Þéttmál | Stað | Þéttmál | Stað | Þéttmál |
|-----------|---------|-----------------|---------|---------------|---------|
| Alicante | 21° | Friedrichshafen | 14° | New York | 17° |
| Apelna | 25° | Gautaborg | 9° | Orlando | 28° |
| Basel | 12° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 5° |
| Berlín | 16° | Las Palmas | 21° | París | 14° |
| Billund | 9° | London | 12° | San Francisco | 23° |
| Frankfurt | 13° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 10° |


Á MORGUN

Hæg breytileg átt, hversir SV-lands með kvöldinu

MÁNUDAGUR

SA-átt 10-18m/s, lægir með deginum

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður



Auglýsingadeildir FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonla@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn@365.is

FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



MEST SELDI BÍLL Á ÍSLANDI 2013



Nýr ŠKODA Octavia Combi

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

ŠKODA Octavia Combi
kostar frá 3.970.000,-



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO₂ frá 99 g/km



5 stjörnur í árekstrar-
prófunum EuroNcap

HEKLA • Laugavegi 170-174 • Reykjavík • Sími 590 5000 • hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri • Bílasala Selfoss • Bílaskrá Akranesi • HEKLA Reykjanesbæ • Heklusalurinn ÍsaÞrói

Nemar í kennaraverkfalli:

Fá frítt í sund og á listasöfn

SVEITARSTJÓRNIR Borgarráð hefur samþykkt að veita framhalds-skólanemum aðgang að sundlaugum og listasöfnum borgarinnar án endurgjalds á meðan á verkfalli framhaldsskólakennara stendur frá og með 28. mars.

Í tilkynningu segir að Reykjavíkurborg vilji stuðla að virkni og bættri lýðheilsu nemenda þótt starfsemi skólanna falli niður.

Bæjarráð Kópavogs tilkynnti einnig í vikunni að nemum yrði boðið í sund, ókeypis bókasafnskort og á valda tónleika.

- bá

Orkuveita Reykjavíkur hagnaðist um tæpa 3,4 milljarða króna á árinu 2013 samkvæmt uppgjöri:

OR gæti greitt niður skuldirnar á sjö árum

VIÐSKIPTI Orkuveita Reykjavíkur skilaði 3.350 milljóna króna hagnaði á síðasta rekstrarári samkvæmt uppgjöri sem kynnt var í gær. Árið áður var 2.295 milljóna króna tap á rekstrinum.

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, segir fyrirtækið hafa styrkst hratt og með föstum tókum á rekstrinum hafi tekist að bæta afkomuna frá ári til árs. „Reksturinn er stöðugt að batna og er orðinn mjög góður,“ segir hann. Komi ekki til óvæntra áfalla segir hann líta út fyrir að rekstur Orkuveitunnar



BJARNI BJARNASON

sé kominn í gott jafnvægi.

„Árið 2009 hefði tekið 19 ár að greiða niður allar skuldir fyrirtækisins með EBITDA-afgangi, en núna erum við kominn niður í 7,1 ár.“

Unnið er samkvæmt áætlun frá árinu 2011, Planinu, um að bæta markvisst fjárhag Orkuveitunnar og er árangur ársins 2013 tæplega

UPPGJÖR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

| Ár | Rekstrartekjur | Kostnaður | EBITDA | Hagnaður/tap |
|------|----------------|-----------|--------|--------------|
| 2013 | 39.209 | 13.126 | 26.084 | 3.350 |
| 2012 | 37.905 | 12.861 | 25.044 | -2.295 |
| 2011 | 33.626 | 12.391 | 21.235 | -556 |
| 2010 | 27.916 | 13.964 | 13.951 | 13.729 |
| 2009 | 26.013 | 13.042 | 12.970 | -2.516 |

Allar tölur eru í milljónum króna

3,3 milljörðum króna yfir markmiðum tímabilsins.

Planið miðar við að afla 51,3 milljarða króna fyrir árslok 2016, en eftir árið 2013 hafa markmið í raun náðst að 82 prósentum.

Heildarárangur Plansins er 5,1 milljarður umfram markmið tímabilsins 2011 til 2013.

Meðal aðgerða sem gripið hefur verið til er sala höfuðstöðva Orkuveitunnar á Bæjarhálsi.

- óká

Fyrirtæki óskast

Fyrir hönd umbjóðanda okkar leitum við að fyrirtæki til kaups eða yfirtöku. Leitað er að litlu eða meðalstóru fyrirtæki þar sem þörf er á endurskipulagningu og uppbyggingu. Áhugasamir sendi fyrirspurn til siggi@skyrslur.is fyrir 5. apríl næstkomandi. Gætt verður fyllsta trúnaðar við meðferð allra mála og fyrirspurna.

Skýrslur og skil

Sigurður Sigurbjörnsson



Skýrslur og skil

Skattframtal einstaklinga og fyrirtækja
Ársreikningar og skattauppgjör
Virðisaukaskattsskil og laun
Almenn fjármála- og rekstraráðgjöf

Lágmúla 5 - 108 Reykjavík
Sími: 534 0040

Kanna viðhorfið til orkunýtingarkosta

Nýir virkjanakostir til meðferðar í 3. áfanga rammaáætlunar eru allir frá Orkustofnun komnir. Af 91 tillögu komu 43 frá orkufyrirtækjum. Nokkrar tillögur markast af takmörkunum á flutningi raforku, segir sérfræðingur Orkustofnunar.

ORKUMÁL Tillögur að nýjum virkjanakostum til meðferðar við 3. áfanga rammaáætlunar eru ekki síst til að kanna hugarfar landsmanna gagnvart orkunýtingu. Tillögur um nýja kosti eru allar frá Orkustofnun komnar og því engar óskir frá orkufyrirtækjum að baki þeim. Nokkrar tillögur markast af staðsetningu vegna veikleika í meginflutningskerfi raforku.

Kristinn Einarsson, yfirverkefnisstjóri auðlindanýtingar hjá Orkustofnun, útskýrir að 43 tillögur um virkjanakosti af 91 hafi komið frá orkufyrirtækjum. Af þeim sendi Orkustofnun 42 áfram til umfjöllunar verkefnisstjórnar. Aðrir af 91 virkjanakosti koma frá Orkustofnun, og þar af 27 nýir.

„Það er æskilegt fyrir verkefnisstjórnina að hafa sem flesta kosti með; að þeir spanni allt litrófið. Bæði góðir og slæmir hvort sem það varðar hagkvæmni eða umhverfislega þætti,“ segir Kristinn og bætir við að Orkustofnun hafi talið að auka þyrfti fjölbreytni virkjunarkosta í vatnsaflí. Bæði hvað varðar stærð, að minni kostir kæmu inn, og svo vegna staðsetningarinnar.

„Dreifikerfi raforku er of veikt til að senda orku hvert sem er,“ segir Kristinn. Hann jatar því að virkjanir í Hofsá og Hafralónsá á Norðausturlandi séu nærtækt dæmi vegna stöðu raforkuflutninga á því svæði.

Kristinn segir að virkjanakostirnir séu þeir vænlegustu sem birtir voru í Hvítbók iðnaðarráðuneytisins frá árinu 1994, þar sem gefið var yfirlit um orkukosti á sínum tíma.

„Við bættum svo við tveimur kostum í vindorku til viðbótar við hugmyndir Landsvirkjunar. Annars vegar Þröskuldum vegna þess að það skortir orku á Vestfjörðum, og einnig við Þorlákshöfn. Þar vildum við láta skoða hvort menn vilja vindmyllur á láglendi nálægt byggð,“ segir hann og bætir við að þann-



EGNT FYRIR LAX Stóra-Laxá í Hreppum er einn þeirra virkjanakosta sem Landsvirkjun vill láta skoða.

FRÉTTABLAÐIÐ/SAVAR

Orkustofnun að baki

Orkustofnun sendi verkefnisstjórn þriðja áfanga rammaáætlunar bréf 10. mars þar sem lagður er fram 91 virkjunarkostur til umfjöllunar. Þar er um að ræða 49 virkjunarkosti í vatnsaflí, 38 kosti í jarðvarma auk fjögurra vindorkuvera. Um 34 virkjunarkosti í vatnsaflí og 30 í jarðvarma hefur verkefnisstjórn fjallað um áður, samtals 64 kosti. Nýir kostir eru 15 í vatnsaflí, átta í jarðvarma og fjórir í vindorku, eða 27 samtals.

ig séu tillögurnar hugsaðar til að kanna viðhorf landsmanna til orkunýtingar.

„Það er okkar lögbundna hlutverk að leggja lista tillagna fyrir verkefnisstjórnina og við tókum í sjálfu sér enga afstöðu til þeirra að öðru leyti,“ segir Kristinn.

Hann segir að rammaáætlun sé

á skipulagsstigi og smáatriði ekki til umfjöllunar; það falli undir umhverfismat framkvæmda. Meiningin með rammaáætlun sé því að lágmarka kostnað. „Menn geti strax sagt að einn eða annar kostur komi ekki til greina. Hlutverkið er að grófsigta virkjanakostina.“

svavar@frettabladid.is



ÚRVALSFÓLKSFERÐIR

Tenerife 2. – 21. maí



★★★★

Best Tenerife

Hálft fæði innifalið

VERÐ FRÁ

231.900 KR.

á mann miðað við 2 fullorðna í tvíbýli.
Brottför: 2. maí
Heimkoma: 21. maí.



★★★★

La Siesta

Hálft fæði innifalið

VERÐ FRÁ

228.000 KR.

á mann miðað við 2 fullorðna í tvíbýli.
Brottför: 2. maí
Heimkoma: 21. maí



Skemmtanastjóri á Tenerife
Kjartan Trausti



Skemmtanastjóri á Benidorm
Jenný Ólafsdóttir



ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000

Málshöfðun Félags forstöðumanna ríkisstofnana gegn kjararáði þingfest:

Ekki farið eftir settum reglum

KJARAMÁL Málshöfðun Félags forstöðumanna ríkisstofnana, FFR, á hendur kjararáði var þingfest á fimmtudaginn. Félagsmenn samþykktu að stefna ráðinu vegna launamála á félagsfundi í febrúar síðastliðnum.

„Í rauninni finnst okkur að kjara-ráð fari ekki að settum reglum og lögum,“ segir Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands og félagsmaður í FFR, um málshöfðunina. „Þaðan er stuðningurinn við stefnuna tilkominn.“

Félagar í FFR tóku á sig tímabundna launalækkun til tveggja ára í kjölfar falls bankakerfisins árið 2008 sem nam fimm til fimm-tán prósentum. Lækkunin átti upphaflega að ganga að fullu til baka 1. desember 2010 en kjararáð dró launahækkunina fram í október 2011.

„Við erum ekki að vefengja lögin um lækkunina,“ segir Steingrímur Ari. „Við teljum að þessi launa-



STEINGRÍMUR ARI ARASON

lækkun sem var framkvæmd vegna inngrips stjórnvalda hafi staðið lengur en efni stóðu til.“

Félagsmenn vilja því fá leiðréttingu á launum sínum til samræmis við kjör annarra sem gegna sambærilegum störfum.

„Málið er að við höfum engan verfallsrétt,“ segir Steingrímur. „Við eigum allt undir því að kjararáð fari eftir settum reglum.“

- bá

TAX FREE

DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM DÖMUFATNAÐI
OG DÖMUSKÓM
20.-24. MARS.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 24. mars.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Skelltu þér í sólarferð til

Madeira

22. apríl í 8 nætur

SÉRTILBOÐ

Frá kr.
139.900 m/bókunarafsl.

Netverð á mann á Hotel Girassol m.v. 2 í herbergi.
Bókunarafsláttur gildir til 25. mars 2014.
22. apríl í 8 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Bit með fýrvara um prentvillur. Heimsferðir skilja sér rétt til leiðtenginga á sílu. Að. að. verð gæta þyggst um fýrvara.

prooptik.is



50%

afsláttur

af öllum **Seleste** umgjörðum

Gildir til 24. mars

prooptik
gleraugu

SKEIFUNNI | KRINGLUNNI | SPÖNGINNI

Bágborið ástand Seljavallalaugar áhyggjuefni Minjastofnunar og byggðaráðs:

Vantar fé fyrir Seljavallalaug

SVEITARSTJÓRNIR „Í gegnum tíðina hefur lauginni verið haldið við af sjálfbóðaliðum en ljóst er að nú þarf að leggja í talsverðan kostnað við mannvirkin til að þau líti sem best út og til að tryggja endingu þeirra,“ segir í tillögu sem samþykkt var í byggðaráði Rangárbings eystra um viðhald á Seljavallalaug.

Ungmennafélagið Eyfellingur annast Seljavallalaug sem var friðlýst árið 2006. Friðlýsingin nær einnig til nánasta umhverfis

laugarinnar, þar með talið kletta-veggs við vesturhlíð hennar. Árið 2012 veitti Húsafriðunarsjóður tvö hundruð þúsund króna styrk til endurbóta á Seljavallalaug en styrkurinn var ekki nýttur og féll niður í janúar í fyrra.

Í bréfi til formanns Ungmennafélagsins segir Minjastofnun Íslands brýnt að mótuð verði stefna svo tryggja megi „varðveislu þessu einstæða mannvirkis“. Byggðaráðið tekur undir áhyggjur Minjastofnunar.



SELJAVALLALAUG Sjálfbóðaliðar halda Seljavallalaug við. MYND/PÁLL ANDRÉSSON

Kjötið beint til Japans

Fyrir dyrum stendur að Bandaríkjaforseti ákveði refsiaðgerðir vegna hvalveiða Íslendinga. Flutningaskipið Alma er á leið til Japans með um 2.000 tonn af hvalkjöti. Hvalur hf. hefur verið gerður afturreka með umskipun á hvalkjöti í evrópskum höfnum.

UTANRÍKISMÁL Áfangastaður flutningaskipsins Ölmur, sem verið er að lesta með frosnum hvalafurðum í Hafnarfjarðarhöfn, er Osaka í Japan. Af því má ráða að Hvalur hf. telji fullreyndar flutningaleiðir þar sem hvalkjötinu er umskipað í Evrópu eða Kanada.

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, vakti á því athygli í umræðum um skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál á Alþingi í vikunni, að fyrir dyrum stæði að Bandaríkjaforseti tæki ákvörðun um refsiaðgerðir gagnvart Íslandi vegna þess að hvalveiðar Íslendinga í viðskiptaskyni minnkuðu skilvirkni samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu. Árni Þór sagði stöðuna alvarlegri en áður þar sem sjávarútvegsráðherra hefði í desember gefið út nýjan fimm ára veiðikvóta á allt að 770 langreyðum. „Til viðbótar hafa borist fréttir þess efnis að fullfermt flutningaskip af langreyðarkjöti frá Hval hf., með um tvö þúsund tonn, sé við það að leggja úr höfn í Hafnarfirði.“

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði stjórnvöld hafa einbeitt sér að því að koma réttum upplýsingum á framfæri við bandarísk stjórnvöld. „En



Í HAFNARFJARÐARHÖFN Flutningaskipið Alma frá Nesskipum er á leið til Osaka í Japan með um tvö þúsund tonn af frosinni langreyði frá Hval hf. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

þetta er áhyggjuefni, ég tek undir það með þingmanninum.“ Gunnar Bragi taldi hins vegar illgerlegt að grípa inn í útflutning Hvals enda væri nýtingarleyfi fyrir hendi. „Ég get ekki séð að við getum grip-ið inn í það með nokkrum hætti.“

Sigursteinn Másson, fulltrúi dýraverndarsamtakanna IFAW á Íslandi, bendir á að Evrópa hafi í fyrRASumar lokast sem flutningaleið fyrir Hval hf. eftir að farmi var snúið til

baka frá Hamborg og Rotterdam. Þá séu flutningar með umskipun í Kanada í hnút. „Nú virðist brugðið á það ráð að uppskipa þessu í einingum, ekki í gámum, með það fyrir augum að fara alla leið.“ Jafnmikið magn af hvalkjöti segir Sigursteinn hins vegar viðbúið að valdi uppnámi á mörkuðum í Japan þar sem eftirspurn sé lítil eftir því. „Alla vega ef á að selja þetta á skómmum tíma.“

ollikr@frettabladid.is

GEFÐU FERMINGARBARNINU SKÖPUNARKRAFTINN

MEÐ GRÆJUNUM FRÁ OKKUR



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 • Reykjavík • s.: 5915340
www.hljodfaerahusid.is

TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 7. Akureyri. s.: 4621415
www.tonabudin.is

SJÁÐU HANN MEÐ EIGIN AUGUM

FÁGUN OG GLÆSILEIKI Í LEXUS Í KAUPTÚNI Í DAG

ISJONSKAVALD.LEX ©2014



RX 450h



GS 450h



IS 300h

KOMDU OG FINNDU KRAFTINN OG LIPURÐINA
Við sýnum nýjan CT 200h og fleiri gerðir af Lexus í Kaupþúni í
dag, laugardaginn 22. mars, kl. 12.00 – 16:00. Komdu, sjáðu
og reynsluaktu hljóðlátum, kraftmiklum og ríkulega búnum
lúxusbílum frá Lexus.

Sjá nánar á lexus.is

STÓRSÝNING

 **LEXUS**
AMAZING IN MOTION

Óhrædd við kerfisbreytingar

Nýr formaður Félags framhaldsskólakennara, Guðríður Arnardóttir, ætlar að koma stéttinni á lygnan sjó í kjaramálum. Sanngjörn krafa að kennarar fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á öllum stigum umræðunnar um breytingar á náminu til stúdentsprófs.

KENNARAR Í KJARABARÁTTU

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ingibjorgbs@frettabladid.is



Þótt fæstir séu beinlínis bjartsýnir þegar kjaradeila er komin í hnút ætlar Guðríður Arnardóttir, nýr formaður Félags framhaldsskólakennara, að leyfa sér að nálgast deiluna af bjartsýni, eins og hún orðar það.

„Ég ætla að hugsa í lausnum en ekki vandamálum. Ég tel að það sé vilji allra sem að borðinu koma. Þótt deilan leysist ekki á einum eða tveimur dögum hef ég trú á því að hún geri það fyrir en seinna. Mikilvægasta verkefnið núna er að leysa þessa deilu og koma stéttinni á lygnan sjó í kjaramálum.“

Ólgu sjór varð þegar stytting framhaldsskólans var kynnt sem hluti af tillögum ríkisins í kjarasamningaviðræðunum við kennara á dögnum. „Ráðherra er ekki bara að stytta námið, heldur setur hann þessar hugmyndir, sem við vitum ekki hversu þróaðar eru, inn sem skiptimynt gegn launahækkun. Ég slæ engar hugmyndir út af borðinu og er óhrædd við breytingar, annars stöðnum við en fyrst byrjar maður á faglegri umræðu. Svo á að taka ákvörðun um kerfisbreytingu. Í framhaldi af því á breytingin, þegar hún hefur verið útfærð, að koma inn í kjaraviðræður.“

Að borðinu á öllum stigum

Faglega umræðan á að vera með þátttöku framhaldsskólakennara, að mati Guðríðar. „Sem faglegur fyrirliði vil ég fá tækifæri til að koma að borðinu á öllum stigum. Þótt við höfum öll gengið í gegnum skólakerfið, og það reyndar mismunandi mikið, þá verður ekki fram hjá því gengið að sérfræðingarnir eru inni í skólunum. Það er sanngjörn krafa að sjónarmið okkar stéttar komi að borðinu.“

Guðríður bendir á að skoða þurfi vandlega alla þætti þegar verið sé að bera skólakerfið hér saman við skólakerfi í öðrum

löndum. „Skólaárið er mismunandi langt í OECD-ríkjunum auk þess sem ekki er alls staðar lágmarkskrafa um ákveðinn árangur við útskrift. Nemendur útskrifast sama hver frammistaðan er. Í Danmörku þurfa nemendur sem hafa útskrifast sem stúdentar til dæmis að fara í aðfaranám í einhverjum tilfellum fyrir ákveðnar háskólagreinar vegna ónógs undirbúnings í framhaldsskóla. Slíkt aðfaranám er ekki alls staðar á vegum hins opinbera. Ég tel víst að við viljum ekki skerða gæði stúdentsprófsins en ef við ætlum að fækka námsárunum þurfum við að lengja skólaárið.“

Ákveðin efnahagsaðgerð

Formaðurinn segir að slíkt yrði ekki bara kerfisbreyting, heldur einnig ákveðin efnahagsaðgerð. „Hún hefði áhrif á fjárhag íslenskra heimila. Við erum með ákveðna samfélagsgerð þar sem atvinnuþátttaka nemenda er mikil. Þeir vinna fyrir bókum og vasapeningum á sumrin og einnig með námi á veturna. Búast má við því að vinnan minnki mikið þegar náminu er þjappað saman. Í Danmörku fá framhaldsskólanemar vasapeninga frá hinu opinbera. Þeir þurfa heldur ekki að greiða fyrir námsbækur.“

Breyting á námsefni hefur verið í umræðunni að undanfögnu. „Kennarar hafa lagt mikinn metnað í gerð námsefnis. Þeir hafa gert það að lið í undirbúningi kennslu að koma námsefni á raf-rænt form. Við þurfum að stór- auka styrki til að nútímavæða námsefni svo ég grípi til orða menntamálaráðherra um breytingu á því.“

Guðríður kveðst leggja áherslu á að umræðan um skólamálin verði yfirveguð. „Menn hafa verið að hengja sig á eitt úrræði og kasta því inn í umræðuna, eins og til dæmis brottfallstölur. Inni í þeim tölum eru nemendur sem hafa skipt um skóla en hafa útskrifast á réttum tíma. Það gleymist að benda á þessa stað-



NÝR FORMAÐUR Guðríður Arnardóttir fer á viðræðufundi hjá ríkissáttasemjara í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


reynd. Það er auk þess fásinna að reikna dæmið, eins og gert var í skýrsu sveitarfélaganna um kostnað vegna brottfalls, að svokallaðir brottfallsnemendur fari á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna.“

Spurð um hvort menntun kennara séu nógu góð segir Guðríður svo vera. „Kennarar eru hæfir og

vel menntaðir en menntun þeirra má ekki staðna. Það er brýnt verkefni að upplýsa almenning um hvað felst í kennarastarfinu. Kennarar eru stétt sem vinnur óreglulegan vinnutíma og vinnur síst minna en aðrar vinnandi stéttir. Við erum ekki bara í sól- böðum á sumrin og í jólabakstri í desember.“

„Ég ætla að hugsa í lausnum en ekki vandamálum. Ég tel að það sé vilji allra sem að borðinu koma.“

Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.



Meistaránám í upplýsingafræði

FJARNÁM / STAÐNÁM þitt er valið

Upplýsingafræði byggir á kunnáttu, eðli og einkennum upplýsinga og þekkingar.

Dæmi um áherslur:

- Upplýsingaöryggi
- Gæða- og þekkingarstjórnun
- Upplýsingahegðun og áhrifaþættir
- Markaðssetning upplýsinga- og skjalastjórnunar
- Rekstur rafrænna gagnasafna og upplýsingakerfa
- Samfélagsmiðlar og upplýsingavefir

MIS í upplýsingafræði (Master of Information Science)

Nám fyrir fólk með grunnám úr öðrum námsgreinum en upplýsingafræði.

MA í upplýsingafræði (Magister Artium)

Nám ætlað þeim sem lokið hafa grunnnámi í upplýsingafræði.

Upplýsingar veita Félags- og mannvísindadeild s: 525 5444 fom@hi.is, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor jg@hi.is, s: 892 4718 og Ágústa Pálsdóttir, prófessor agustap@hi.is, s: 696 5801.

Skráning er til 15. apríl á hi.is - Kíktu á nýtt kynningarmyndband á Youtube: Upplýsingafræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

www.hi.is



LANGFLUG
Þrjár ástralskar P-3C Orion ratsjár- vélar búnar fullkomnum leitartækjum hafa tekið þátt í leitinni að malasísku þotunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umfangsmikil leit að malasísku þotunni í Ástralíu:

Leit flugvéla bar engan árangur í gær

ÁSTRALÍA, AP Leit ástralskra leitar- flugvéla að braki úr malasísku þotunni sem hvarf fyrir rúmum tveimur vikum bar engan árangur í gær.

Leitað var á stóru svæði um 2.500 kílómetra vestur af megin- landi Ástralíu eftir að hlutir sem gætu verið brak úr vélinni sást á gervihnattamyndum sem teknar voru fyrir nokkrum dögum.

Leitarvélarnar eru um fjórar klukkustundir að fljúga frá Ástra- líu á leitararsvæðið og hafa aðeins flugþol til að leita í tvær klukku- stundir áður en þær þurfa að fljúga til baka. Þrjár ratsjávélar tóku þátt í leitinni í gær.

Warren Truss, starfandi forsæt- isráðherra Ástralíu, reyndi að slá

á væntingar til leitarinnar. „Hlut- ir sem flutu fyrir mörgum dögum gætu verið sokknir niður á botn í dag. Það er einnig augljóst að brakið gæti hafa borist hundruð kílómetra á þeim tíma sem er lið- inn frá því það sást.“

Tvær kínverskar leitarvélar og tvær flugvélar frá Japan eru væntanlegar til Ástralíu í dag. Floti skipa er á leiðinni á svæði frá Kína, en nokkrir dagar eru í að skipin geti hafið leit.

Norskt vöruflutningaskip er á svæðinu við leit og fleiri skip hafa tekið stefnuna á þennan afskekktu hluta Indlandshafs í þeirri von að finna eitthvað sem gæti gefið vís- bendingu um hvað varð um týndu malasísku þotuna.

- bj

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur



Hyundai Santa Fe Sparneytinn lúxusjeppi

Hyundai Santa Fe dísil, 197 hestöfl, sjálfskiptur
Verð frá: 7.450.000 kr.

LED fram- og afturljós / LCD mælaborð / regnskynjarar á framúðu
íslenskt leiðsögukerfi / leðuráklæði / bakkskynjarar / panorama glerþak
rafstýrð sæti með minni / aksturstölva

*Máað við uppgæfnar tölu framleiðanda um eldsneyðisnotkun bensínþrútu í 90 l blönduðum akstri

OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12-16

 **HYUNDAI** | NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL

Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

ENNEEM / SIA / NM61797

Loka á Twitter í Tyrklandi:
Notað til að
sýna spillingu

TYRKLAND, AP Tyrknesk stjórnvöld lokuðu fyrir aðgang landsmanna að samfélagsmiðlinum Twitter. Upptökum sem þykja sanna spillingu meðal æðstu ráðamanna þjóðarinnar hefur verið dreift með Twitter.

Forsætisráðherra Tyrklands hótaði því að „rífa upp rætur“ Twitter í Tyrklandi. Upptökur bendla hann auk annarra við spillingu. Þrátt fyrir bann-ið héldu tístin um upptökurnar áfram að berast.

- bj

Talíbanar myrtu níu í skotárás á hóteli í Kabúl í aðdraganda forsetakosninga:
Tvö börn fréttamanns AFP myrt

AFGANISTAN, AP Fjórir byssumenn myrtu níu á hóteli í Kabúl, höfuðborg Afganistan, í gær. Á meðal látinna var afganskur fréttamaður AFP-fréttastofunnar, kona hans og tvö börn. Yngsti sonur hjónanna særðist illa og berst nú fyrir lífi sínu á sjúkrahúsi.

Serena-hótelið er talið einn af öruggustu stöðunum í Kabúl og kom það yfirvöldum mjög á óvart að byssumönnum hafði tekist að komast vopnaðir fram hjá öryggisvörðum hótelsins.

Talíbanar hafa lýst ábyrgð á árásinni á hendur sér. Þeir hafa gert fjölmargar skotárásir í Kabúl síðustu vikur. Stutt er síðan talsmenn þeirra hótuðu að trufla forsetakosningar sem fyrirhugaðar eru í landinu eftir mánuð.

Auk erlendra ríkisborgara var mikill fjöldi Afgana á hótelinu til að fagna persnesku áramótunum.

Árásarmennirnir fjórir féllu allir í þriggja klukkustunda skotbardaga við lögreglu eftir morðin.

- bj



SKOTÁRÁS Lögreglumenn skutu árásarmennina fjóra til bana í þriggja klukkustunda skotbardaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórir sekir um hópnaðgun:
Dæmdir í ævi-
langt fangelsi

INDLAND, AP Dómstóll í Mumbai á Indlandi dæmdi í gær fjóra menn í lífstíðarfangelsi fyrir hópnaðgun. Þeir nauðuguðu konu í yfirgef-inni verksmiðju í fyrria.

Saksóknari í málinu sagði að ákveðið hefði verið að beita þingstu mögulegu refsingu í málinu. Auk þess að nauðga konunni voru mennirnir dæmdir fyrir mannrán og „ónáttúruleg kynmök“. Þrír mannanna hafa verið sakfelldir fyrir að hafa nauðgað annarri konu í Nýju-Delí.

- bj

Sótthreinsimottumars í Rekstrarlandi



Sótthreinsimottur eru ein besta og öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir að smit berist inn í gripahús.

20% af verði á seldum mottum í mars rennur til Krabbameinsfélagsins.



REKSTRARLAND
-léttir þér lífið



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvönduðil Olís og er dótturfyrirtæki Olliverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



SÖKUDÓLGURINN Reykingar eru langstærsti áhættuþátturinn vegna lungnateppu – sem er lífshættulegur sjúkdómur og ólæknandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fer hljótt en veldur örorku og dauða

Einn af hverjum fimm Íslendingum fjörutíu ára og eldri þjáist af einkennum langvinnrar lungnateppu. Fjölmargir komast ekki að því fyrr en of seint.

HEILBRIGÐISMÁL Talið er að 16.000 til 18.000 Íslendingar 40 ára og eldri glími við langvinna lungnateppu (LLT). Einn af hverjum tíu hefur talsverð eða alvarleg einkenni. Sjúkdómurinn er nú fjórða algengasta dánarorsök Íslendinga.

Sjúkdómsbyrðin vegna langvinnra öndunarfærasjúkdóma er álíka mikil og vegna brjóst- og blöðruhálskrabbameins, krabbameins í eggjastokkum og í endaþarmi – samtals.

Þetta kemur fram í skrifum Hans Jakobs Beck, yfirlæknis lungnateymis Reykjalundar, og Guðbjargar Pétursdóttur, hjúkrunar- og teymisstjóra, í nýjsta fréttablaði SÍBS.

Hans Jakob segir að langvinnir öndunarfærasjúkdómar fari hljótt miðað við hversu miklum heilsufarsskaða þeir valda. „Þetta er mikið rætt á alþjóðavettvangi, hversu hulið þetta vandamál er. Fólk ber sjúkdóminn ekki utan á sér fyrr en hann er langt genginn og skýringarinnar er kannski að leita þar,“ segir Hans Jakob og bætir við að rannsóknir hafi sýnt að 18 til 19 prósent fólks 40 ára og eldri uppfylli greiningarskilmærki fyrir sjúkdóminn. Helmingurinn af þeim er á stigi eitt og einkennalaus með öllu. „Hinn helmingurinn er með sjúkdóminn á því stigi að hann

fer að draga úr lífsgæðum fólks og einkenni fara að koma í ljós,“ segir Hans Jakob og bætir við að langvinn lungnateppa sé ólæknandi en þó hægt að halda einkennum niðri með réttri meðferð.



HANS JAKOB BECK

Þegar horft er til aukinnar dánartíðni hérlandis af völdum lungnateppusjúkdóma verður að hafa hugfast að margir af fjölmennustu árgöngum þjóðarinnar, fólk fætt á árunum 1950 til 1965, er að komast á þann aldur sem sjúkdómarnir leggja á fólk. Því má búast við því að næstu tíu til tuttugu árin muni ástandið verða alvarlegt, áður en samdráttur í reykingum síðustu ára fer að segja til sín í fækkun sjúkdómstilfella.

Mikill árangur hefur náðst í baráttunni við hjarta- og æðasjúkdóma á undanförunum árum, en lungnasjúkdómar eru ekki ofarlega í huga fólks. Þessu er full ástæða til að breyta að sögn Hans Jakobs. Þá sé eftir að minnast á þjóðfélagslegan kostnað, en lungnalyf vega sífellt meira í heildarlfjakostnaði þjóðarinnar.

svavar@frettabladid.is

Ein helsta dánarorsökin á Vesturlöndum

- Langvinn lungnateppa er orsök bróðurparts langvinnra öndunarfærasjúkdóma almennt.
- Langvinn lungnateppa (LLT) er samheiti yfir tvo sjúkdóma, lungnapembu og langvinna berkjubólgu. LLT er nú orðin 6. algengasta dánarorsökin á Vesturlöndum.
- Byggt á tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um langvinna lungnasjúkdóma kemur í ljós að sjúkdómarnir eru orsök um 5 prósent af heilsufarsskaða Íslendinga, hvort heldur mælt er í ótímabærum dauða eða árum lifuðum með örorku.
- Helsta orsökina er reykingar.
- Aukna dánartíðni af völdum lungnateppusjúkdóma hérlandis má rekja til þess að stór hópur reykingamanna er nú að ná þeim aldri þegar sjúkdómurinn leggst á fólk, en fólk fætt á árunum 1950 til 1965 er meðal fjölmennustu árganga þjóðarinnar.

Heimild: HL stöðin [hlstodin.is]

Flottar fermingargjafir

Trú, von og kærleikur – okkar hönnun

jonogoskar.is

Sími 5524910

Laugavegi 61

Kringlan

Smáralind



SEGULMAGNAÐ AÐDRÁTTARAFL

NÝR VOLVO S60 FRUMSÝNDUR Í DAG MILLI KL. 12-16

Brimborg frumsýnir Volvo S60, sportlegan Skandinava, með glænýrri D4 Drive-E vél frá Volvo. Lág eyðsla og óhemju mikið afl. Samsetning sem er mjög eftirsótt en hefur ekki verið fáanleg hingað til.

181 hestafl, 8 þrepa sjálfskipting, 400 Nm tog, 7,4 sek. frá 0-100 km/klst, CO₂ losun aðeins 109 g/km og 4,2 l/100 km eyðsla í blönduðum akstri.

Já, þú last rétt. Þetta eru ótrúlegar tölur. Gildi sem hafa ekki sést áður!

NÝR VOLVO S60 R-DESIGN.
HANNAÐUR AF ELDMÓÐI.



VOLVO S60 D4 DRIVE-E 181 HÖ
BEINSKIPTUR FRÁ 5.990.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 6.690.000 KR.

NÝJA D4 DRIVE-E VÉLIN ER EINNIG FÁANLEG
Í VOLVO V60, VOLVO S80 OG VOLVO V70
VOLVO.IS

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO S60 MEÐ NÝJU D4 DRIVE-E VÉLINNI FRÁ VOLVO

LÁG EYÐSLA OG ÓHEMJU MIKIÐ AFL. GILDI SEM HAFI EKKI SÉST FYRR.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | volvo.is

Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. CO₂ 99 g/km.
Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 8 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,2 l/100 km. CO₂ 109 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



4 DAGAR
KOMDU NÚNA

DALLAS
Barstóll

A black leather bar stool with a chrome base and a red circular logo at the bottom left. The stool has a high back and a swivel base. The red logo is partially visible at the bottom left corner.

ANDREW
örösfüstóll

A black plastic chair with a high back and a curved seat. At the base of the chair, there is a red and white striped circular object, possibly a stool or a decorative element, with a white cord or rope tied around it.

KRÓNUR

Hornsófi með tungu

KRÓNUR



A large, minimalist black and white clock face with Roman numerals and a red circular graphic on the left. The clock face is composed of two concentric circles with a central black dot. The hour markers are represented by Roman numerals, with some stylized variations. A red circular graphic on the left contains the text "D!" in a bold, sans-serif font. The overall design is clean and modern.

– KOMDU NÚNA –

TAXFREE DAGAR

20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

– AÐEINS Í 4 DAGA – FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS–

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

DC 3600 – 3JA SÆTA SÓFI



KENYA
hægindastóll
Grátt og blátt slitsterkt áklæði.



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili

Utanríkisráðherra gerir vel í að heimsækja Úkraínu:

Nýi bandamaðurinn kvaddur

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tók rétta ákvörðun þegar hann afréð að fara í opinbera heim-sókn til Úkraínu, sem hófst í gær. Það skiptir máli að íslenzk stjórnvöld tjái alveg skýrt stuðning sinn við baráttu stjórnvalda í Kænugarði gegn yfirgangi Rússa.

Gunnar Bragi hefur á undanförnum dögum jafnframt ákveðið að taka þátt í refsí- og þvingunaraðgerðum vestrænna ríkja gegn Rússlandi. Þannig mun Ísland taka þátt í aðgerðum Evrópusam-bandsins, sem fela meðal annars í sér ferðabann á rússneska og úkraínska embættismenn sem tengdir eru innlimun Rússa á Krímskaga.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ísland á sömuleiðis aðild að gagnrýni NATO á aðgerðir Rússa í Úkraínu og hefur ásamt hinum EFTA-ríkjunum ákveðið að setja í frost viðræður um fríverzlun við tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kazakstan.

Með þessu sýnir utanríkisráðherrann ekki einvörðungu stuðning við stjórnvöld í Úkraínu, heldur hefur hann – á þessu sviði að minnsta kosti – tekið forystuhlutverkið um mótun utanríkisstefnunnar af forseta Íslands, sem hefur verið eindreginn talsmaður nánari samskipta við Rússland á öllum sviðum.

Forsetinn hefur verið gagnrýndur fyrir orð sín á ráðstefnu um norðurslóðir í Bodø í Noregi, þar sem hann setti ofan í við norska aðstoðarutanríkisráðherrann eftir að sá síðarnefndi skammaði Rússa fyrir innrásina á Krímskaga. Sú gagnrýni er að sumu leyti ósanngjörn, því að forsetinn hefur mikið til síns máls. Það hefur verið ákveðið prinsipp í norðurskautssamstarfinu að halda deilum um alþjóðamál utan þess og einblína á sameiginleg hagsmunamál heimskautsríkjanna. Það er því talsvert til í því hjá Ólafi Ragnari að norðurslóðaráðstefnan hafi ekki verið réttur vettvangur til að ræða yfirgang Rússa í Úkraínu.

Samstarfsríki Rússlands í Norðurskautsráðinu, Ísland þar með talið, hljóta hins vegar að hugsa sinn gang vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Það er sjálfsagt mál að reyna að halda samskiptum á vettvangi Norðurskautsráðsins á jákvæðum nótum eins lengi og hægt er. En ef þjóðremba og yfirgangur Rússa fara einnig að birtast á þeim vettvangi, er enginn grundvöllur lengur fyrir þeim jákvæðu samskiptum.

Forseti Íslands hefði sennilega ekki verið skammaður eins mikið fyrir framgöngu sína í Bodø ef hann hefði – á réttum vettvangi – gagnrýnt framgöngu Rússa í Úkraínu. Forsetinn hefur lengi tjáð sig svo frjáltslega um utanríkismál að enginn tæki óstinnt upp þótt hann segði sína skoðun á yfirgangi Rússa við nágrannaríkið. Því mætti gjarnan fylgja greining á því hvernig helzti talsmaður nánari tengsla Íslands við Rússland sér fyrir sér samband ríkjanna eftir atburðina á Krímskaga.

Ríkisstjórnin, undir forystu Gunnars Braga, stendur réttilega með öðrum vestrænum ríkjum í því að fjarlægjast Rússland og gagnrýna framferði þarlendrar ráðamanna gagnvart Úkraínu. Hvað finnst hinum mótanda utanríkisstefnunnar, þessum á Bessastöðum, um framgöngu nýja bandamannsins?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



JBL Cinema SB200



HELSTU KOSTIR

- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu



VERÐ 59.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SIÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Stærsti skaðinn

Fjármálaráðherra birti í vikunni greinargerð um framgang stríðsins við fjármagnshöftin. Hún segir það helst að tíðindalítið er af þeim vígstöðvum. En hitt er spauglaust íhugunarefni að í greinargerðinni er staðfest að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvað í nóvember á síðasta ári að hætta þátttöku í starfshópi um losun fjármagnshafta.

Í aðildarviðræðunum féllst sambandið á að fela hópi sérfræðinga að kanna hvernig losa mætti um fjármagnshöftin. Seðlabanki Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áttu einnig aðild að þessari vinnu



en forystan var á hendi Íslands.

Engar skuldbindingar voru gefnar fyrirfram um aðkomu þessara aðila að lausn gjaldeyrishaftaklípunnar. En hitt gat engum dulist að með því að fallast á að skoða málið með þessum hætti voru framkvæmdastjórnin, evrópski seðlabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að viðurkenna þá sérstöðu Íslands sem nú er Þrándur í Götu frjálsra viðskipta við umheiminn og fjármálastöðugleika.

Fyllsta ástæða er til að ætla að þetta þríeyki hafi gert sér grein fyrir að það kynni að þurfa að koma að lausn þessa vanda ef Ísland tæki að viðræðum loknum ákvörðun um inngöngu. Alltént var augljóst að aðkoma þess væri ekki útilokuð færi svo. Starfshópurinn var því afar mikilvægur.

Þegar hann er lagður niður er að sama skapi ljóst að kostir Íslands þrengjast til muna. Þetta er sennilega einn stærsti skaðinn sem hlotist hefur af Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar að svo komnu máli. Menn axla mikla ábyrgð þegar þeir láta þröngsýni í utanríkismálum loka slíkum leiðum.

Engin lausn í sjónmáli

Í þessu falli getur enginn skákað í skjóli landsfundar Sjálfstæðisflokksins. Hann samþykkti nefnilega mjög skýra ályktun um að óvíst væri að krónan dygði til frambúðar og kanna yrði aðra kosti með gjaldmiðil.

Eigi að síður hefur utanríkisráðherra haldið þannig á Evrópumálunum að búið er að leysa upp alþjóðlegan starfshóp sem hafði þetta brýnasta úrlausnarefni íslenskrar hagstjórnar til skoðunar. Með því var gyrt fyrir raunhæfustu leiðina til að sjá aðra möguleika í gjaldmiðils-

málum. Því verður trauðla trúað að það hafi verið gert með glöðu geði þeirra sem kjörnir voru til að framfylgja landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins.

Greinargerð fjármálaráðherra staðfestir það sem lengi hefur verið vitað að engin skjót lausn er í sjónmál á kreppu haftanna.

Annars vegar dregur greinargerðin upp skýra mynd af þeim skuldbindingum sem við blasa um greiðslur opinberra aðila og einkaaðila í erlendum gjaldeyri á næstu árum. Hún sýnir að fjármálastöðugleiki án einhvers

konar hafta er útilokaður, að minnsta kosti út þennan áratug. Draumar um annað verða að bíða þess að komið verði fram á þriðja tug aldarinnar.

Hins vegar er grein gerð fyrir þeim haftareglum sem taka eiga við þegar losað verður um núverandi reglur. Haftáurræðunum verður fjölgað og þau fá ný nöfn. Þetta þarf ekki að þýða að metnaðarleysi hafi leyst háleit kosningamarkmið af hólmi. Þessi kaldri veruleiki hefur alltaf verið ljós ef þeim leiðum yrði hafnað sem nú er verið að eyðileggja.

Aflétta á leynd

Þær fimm nýju tegundir hafta, hraðahindrana og varúðarreglna, sem greinargerðin skilgreinir, eru í samræmi við það sem Seðlabankinn nefndi í tíð vinstri stjórnarinnar: 1) Nýjar reglur um laust fé og gjaldeyrisjöfnuð. 2) Takmörkun á söfnun innlána erlendis. 3) Bann við gjaldeyrislánnum. 4) Skattur á fjármagnsflutninga. 5) Áframhaldandi bein höft á lífeyrissjóðina.

Reglum af þessu tagi má vita-skuld beita með mismiklum þunga. Þær geta eftir atvikum leitt til minni takmarkana en nú eru en líka meiri. Aðalatriðið er að króna

án allra hafta er handan við þá vídd sem augað eygir.

Núverandi haftareglur samrýmast heimildum í samningnum um evrópska efnahagssvæðið um tímabundnar neyðarráðstafanir. Þegar nýju reglurnar hafa verið lögfestar verður komin varanleg skipan þessara mála sem ekki verður séð að samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til frjálsra fjármagnsflutninga á svæðinu þó að þær kunni að einhverju marki að gera það.

Ætla verður að utanríkisráðherra hafi þegar átt ítarlegar viðræður við Evrópusambandið, Noreg og

Liechtenstein um þessa stöðu og hvernig hann telur að laga megja hana að reglum innri markaðarins. Engin rök eru fyrir því að halda þeim tillögum leyndum. Hafi slíkar viðræður aftur á móti ekki átt sér stað væri það óafsakanlegt kæruleysi.

Áður en tillaga um slit á aðildarviðræðunum verður afgreidd úr þingnefnd hlýtur utanríkisráðherra að birta þær hugmyndir sem hann hefur til lausnar á þessum vanda. En á meðan leynd hvílir yfir þeim úrræðum er framtíð Íslands á Evrópska efnahagssvæðinu í uppnámi og stjórnarstefnan spurningamerki.

Kringlukast

40%
AFSLÁTTUR

JAKKAFÖT

PETER VAN HOLLAND

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

VERÐ ÁÐUR KR. ~~69.980~~

VERÐ NÚ KR. 41.988

40%
AFSLÁTTUR

ÚTIJAKKAR

FINUCCI
collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~49.980~~

VERÐ NÚ KR. 29.988

40%
AFSLÁTTUR

PEYSUR

FINUCCI
collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~14.980~~

VERÐ NÚ KR. 8.988

2

fyrir eina

SKYRTUR

FINUCCI
collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~29.960~~

VERÐ NÚ KR. 14.980

VERÐ ÁÐUR KR. ~~39.960~~

VERÐ NÚ KR. 19.980

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234

nýtt kortatímabil

VISA

MasterCard

Árangurstengdar greiðslur til kennara eru tímaskekkja!

Í viðtali í Fréttablaðinu 20. mars um árangur nemenda í skólum lýsir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að birta fleiri niðurstöður um árangur nemenda til að bæta skólastarf, það sé tímaskekkja að gera það ekki. Af ummælunum má skilja að Þorbjörg Helga vilji tengja saman laun kennara og árangur nemenda eða úthlutun á fjármagni til skóla við árangur skólans – að ákvarðanir um hærri launapotta þurfi að réttlæta með birtingu gagna um árangur. Þetta er rökstutt með tilvísan í PISA-rannskönnir.

- Það er margt að athuga við það sem þarna kemur fram og að mínu mati óskiljanlegt hvernig draga má þessa ályktun út frá niðurstöðum PISA. Reyndar tel ég þær tillögur sem Þorbjörg setur fram beinlínis vinna gegn góðu skólastarfi því margir samverkandi þættir hafa áhrif á námsárangur barna – árangurstenging launa er ekki einn af þeim. Ég dreg hér fram meginrök í fimm liðum.
- Félagslegur bakgrunnur nemenda hefur sterkustu tengslin við árangur, skiptir þar mestu viðhorf foreldra til menntunar sem og væntingar þeirra til barna sinna.
- Það er margt sem bendir til að grunnur sem lagður er í leik-

MENNTUN



Anna Kristín Sigurðardóttir
lektor við Mennta-
vísindasvið Háskóla
Íslands

skóla og í fyrstu bekkjum grunnskóla hafi áhrif á árangur (t.d. á læsi) við lok grunnskóla. Líta má á árangur við lok grunnskóla sem afkastur af 10–14 ára námsferli nemandans í leik- og grunnskóla. Á þetta er bent m.a. í skýrslum um PISA 2012.

■ Margoft hefur verið bent á að það að beintengja laun einstakra kennara við árangur nemenda sé bæði rangt og órökrétt (sbr. það sem nefnt er hér að framan). Margir kennarar koma að kennslu hvers barns í gegnum alla skólagönguna.

- Bestu skólakerfi heims eru þau sem leggja áherslu á jöfnuð þannig að félagsleg staða nemenda hafi ekki áhrif á möguleika þeirra til góðrar menntunar. Árangurstenging launa ógnar þessu þar sem hætt er við að börn sem eru líkleg til að fá lágar einkunnir verði ekki velkomin í viðkomandi skóla.
- Samstarf innan skóla og á milli skóla hefur sýnt sig að vera sterkur áhrifaþáttur við mat á gæðum og árangri. Fagfólk vinnur saman að því að finna bestu lausnirnar og miðlar þekkingu og hugmyndum. Góður árangur er háður því að næsti kennari, skóli eða skólastig vinni líka vel. Það að etja skólum saman hverjum

→ Birting á niðurstöðum um árangur nemenda mun á engan hátt stuðla að bættu skólastarfi og því síður tengsl launa eða fjármagns við árangursmælingar. Slíkt er tímaskekkja...

gegn öðrum í samkeppni um fjármagn vinnur gegn slíku samstarfi og þar með mikilvægum möguleika til að efla skólastarf.

Við þetta má bæta varnaðarorðum um hvernig megi eða megi ekki túlka niðurstöður ýmissa alþjóðlegra rannsóknna. Skólafræðingarnir Hargreaves og Shirley (2012) taka saman einkenni á þeim skólakerfum sem hafa komið hvað best út í alþjóðlegum samanburði, í bók sinni *The Global fourth way*. Aukin samkeppni og samanburður milli kennara eða skóla er ekki þar á meðal. Þvert á móti leggja bestu skólakerfin áherslu á jöfnuð og góða kennsluhætti fyrir alla nemendur.

Birting á niðurstöðum um árangur nemenda mun á engan hátt stuðla að bættu skólastarfi og því síður tengsl launa eða fjármagns við árangursmælingar. Slíkt er tímaskekkja og tíðkast ekki í þeim skólakerfum sem koma best út í alþjóðlegum samanburði.

Ekki flókið verkefni

Það þarf ekki að setja forseta Íslands flóknar eða viðamiklar reglur um hvernig hann höndlar utanríkismál Íslands á erlendum vettvangi, þvert ofan í orð Össurar Skarphéðinssonar. Gildandi stjórnarskrá, virðing fyrir þverpólitísku hlutverki talsmanns þjóðarinnar, almenn skynsemi og samstarf við utanríkisráðuneytið dugar nógu vel. Sé þessu blandað saman á hlutlægan hátt blasir við hvað forseti segir á alþjóðavettvangi um einstök stefnumál sem sitjandi ríkisstjórn hefur afgreitt – eða fyrri ríkisstjórnir – hafi sú nýjasta ekki breytt út af fyrri og ríkjandi stefnu.

FORSETINN



Ari Trausti Guðmundsson
var meðal fram-
bjóðenda til
forsetakjörs 2012

Hann útskýrir þau og minnir á að þar sé um að ræða samþykkt afstöðu ríkisstjórnar og Alþingis. Hann fer gjarnan yfir deilur og ólík sjónarmið innanlands ef því er að skipta, eða segir frá því að um stefnuna ríki sátt í meginatriðum. Ef á hann er gengið með hans eigin skoðun útskýrir hann hlutverk forseta sem ekki felst í stefnumótun utanríkismála heldur sé það nær því að ýta undir umræður og ákvarðanir í utanríkismálum jafnt sem öðrum málaflokkum.

Vissulega hefur forsetinn málfrælsi, eins og utanríkisráðherra bendir á. Hann hefur mörg tækifæri til að velta upp ólíkum skoðunum, jafnt sínum sem öðrum, en hann veit hvenær slíkt á við og hvenær ekki. Hann leggur ekki persónulega skoðun sína á umdeildum málum fram á alþjóðafundum, í erlendum fréttaviðtölum um Ísland eða heimsmálum eða opinberum heimsóknunum.

Til þessa fást margvísleg önnur tækifæri.

Rangar hugmyndir

Hugmyndir um sérstaka utanríkisstefnu forseta Íslands eru rangar. Þess vegna vakti það athygli (og ég andmælti því) þegar sitjandi forseti sagði sem svo fyrir síðustu kosningar að æskilegt teldist að samhljómur væri með utanríkisstefnu forseta og ríkisstjórnar. Þar kom glögg

fram að hann lítur öðrum augum á sitt silfur en margur maðurinn og alveg örugglega meirihluti Alþingis.

Sérhverjum forseta Íslands verður stundum boðið að halda ræðu um norðurslóðamálefni á háskóla-ráðstefnum eða mannamótum þar sem hinir skipuðu fulltrúar Íslands í Norðursheimskaútsráðinu eða skyldum stofnunum eru ekki formlegir þátttakendur, eða að minnsta kosti ekki virkir ræðumenn. Hann heldur sína ræðu og skýrir stefnu landsins í málefnum norðurslóða, setur fram hugmyndir um úrbætur eða nýjungar, viðrar ef til vill gagnrýni sem heyrst hefur eða hvaðeina sem hann getur fært almenn rök fyrir. Hann tekur þátt í umræðum ef til þess er ætlast.

Komi að því að einhver sambærilega boðinn ræðumaður setur fram skoðun sem forseta líkar ekki, er ekki sjálfgefið að hann mótmæli þeim. Þar kemur til álita að segja ekkert, upplýsa um stefnu Íslands ef það á við eða vísa til skipaðra landsfulltrúa. Þegar allt kemur til alls gildir að forseti Íslands er talsmaður og verjandi þorra landsmanna en ekki sjálfs sín.



RENAULT CLIO RS – CUP CHASSIS

Vél: 1,6 Turbo 147 kW/200 hestöfl og 240 Nm við 1,750 snúninga á mínútu
„Dual Clutch Race“ kúpling, 6 girar með þremur akstursstillingum *Normal*, *Sport* eða *Race*
18“ álfelgur - Rafstýrð driflæsing - „Launch Control“ - RS sportsæti - RS innrétting með lituðum saumum og sætisbeltum - 7“ fjölmiðlunarlitaskjár - Hljómtæki með „Arkamys 3D sound“ og Renault „Bass Reflex“ hátalara- „Bluetooth“ - Lyklalaust aðgengi - Handfrjáls símabúnaður.

Verð 4.990.000 kr.

*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12–16



ERT ÞÚ MEÐ HUGMYND?

Nýsköpunarverkefnið Startup Reykjavík er að fara af stað í þriðja sinn. Allir sem eru með snjalla nýsköpunarhugmynd geta sótt um. Tíu bestu hugmyndirnar verða valdar og fá aðstandendur þeirra vinnuaðstöðu, 2.000.000 kr. í hlutafé frá Arion banka og 10 vikna þjálfun hjá mentorum.

Verður þín hugmynd með í ár?

Umsóknarfrestur til 30. mars.

Skráning og nánari upplýsingar á arionbanki.is.



Startup

Reykjavík

Arion banki
Innovit
Klak

boran Distillery
brúin og framleiðsla fyrsta flokks,
einmalts vискis til útfutnings.





Porgeir Tryggvason,
texta- og hugmyndasmiður
Hálfvitahelgi

Verð í vinnubúðum með Ljótu hálfvitunum í Arnarholti í Stafholtstungum. Vonandi líta Sigurður frá Arnarholti og Snorri Hjartar til með okkur þar sem við æfum og semjum á þeirra heimavelli. Svo skrepp ég til borgarinnar á stjórnarfund í Bandalagi Íslenskra leikfélaga sem á undir högg að sækja eins og önnur menningarfélög þessa dagana.



Erla Björk Örnólfsdóttir,
skólameistari á Hólum
Hestasýning

Ég ætla að horfa á skilasýningu nemenda Hólaskóla á hestum sem þeir hafa verið með í tamningu í vetur og eru að skila af sér til eigenda.



Jón Atli Jónasson,
ríthöfundur
Skrifa, skrifa

Ég ætla að liggja yfir bókinni sem ég er að ljúka við til útgáfu núna í vor. Það er spennusaga.



Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir,
markaðsfulltrúi
Matarboð og sæla

Í kvöld fer ég í matarboð til vinahjóna okkar en þar verður pottþétt stuð. Sunnudagur er svo til sælu með fjölskyldunni. Sem sagt, nokkuð róleg helgi.

**FARÐU
HLUSTAÐU
LESTU
HORFÐU...**



Á SKIPTIDÓTAMARKAÐ á vegum ungmennaráðs Unicef í Reykjavík á morgun milli 14.30-16.30 í Borgarbókasafninu á Tryggvagötu. Einnig er markaður haldinn á Glerártorgi á Akureyri í dag milli 13 og 17.



Á LAGIÐ Salt með sveitinni Mammút sem nýverið var valið lag ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum.



BÓKINA HEIÐUR eftir tyrknesku skáldkonuna Elif Shafak. Mögnuð skáldsaga um myrkustu hliðar ástar og trúar.



Á LEIKRITID Ferjuna eftir Kristínu Marju Baldursdóttur sem var frumsýnt í Borgarleikhúsinu í gær. Hildur Berglind Arndal, Halldór Gylfason og Katla Margrét Þorgeirsdóttir eru meðal leikara.

Bardagalistir eins og myndlist

Auður Ómarsdóttir opnar sýningu í Kunstschlager í kvöld. Hana dreymir um leiklistarferil og stundar MMA af kappi ásamt Gunnari Nelson, kærasta sínum. Pau eiga svo von á litlum strák í sumar.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

„Ég fékk bæði inni í myndlist og fatahönnun á sínum tíma en ég valdi myndlistina, eða öllu heldur valdi myndlistin mig,“ segir Auður Ómarsdóttir, en hún er listamaður vikunnar í galleri Kunstschlager á Rauðarárstíg og opnar sýningu þar í kvöld klukkan átta. „Ég geri málverk og teikningar, innsetningar með skúlptúrum, vídjóum og gjörningum. Ég skapa mikið innan frá, en sækji einnig innblástur til mismunandi tíðni-sviða, hreyfinga, minninga og náttúrunnar. Litir í mexíkóskri víðáttu, bardagalistir og sköpun lífs hafa haft mest áhrif á myndlistina þessa dagana,“ heldur hún áfram.

„Svo hefur leiklistin alltaf verið leyndur draumur, en ég fékk aðalhlutverk í kvikmynd Marteins Þórssonar, XL, á móti Ólafi Darra. Það var mikill heiður að fá að vinna með þeim listamönnum, en ég varð yfir mig ástfangin og hætti snögglega við þar sem örlögin leiddu mig í aðra átt,“ útskýrir Auður, en hún er kærasta bardagakappa Gunnars Nelson, og þau eiga saman von á strák í sumar. En Gunnar er ekki einn um það að stunda MMA á heimilinu. „Bardagalistir eru eins og myndlist, maður getur upplifað fullkomnið frelsi innan hvors tveggja, líkamlegt og andlegt. Þú ert alltaf að læra og verða betri og að finna leiðir sem henta þér betur, en á sama tíma staddur í algjörrri óvissu og spuna. Í slíku sköpunarflæði finnur maður fyrir miklu sjálfstæði sem einstaklingur og það er góð tilfinning,“ segir Auður.

Hún er stolt af galleri Kunstschlager. „Það er vöntun á sýningarrými í Reykjavík og því er frábært að listamannarekin gallerí eins og Kunstschlager séu til. Sorglegt er þó að slík rými hafa sjaldan langan líftíma, sökum peninga-



LANGAR AÐ LEIKA Auður fékk aðalhlutverk í XL eftir Martein Þórsson, en varð yfir sig ástfangin og örlögin leiddu hana annað.

skorts. Það er brjálað að gera hjá þessum galleríum því við Íslendingar eigum svo mikið af listamönnum, ég legg til að opna skuli tómu rýmin í miðbænum og að þeim sé breytt í gallerí. Það er mjög aktif myndlistarsena á Íslandi og það er frábært að taka þátt í henni,“ útskýrir Auður, en hún hefur tekið þátt í fjölda sam-sýninga, haldið eina einkasýningu og stefnir á að fara í haust til Akureyrar með Snorra Ásmundssyni og sýna þar

stóra sýningu, með lítið barn á mjöðminni.

„Við Snorri vinnum mikið saman. Við fórum saman til Mexíkó í lok síðasta árs til þess að taka þátt í listahátíð hinna dauðu. Ég kom fyrst til Mexíkó með listamanninum Spencer Tunick sem aðstoðarmaður hans. Hann tók myndir af nöktum mexíkóum milli kaktusanna. Þá varð ég fyrir andlegri vakningu og varð að heimsækja landið aftur,“ segir Auður að lokum.

” Bardagalistir eru eins og myndlist, maður getur upplifað fullkomnið frelsi innan hvors tveggja, líkamlegt og andlegt.

Hvað? Myndlistsýning
Hvar? Kunstschlager, Rauðarárstíg
Hvenær? Klukkan 20

Hversu lengi áttu að leggja þig til að ná heilahvöld?

Það getur verið ómissandi fyrir heilann að fá hvíld yfir daginn. Það er þó misjafnt hversu lengi er hollt að leggja sig svo að heilinn nái að endurhlaða sig. Tímaritið Wall Street Journal tók saman tímasetningar blunda og hvað við græðum á því að leggja okkur í dagsins önn.

10-20 mín.

Góður tími til að taka kraftblund, sem er tilvalinn til þess að skerpa athygli og auka orku. Eftir þennan tíma er auðvelt að vakna á ný, hressari en fyrir blund.

30 mín.

Sumar rannsóknir sýna að svona langur tími getur valdið smá slappleika og dofa í allt að þrjátíu mínútur áður en endurnærandi tilfinning blundsins kemur fram.

60 mín.

Svona langur blundur er góður fyrir heilann til að muna staðreyndir, andlit og nöfn.

90 mín.

Á þessum tíma nær líkaminn fullri hvíld og fer á draumastigið. Eftir svona langan blund er enginn slappleiki þegar maður vaknar heldur er heilinn endurnærður.



JOOP!

bruno banani
NOT FOR EVERYBODY

elegante
bed linen fashion

CONFORM®

QUILTS OF
DENMARK

Charlotte & Julien
Dream your world™

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

EKKI
MISSA AF
ÞESSU

..... 20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

TAX FREE DAGAR

LOKA-
DAGUR
Í DAG

.....
AÐEINS Í 3 DAGA
.....

– FIMMTUDAG – FÖSTUDAG – LAUGARDAG –




Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Betra Bak.

Draumarnir hamast við að rætast

Kristín Eysteinsdóttir tekur formlega við starfi Borgarleikhússtjóra á mánudaginn. Hún segir þetta algjört draumastarf sem hún hlakki mjög til að takast á við. Annar draumur rættist fyrir átta mánuðum þegar dóttirin Día fæddist, en Kristín og kona hennar, Katrín Oddsdóttir, höfðu reynt að eignast barn í sex ár. Það er óhætt að segja að hamingjan sé henni hliðholl.

Fríðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Kristín er í óða önn að koma sér fyrir á skrifstofu leikhússtjórans og segist varla geta beðið eftir að taka til starfa. Daginn sem viðtalið er tekið hafa borist fregnir af því að forveri hennar, Magnús Geir Þórðarson, hafi byrjað feril sinn sem útvarpsstjóri með því að segja upp framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins, hyggst Kristín fylgja fordæmi hans og hreinsa til í efstu lögum leikhússins? „Það er óhjákvæmilegt að nýju fólki fylgi einhverjar breytingar og allir staðir, sérstaklega leikhús, þurfa að vera á hreyfingu. Stöðnun þýðir að við erum ekki á réttri leið. Ég er að skoða allt með opnum huga og meta hvað ég þarf að gera, þannig að það mun bara koma í ljós á seinni stigum hvaða breytingar verða gerðar.“

Hversu mikið vald hefur leikhússtjórnin? „Leikhússtjórnin hefur yfirumsjón með öllum ráðningum, listrænni stefnu og í raun allri stýringu hússins þannig að hann hefur mjög mikið vald ef maður skoðar það þannig. Hann starfar auðvitað í umboði stjórnar en stjórnin hefur í sjálfu sér ekkert að gera með listrænar ákvarðanir. Hér starfar líka verk-efnavefnd og ég hef setið í henni síðastliðin ár sem fastráðinn leikstjóri. Við höfum haft það fyrir reglu að fá alla fastráðna leikara til að lesa yfir þau verk sem koma til skoðunar og skila inn sínu álit. Mér finnst sú nálgun mjög spennandi því heildin hugsar alltaf mun sterkar en einhver einstaklingur. Ég held að það sem skipti mestu máli í þessu starfi sé að hlusta á fólk, vera opinn fyrir hugmyndum og virkja mannauðinn sem liggur í þessu húsi. Það er ótrúlega margt skapandi fólki hérna og ég vil að hópurinn upplifi að hann hafi áhrif á það sem við erum að gera.“

Það hefur hlaupið mikill kippur í umræðu um leikhús og stefnu þeirra að undanförmu, er það jákvæð þróun? „Já, það finnst mér. Við höfum svo litla hefð fyrir faglegri umræðu um leikhús og alltof algengt að fólk hlaupi í skotgrafirnar og stilli stofnanaleikhúsunum upp sem andstæðingum grasrótarinnar sem skilar okkur ekkert áfram. Sú umræða steypir bæði stofnanaleikhúsunum og grasrótnni í eitthvert fast mót, en mér finnst miklu áhugaverðara að brjóta þetta upp og blanda saman. Ég er mjög spennt fyrir því að taka sprotana meira inn í Borgarleikhúsið og opna fyrir það samtal. Við munum auðvitað halda áfram að vera með breitt litróf og gera stórar fjölskyldusýningar en mér finnst spennandi að kanna hvað við getum farið langt í hina áttina líka. Ég vil efla leikritun og frumsköpun, að sýningar séu búnar til frá grunni og geti brugðist við samfélaginu hér og nú.“

Ætlaði að verða söngkona

Þótt Kristín hafi mikla ástríðu fyrir leikhúsinu þá átti hún sér allt aðra drauma á yngri árum. Hvaðan kemur hún og hvernig lá leiðin í leikhúsið? „Ég er alin upp á Seltjarnarnesi, gekk í grunnskóla þar og fór síðan í Kvænaskólann. Ég var alltaf mikið í tónlist, var í hljómsveit og spilaði á gítar, var í klassísku söngnámi og ætlaði mér alltaf að verða tónlistarmaður. Gaf út plötuna Liti þegar ég var 21 árs, tíu frumsamin lög með eigin textum. Platan fékk góðar viðtökur og var valin ein af plötum þess árs af gagnrýnendum. Ég var auðvitað mjög ung en það er margt á þessari plötu sem ég er mjög stolt af enn í dag. Ég sýng líka og spilaði með hljómsveitinni Rokkslæðum, enda ætlaði ég alltaf að verða söngkona, en fór samt í nám í bókmenntafræði eftir stúdentspróf. Þar tók ég einn leikhúsfanga sem kveikti áhugann á leiklistinni og ég ákvað að fara í nám í leikhúsfæðum, eða dramatúrgíu, í Árósum, þar sem hún var ekki kennd hér. Fjörutíu prósent af því námi var verklegt þannig að við rákum okkar eigið leikhús og settum upp sýningar. Ég leikstýrði lokasýningunni hjá mínum árgangi og þá varð ekki aftur snúið. Ég kom heim og fór að vinna sem aðstoðarleikstjóri í Þjóðleikhúsinu og lærði alveg ótrúlega mikið á því. Vann sem dramatúrg og aðstoðarleikstjóri úti um allt í fimm ár og fór svo í mastersnám í leikstjórn 2006 til London. Eftir að ég útskrifaðist úr því var mér boðið að setja upp verk í Þjóðleikhúsinu sem heitir Sá ljóti. Sú sýning gekk framar vonum og ég hlaut í kjölfarið Grímuna sem leikstjóri ársins fyrir hana. Þetta var mín fyrsta sýning í stóru leikhúsinu og



HIN FULLKOMNA FJÖLSKYLDA
Kristín og Katrín með langbráða barnið Dínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

það var ótrúlega hvetjandi að fá þessa viðurkenningu sérstaklega í ljósi þess að ég og leikhópurinn fórum mjög afgerandi leið í þessari sviðsetningu. Í kjölfarið setti ég upp Rústað hér í Borgarleikhúsinu og fékk fastráðningu sem leikstjóri upp úr því. Hef síðan sett upp tvö verk á ári auk þess að vera í þessari listrænu stjórnun við verkefnavalið, sem aftur kveikti áhuga minn á þessu starfi sem ég er komin í núna. Þetta er algjörlega mín ástríða og draumaverkefni og mig klæjar í puttana að fá að hefjast handa en fyrst mun ég klára frumsýningu á Ferjunni og eftir það get ég helgað mig leikhússtjórninni alfarið.“

Hið fullkomna augnablik

Annar langþráður draumur rættist fyrir átta mánuðum þegar dóttirin Día kom í heiminn. Kristín og eiginkona hennar, Katrín Oddsdóttir, höfðu reynt að eignast barn í sex ár en ekkert gengið og voru nánast búnar að gefa þann draum upp á bátinn. „Við vorum báðar búnar að fara í glasafrjövganir mörgum sinnum. Það auðvitað tekur á, andlega, líkamlega og fjárhagslega, en við vildum ekki gefast upp. Vorum samt alvarlega farnar að ræða það að hætta að reyna. Þegar þetta loksins gerðist svo kom það alveg á óvart. Ég hafði farið í uppsetningu á fósturvísi úr eggji Katrínar tveimur vikum áður, guð má vita í hvaða skipti, og við áttum von á einu símtalinu enn þar sem okkur yrði sagt að þetta hefði ekki tekist. Vanalega höfðum við alltaf mælt okkur mót heima og tekið á móti símtalinu saman en í þetta sinn vorum svo vissar um að svarið væri neikvætt að Kata var bara í bíl einhvers staðar úti í bæ og ég var í vinnunni og sat hérna fyrir framan tölvuna þegar það var hringt. Um leið og ég svaraði heyrði ég að hjúkrunarkonan var allt öðruvísi en í fyrri símtölum. Mér leið eins og heimurinn væri að leysast upp og endaði öskrandi inni á Smíðaverkstæði. Náði ekki í Kötú því hún var alltaf á tali og hékk með símann inni á klósetti að bíða eftir að hún svaraði. Við höfðum ætlað að vanda okkur við að gera þetta að fullkomnu augnabliki en ég komst að því að þótt ég væri ein inni á klósetti

” Við gátum ekki ættleitt vegna þess að ekkert land sem Ísland er með ættleiðingasamning við samþykkir ættleiðingu til samkynhneigðra para.

Þá var augnablikið algerlega fullkomið. Það voru þessar fréttir sem skiptu máli, ekki hvar maður var staddur þegar þær komu.“

Samkynhneigð pör ekki samþykkt

Datt ykkur ekkert í hug að ættleiða á þessum árum sem þið voruð að reyna? „Jú, við hefðum gjarnan viljað það og vorum fyrsta samkynhneigða parið sem fór í gegnum allt það ferli og fékk forsamþykki fyrir því að ættleiða barn. Þar strandaði það, við gátum ekki ættleitt vegna þess að ekkert land, sem Ísland er með ættleiðingasamning við, samþykkir ættleiðingu til samkynhneigðra para. Við gátum ekki einu sinni farið á biðlista neins staðar nema eftir íslenskum börnum, en það er sem betur fer mjög sjaldgæft að ung íslensk börn séu ættleidd þannig að það gekk ekki heldur. Við vorum sem sagt búnar að vera með alla öngla úti en svo loksins var það hún sem kom til okkar, þetta dásamlega barn. Þessi bið var algjörlega þess virði og við erum alveg vissar um að það var hún sem átti að koma til okkar.“

Dýpkar allar tilfinningar

Það hefur verið sagt að ráðning Kristínar í starf Borgarleikhússtjóra sé sú ráðning sem best tikki í box pólitískrar rétthugsunar af öllum ráðningum; ung samkynhneigð kona sem er nýorðin móðir. Hún gefur lítið fyrir það og segist einmitt fagna því mjög að stjórnin hafi verið einhuga um að ráða hana og þessi ráðning sé eins langt frá því að vera pólitísk og hugsast geti. „En auðvitað skiptir það máli að konur séu í ábyrgðarstöðum. Bæði upp á það hvaða áherslur eru lagðar og ekki síður sem fyrirmyndir fyrir dætur okkar. Það hefur orðið ákveðið bakslag í kynjaumræðunni og ég upplifi það sem móðir stelpu að það hafi orðið mikil afturför síðan ég var lítil stelpa. Allt í einu er allt orðið fullt af prinsessubókum fyrir stelpur og sjóræningja-

bókum fyrir stráka og í barnaafmælum eru stelpurnar oft svo fint klæddar að þær geta ekki leikið sér. Við vorum bara í jogginggöllum með stutt hár, vorum bara börn og ekkert að þæla í þessum hlutum þegar ég var lítil. Mér finnst þetta hættuleg þróun því það er svo hætt við því að stelpur gangi bara inn í ákveðin hlutverk til að þóknast strákunum og almenningsálitinu. Við verðum að vera vakandi fyrir þessu.“

Hverju hefur það breytt að verða loksins móðir? „Það dýpkar allar tilfinningar um mörg prósentustig. Þetta átta mánaða undur er einfaldlega langskemmtilegasta manneskj-an í mínu lífi, ég fæ bara ekki nóg af þessu barni. Ég er líka jarðtengdari og skipulegg tíma minn betur til að geta verið meira með henni. En auðvitað breytist allt við það að eignast barn og það getur tekið á. Við Kata erum búnar að vera saman í ellefu ár og gera bara nákvæmlega það sem okkur sýnist, höfum átt mjög aktíft félagslíf og ferðast út um allan heim, en það þýðir líka að við erum búnar að sinna þeim þætti og orðnar mjög tilbúnar í foreldrahlutverkið. Við það að verða foreldri fer maður líka að hugsa hlutina í öðru samhengi og skoða upp á nýtt hvað það er sem skiptir máli, hver maður vill vera og hverju maður vill skila af sér.“

Talandi um hverju maður skilar af sér. Mun hinn almenni áhorfandi verða var við einhvern mun á starfsemi Borgarleikhússins eftir að þú ert tekin við? „Ég ætla nú bara að leyfa því að koma í ljós. Þetta verða mjög mjúkar og hægur breytingar. Ég er að opna fyrir allt akkúrat núna, tala við fólk og safna hugmyndum, hlaða byssurnar. Ég mun svo bara skýra frá breytingum jafnóðum þegar það er tímabært. Við munum að sjálfsögðu einblína á það að gera gott leikhús sem á erindi við fólk, það er eftir sem áður mikilvægast.“

Yfirlit um afkomu 2013

| Efnahagsreikningur (i þús.kr.): | 31.12.2013 | 31.12.2012 |
|--|-------------|-------------|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 37.827.439 | 33.556.693 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 74.939.519 | 68.705.041 |
| Veðlán | 2.466.245 | 2.429.817 |
| Innlán og bankainnistæður | 1.387.704 | 857.781 |
| Kröfur | 957.946 | 912.908 |
| Aðrar eignir og rekstrarfjármunir | 160.800 | 179.055 |
| | 117.739.653 | 106.641.295 |
| Skuldir | -231.816 | -227.775 |
| Séreignarsjóður, Söfnunarleið I og II | 2.327.805 | 2.345.598 |
| Samtals | 119.835.642 | 108.759.118 |

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris:

| | | |
|------------------------------------|-------------|-------------|
| Löggjöld | 3.148.010 | 3.004.791 |
| Lífeyrir | -2.917.700 | -2.594.721 |
| Fjárfestingartekjur | 11.105.230 | 11.892.386 |
| Fjárfestingargjöld | -181.143 | -154.251 |
| Rekstrarkostnaður | -77.873 | -120.839 |
| Hækkun á hreinni eign á tímabilinu | 11.076.524 | 12.027.366 |
| Sjóðir sameinaðir sjóðnum 2012 | 0 | 8.328.083 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 108.759.118 | 88.403.669 |
| Samtals | 119.835.642 | 108.759.118 |

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings:

| | | |
|---|------------|------------|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -664.576 | -1.620.670 |
| Í hlutfalli af áffölllum skuldbindingum | -0,6% | -1,5% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -2.506.177 | -3.838.235 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -1,5% | -2,5% |

Sjóðurinn hefur ekki þurft að skerða réttindi vegna falls bankanna haustið 2008 né nokkru sinni áður.

Kennitölur:

| | | |
|-----------------------------------|--------|-------|
| Nafnávöxtun | 10,1% | 12,1% |
| Hrein raunávöxtun | 6,2% | 7,3% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | 4,7% | 0,8% |
| Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal | 4,1% | 4,5% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 6.626 | 6.925 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 10.515 | 9.427 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,07% | 0,11% |
| Eignir í íslenskum krónum | 81,0% | 81,3% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 19,0% | 18,7% |

Ávöxtun séreignardeildar 2013:

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar I sem er innlánsreikningur var 5,5% eða 1,8% raunávöxtun. Nafnávöxtun Söfnunarleiðar II sem inniheldur ýmiss verðbréf nam 7,3% eða 3,5% raunávöxtun. Er þetta sú ávöxtun sem rétthafar njóta. Heildareignir séreignardeildarinnar eru 2.327,8 milljónir króna í árslok 2013 og lækka um 0,8%.

Sjóðfélagar:

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.



Söfnunarsjóður
lífeyrisréttinda

í 40 ár

Ársfundur 2014

Ársfundur sjóðsins verður haldinn
fimmtudaginn 10. apríl, kl. 17:00.

Í stjórn sjóðsins eru:

Guðmundur Árnason formaður
Hrafn Magnússon varaformaður
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Einar Sveinbjörnsson
Svana H. Björnsdóttir
Þuríður Einarsdóttir
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri er:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson

ÓSKERT ÁUNNIN RÉTTINDI

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · Fax 510 7401 · sl@sl.is · www.sl.is

KRÓNAN

- fyrst og fremst
óðýr!

TILVALIÐ Á FERMINGARBORDIÐ



25%
afsláttur

1199

kr.
kg

MÁ
FRYSTA!

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Esju bayonneskinka úr læri
eða sænsk skinka



25%
afsláttur
598

kr.
kg

Verð áður 798 kr. kg
Grísabógur hringskorinn



23%
afsláttur
998

kr.
kg

Verð áður 1298 kr. kg
Grísahryggur með pöru



22%
afsláttur
1698

kr.
kg

Verð áður 2197 kr. kg
Grísalundur



Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan
Árbæ Bíldshöfða Breiðholti Granda Hvaleyrarbraut Lindum Mosfellsbæ Reykjavíkurvegi Vallakór Akranesi Reyðarfirði Selfossi Vestmannaeyjum

DÚNDUR TILBOÐ!

57%
afsláttur

99 kr.
pk.

Verð áður ~~235~~ kr. pk.
Krónubrauð, stórt og gróft,
770 g

Hámark
4 stk.
á mann meðan
birgðir endast!

Nýtt



319 kr. stk.

1 lítri

Happy Day safi, pink grapefruit og kókos og ananas, 1 lítri

100% HREINN SAFI



1 lítri

129 kr. stk.

DonSimon appelsínusafi, 1 lítri



799 kr. pk.

Emmessís Hátíðaris, 1,5 l



998 kr. stk.

Páskaostakaka með pipp

FRÁBÆRT
VERÐ!

2 lítrar

198 kr. stk.

Coca Cola zero, 2 lítrar



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Purfum að berjast fyrir réttlæti

Arnór Dan Arnarson, tónlistarmaður og söngvari hljómsveitarinnar Agent Fresco, varð fyrir alvarlegri líkamsárás fyrir tveimur árum. Hann segir að biðin eftir því að fá niðurstöðu í mál hans hafi verið mun erfiðari en hann átti von á. Hann hvetur fórnarlömb til að kæra ofbeldi þrátt fyrir að kerfið sem taki á móti þeim virðist ekki í stakk búið til að takast á við vandann.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

Arnór tekur á móti mér á heimili sínu í miðbænum. Hann er nýfluttur í íbúðina og afsakar IKEA-umbúðirnar sem bíða eftir að komast í Sorpu. Arnór hefur búið á Seltjarnarnesi með kærustunni sinni síðastliðin tvö ár og það er stórt skref fyrir hann að vera kominn nálægt Laugaveginum aftur. Arnór varð fyrir alvarlegri líkamsárás nóttina eftir föstudaginn langa árið 2012, á horni Laugavegs og Smiðjustígs. „Systur mínar tvær voru í heim-sókn frá Danmörku og við ákváðum að taka gott djamm. Við vorum á Faktory og klukkan hálf fimm var svo kominn tími til að fara heim. Það varð einhver misskilningur á milli okkar systkina svo við fórum að rifast, þú veist, bara eins og systkini gera.“

Systkinin gengu út af Faktory og stoppuðu til að útkljá málin. Þá var skyndilega gripið í Arnór aftan frá. „Það fyrsta sem ég hugsaði var að þetta væri einhver stórvínur sem ég þekkti sem væri að reyna að vera fyndinn en svo sá ég í augum systra minna að það væri ekki rétt. Þeir tóku mig niður í götuna og fóru svo á móti systurminum. Þær fengu algjört sjokk og öskruðu bara endalaust: Hvað er í gangi, hvað er í gangi? Ég reif mig á lappir og ýtti öðrum upp að glugga verslunarinnar. Ég reyndi að koma þeim í skilning um að þetta væru systur mínar. Þá var ég tekinn niður og fékk spark í andlitið og heilahristing við það. Hann dúndraði bara beint í höfuðið og braut annan augnbotninn í mér.“

Vonbrigði á vonbrigði ofan
„Ég áttaði mig ekki á því þarna hvað þetta var í raun alvarleg líkamsárás. Lögreglan kom svo og talaði við þá saman sem mér þótti skrítið því þeir gátu samræmt sögur sínar. En svo horfði ég bara á þar sem þeim var sleppt lausum og þeir gengu niður götuna. Þá kom fyrsta sjokkið og ég hélt að ég fengi aldrei lok í málið. Vonbrigðin voru ótrúleg.“

Seinni vonbrigði kvöldsins voru þegar lögreglan keyrði Arnór og systur hans á Bráðamóttöku Landspítalans. „Við vorum ekki alveg komin þegar ég sagði að mér liði illa og þeir spurðu hvort ég væri að fara að æla í bílinn. Ég sagðist halda það og þá stoppuðu þeir bílinn svo ég kæmist út. Svo keyrðu þeir bara í burtu. Þetta er grátbroslegt í minningunni en auðvitað var ég við það að kasta upp því ég var með heilahristing. Það eru einkenni heilahristings, að fólk kasti upp. Ég tók því ekki illa þá en systur mínar tóku því mjög illa. Ég gat ekki hugsað skýrt.“

Árásin átti sér stað aðfaranótt laugardags en skrifstofa lögreglunnar er lokuð um helgar og á helgidögum. „Það voru vonbrigði að þurfa að bíða yfir alla páska-helgina með að kæra. Ég hef unnið á hótélum og í verslunum sem ekki er lokað yfir hátíðarnar en svo þegar koma rauðir dagar þá lokar lögreglan. Ég var mættur um leið og skrifstofan opnaði á þriðjudegi til að kæra.“

Upp á eigin spýtur
Arnór kærði og fór í kjölfarið í skýrslutöku. Hann hafði haft nægan tíma til að hugsa um aðstæður árásarinnar og þótti líklegt að eftirlitsmyndavélar í skartgripaversluninni hefðu náð einhverjum hlutum árásarinnar.

„Rannsóknarlögreglumaðurinn sem tók skýrslu af mér bað mig að fara í verslunina og athuga með upptökur. Mér fannst það fáránlegt. Ég fór samt því ég vildi gera allt rétt.“

Í versluninni fékk hann að vita að eftirlitsmyndavélar verslunarinnar hefðu náð árásinni og að lögreglu væru velkomið að sækja upptökurnar. „Ég hafði samband við lögregluna og þrýsti svo reglulega á þá að ná í upptökurnar. Fjórum vikum síðar fékk ég símtal og þá hafði lögreglan aldrei farið að ná í gögnin svo búið var að eyða þeim. Eftirmálin voru þannig að ég upplifði mig oft mjög ráðalaus, engin áfallahjálp var veitt en ég þurfti að sækja sálfræðihjálp til Danmerkur til að dila við tilfinningarnar sem komu upp eftir árásina. Það var enginn eftirfylgni, enginn sem benti mér á hvert ég ætti að snúa mér næst.“

Hittir árásarmennina í vinnunni
Arnór hefur nokkrum sinnum lent í því að vinna með mönnum eftir árásina. Hann hafði líka unnið með þeim áður því þeir hafa tekið að sér verkefni hjá fyrirtæki sem sér um öryggisgæslu hér í Reykjavík. „Fólk getur kannski sett sig í þessi spor ef það hefur lent í einhverju svipuðu. Það er ómurlagt að þurfa að hitta ofbeldismanninn á „skrifstofunni“ alltaf.“

Eftir að mennirnir höfðu verið dæmdir í héraðsdómi ræddi Arnór við yfirmann þeirra vegna þess að hann átti að koma fram á stórum tónleikum í Laugardalshöll og gat ekki hugsað sér að rekast á þá þar. „Hann sagði að það væru alltaf tvær hliðar á málum. Ég veit ekki hvernig mér tókst að kyngja því.“

Biðin eftir dómi erfið
Mennirnir tveir voru dæmdir í Hæstarétti þann 13. mars síðastliðinn. Arnór segir biðina eftir niðurstöðu í málinu hafa verið mjög erfiða. „Ég vissi ekkert hvaða afsakanir þeir gætu borið fram og það var óþægilegt. Ég fór að hugsa alls konar skrítið og jafnvel kenna mér um árásina. Ég fór að velta því fyrir mér hvort ég hefði getað brugðist öðruvísi við eða hvort ég var að kalla þetta yfir mig.“

Ofbeldismennirnir fengu báðir skilorðsbundinn fangelsisdóm og voru dæmdir til greiðslu sektar. „Ég veit samt ekki hvort þetta var persónuleg árás eða algjör tilviljun. Þetta mál er búið að bíða í tvö ár og ég veit enn ekki af hverju þeir gerðu þetta.“

Breyttur maður eftir árásina
Arnór var að vinna í grunnskóla í Breiðholti við tónlistarkennslu þegar árásin átti sér stað. „Ég var frá vinnu í tvær til þrjár vikur vegna áverkanna en svo gat ég ekki kennt því ég var svo hræddur um að höndla ekki álagið. Maður reynir að hjálpa krökkunum en ekki bara að kenna þeim tónlist og það er mjög erfitt ef maður er ekki sjálfur í jafnvægi. Krakkarnir eiga skilið 100 prósent einbeitingu. Þau eiga ekki skilið að fá einhvern inn sem kemur með 50 prósent orku í byrjun tímans.“

Hann varð líka uppstökkur við fjölskyldu og vini án þess að skilja fyllilega hvers vegna. „Ég var eins og Hulk, nema ég varð ekki grænn og massaður, bara reiður. Ég fékk líka hálfgerða ritstíflu. Ég gat alveg samið en mér fannst ekkert fallett sem ég samdi. Ég áttaði mig á vandanum þegar ég las ljóð listamanna sem ég held mest upp á, eins og Edgar Allan Poe og Walt Whitman, þá fannst



ARNÓR DAN ARNARSON Er tilbúinn að halda áfram eftir að hafa fengið réttlætinu fullnægt í Hæstarétti.

MYND/VALLI

mér það sem þeir voru að gera ekki heldur fallett og þá fattaði ég að það var bara eitthvað að.“


Stríðssvæði eftir miðnætti
Arnór er fluttur aftur í miðbæinn. „Það hefur tekið langan tíma að venjast því að kíkja út en sem betur fer hef ég verið mjög upptekinn. Fyrst eftir árásina var ég gjörsamlega breyttur maður svo ég treysti sjálfum mér ekki til að fara niður í bæ að kvöldi til. Ég vissi ekki hvernig ég myndi bregðast við ef ég myndi lenda í einhverjum sem væri agressífur. Ég upplifi miðbæinn bæði sem ótrúlega notalegan stað og líka sem stríðssvæði. Það er ekki í lagi að það megji búast við hverju sem er í miðbænum eftir miðnætti.“

Gerir upp árásina með plötu
Hljómsveit Arnórs, Agent Fresco, er í hljóðveri að semja nýja tónlist. „Þessi plata er það erfiðasta sem ég hef tekist á við í tónlistinni. Ég hef aldrei unnið svona mikið í tónlistinni minni. Fyrsta lagið kemur út í maí og platan kemur út seinna í ár. Við höfum ekki gefið neitt út í fjögur ár svo það er kominn tími

til. Við Tóti gítarleikari höfum unnið mikið með þetta í gegnum tónlist og texta. Það er eitthvert dýr innra með mér. Í upphafi er ég að tala um þessa óróleikatilfinningu en í lokin er ég að kveðja, segja bless við reiðina og halda áfram.“

Myndi kæra aftur
Arnór segir að margt hefði mátt betur fara í úrvinnslu málsins. „Ég fékk bara öryggisstilfinningu því ég talaði við gaura sem ég þekki sem eru stórir strákar og þekkjá hliðar á Reykjavík sem við þekkjum fæst. Þeir gátu sagt mér hvort ég þyrfti að vera hræddur við þessa menn eftir árásina og veittu mér vörn sem mér fannst ég ekki fá frá kerfinu.“

Það geta allt of margir sagt persónulega sögu af ofbeldi og það eru svo margir sem hafa gefist upp á réttarkerfinu. Lögreglan er svo undirmönnuð og réttarkerfið virkar svo hægt að margir hafa ekki þrautseigju eða andlegan kraft til að bíða í eitt til tvö ár eftir að máli ljúki og sækjast þá ekki eftir réttlæti, en þessu þarf að breyta strax.



LEMSTRADUR Svona leit Arnór út eftir árásina.

MYND/ADSEN

Ég mun samt hiklaust kæra ef ég lendi í þessu aftur. Það þýðir ekkert að leyfa fólki að komast upp með ofbeldi og með því að forðast að sækjast eftir réttlæti og vinna úr sínum málum er maður að grafa sína eigin andlegu gróf. Ég hvet því alla til að kæra ef þeir verða fyrir ofbeldi og vona að kerfið muni taka betur á móti brotþólum í framtíðinni.“

LITIR ARSINS



**FÁST AÐEINS Í
HÚSASMÍÐJUNNI**



Litakort Þórunnar Högna
er komið í Húsasmiðjuna

**FÁÐU
LITAPRUFUR
Í NÆSTU
VERSLUN**

Veggmálning

3.995 kr

ÓDÝRT



Impra veggmálning 10 ltr
Mjög ódýr mött veggmálning.
Vnr: 7119965

Loftamálning

8.249 kr

Harpa Sjöfn



HarpaSjöfn Loftamálning 10 ltr
Polytex Loft 2 er sterk mött loftamálning
Vnr: 7119968

Rúllusett

995 kr.

25 cm rúlla, bakki
og handfang



„Elite“ rúllusett
Sett með bakka, „maxi“
handfangi og Anlon 25 sm rúllu.
7014822

10 ltr.



**JOTUN
Veggmálning**

8.995 kr

~~11.795 kr~~

Jotun veggmálning
Jotaproff, gæða veggmálning,
gljástig 7
7119858-74



**HELGAR
SPRENGJA**

9.995 kr

~~15.995 kr~~

Háprýstidæla Nilfisk
105 Bör, 5 m slanga.
5254249



Höggborvél

3.495 kr

Frábært verð

Höggborvél
Power Plus 600W, flýtpatróna.
5245308



Kaffivél

22.900 kr

Espresso hylkjavél

Caffitaly hylkjakaffivél
brýstingur: 15 bar
1840100-106

Electrolux



Helluborð

69.995 kr

Electrolux keramik,
sneritakkar

Helluborð EHF 6342XOK
Stærð 380x576x516 mm.
1850524



Frystikista

78.900 kr

Frigor 248 ltr.

Frystikista 248 ltr.
Orkunýting B.
1805487



Juðari

1.995 kr

Frábært verð

Juðari
Power Plus 135W.
5245212



Hnífasett

9.990 kr

5 stk í standi

Hnífasett 5 stk í standi
2001317



Pönnukökupanna

6.599 kr

Allar hellur

Pönnukökupanna 25 cm
Á allar hellur, rafmagn, gas og span.
2006782



Panna 20 cm

4.699 kr

Keramikhúð

Panna Forza með keramikhúð
Non-stick, á allar hellur.
2006769-71



Páskaliljur
Tet a tet

399 kr

~~479 kr~~

**SÝNINGAR
ORKIDEUR**
50%
afsláttur

AÐEINS Í SKÚTUVOGI

Túlípanar
10 stk

999 kr

~~1.499 kr~~

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

UMMÆLI ÞJÓÐARLEIÐTOGA UM PÚTÍN



„Hann er eins og krakki sem situr aftast í kennslustofunni og leiðist.

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, um Pútín 9. ágúst 2013



„Ég er ekki viss um að hann sé í tengslum við raunveruleikann. Hann er í öðrum heimi.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, um Pútín 3. mars 2014



„Ef þetta hljómar kunnuglega, þá er það vegna þess að því svipar til þess sem Hitler gerði á fjórða áratug síðustu aldar.

Hillary R. Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna um Pútín, 5. mars 2014



„Pútín hefur sýnt að hann er reiðubúinn til að gera hluti sem flestir töldu hann ekki reiðubúinn til að gera.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, um Pútín 20. mars 2014

LÍFSHLAUP

7. október, 1952 Vladimir Pútín fæddist í Sankti Pétursborg, sem þá hét Leníngrad.

1975 Pútín gekk í raðir KGB-leynipjónustunnar, leynipjónustu Sovétríkjanna á tímum kalda stríðsins.

1991 Pútín hóf feril sinn sem skrifstofublók í borgarráðinu í Leníngrad. Premur árum síðan var hann orðinn hægri hönd borgarstjóra Leníngrads, **Anatolys Sobchak**.

1996 Flutti með fjölskyldunni til Moskvu, þar sem hann kleif metorðastigann í ríkisstjórn **Boris Yeltsin**.

1998 Pútín var gerður að yfirmanni **Federal Security Service**, leynipjónustunnar sem varð til eftir að KGB leið undir lok.

1999 Boris Yeltsin gerði Pútín að forsætisráðherra landsins og tilnefndi hann arftaka sinn í forsetastól.

31. desember 1999 Yeltsin hætti í pólitík, öllum að óvörum.

Mars 2000 Pútín, sem var sitjandi forseti eftir að hann tók við keflinu af Yeltsin, var kjörinn forseti í lýðræðislegum kosningum.

2004 Pútín var endurkjörinn í skjóli mikils uppgangs í efnahagslífinu, sem að mestu mátti þakka hækkandi verði á olfu. Hann hélt vinsældum sínum en stjórnarskráin bannaði honum að fara fram í þriðja sinn.

2008 Í stað þess að stíga til hliðar fékk Pútín traustasta bandamann sinn, **Dimitry Medvedev** aðstoðarforsætisráðherra, til að bjóða sig fram. Hann vann kosningarnar og gerði Pútín að forsætisráðherra.

2012 Medvedev kláraði kjörtímabilið og steig til hliðar, en Pútín bauð sig aftur fram til forseta. Medvedev varð forsætisráðherra undir Pútín. Tugir þúsunda Rússa mótmæltu á götum úti, og töldu úrslitin byggjast á svindli og bolabroðum.



BB
PARK
00
© GRAPHIC NEWS

Afreksmaður í íþróttum og fyrirsæta

Pútín er ófeiminn við að stilla sér upp fyrir framan myndavélar, einkum við íþróttaiðkun, sem gefur honum yfirbragð hreysti og karlmennsku. Hann hefur sérstakan áhuga á bardaga-íþróttum, er með svart belti í karate, auk þess sem hann er afreksmaður í júdó.

Hann situr gjarnan fyrir ber að ofan og er líklega fremsta ljósmynda-fyrirsæta í hópi þjóðarleiðtoga – tilgangurinn er greinilega að sveipa sig ljóma ofurhetjunnar. Þess á milli gætir hann þess að ljósmyndarar séu á ferðinni þegar hann rennir sér á skíðum.

Pútín er einnig sagður mikill dýravínur, en hann lætur gjarnan mynda sig í bak og fyrir með hundum, hestum og jafnvel tigrisdýrum.



ÍMYND KARLMENNSKUNNAR Vladimir Pútín á hestbaki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tekur föðurhlutverkið alvarlega

Pútín átti tvo yngri bræður sem létust ungir, en hann ólst upp við fátækt í St. Pétursborg, sem þá var Leníngrad. Pútín og foreldrar hans deildu lítilli íbúð með tveimur öðrum fjölskyldum og meðal bernskuminninga Pútíns er að veida rottur í stigaganginum heima hjá sér.

Fyrrverandi eiginkona Pútíns heitir Lyudmila Shkrebnova, en hún var flugfreyja hjá innanlandsflugfélagi í Rússlandi þegar þau giftu sig. Þau gengu í hjónaband árið 1983 en árið 2013 tilkynntu þau að þau væru að skilja. Þá voru þau stödd á ballettsýningu, La Esmeralda, og blaðamaður nálgadist þau eftir fyrsta þátt ballettsins. Blaðamaðurinn spurði af hverju forsetahjónin sæjust svo sjaldan saman opinberlega – Pútín svaraði einfaldlega: „Það er vegna þess að við erum að skilja.“

Á heimasíðu Pútíns segir Lyudmila um Pútín. „Það eru fáir feður jafn umhyggjusamir og hann,“ en saman eiga þau tvær dætur, Mariu, fædda 1985 og Katerinu, fædd 1986. Þær hafa



SLÖGG Ungur Vladimir og Lyudmila með aðra dótturina á miðjum níunda áratug síðustu aldar.

haldið sig fjarri sviðsljósi fjölmiðla og sjást sjaldan opinberlega. Þær sóttu háskóla þar í landi undir leyninöfnum. Ekki er vitað hvað þær fást við eða hvar þær búa.

Hver er Vladimir Pútín?

Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hefur verið mikið í umræðunni undanfarin misseri, ekki síst undanfarnar vikur í ljósi innlimunar Krímskaga. Erfitt er að henda reiður á ólíkindatólinu Pútín, en undir vel snyrtu yfirborðinu leynist margbrotinn einstaklingur.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Ekki þarf að fara mörgum orðum um það sem er að gerast í Úkraínu þessa dagana. Kosningarnar á Krímskaga um síðustu helgi fóru fram í skugga rússnesks herliðs, sem gefur ærna ástæðu til að tortryggja úrslitin. Engu að síður er Krímskagi nú hluti af Rússlandi en ekki Úkraínu, í trássi við vilja stjórnvalda í Kænugarði. Margir óttast að Krímskagi sé aðeins upphafið – næst taki Pútín til hendinni í öðrum ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Moldóva er oft nefnd og víst er að í nánustu samstarfsríkjum Norðurlanda, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, er mörgum órótt. Alla vega er á ferðinni óvissuástand í þessum heimshluta sem ekki á sér hliðstæðu frá upplausn Sovétríkjanna og lokum kalda stríðsins. Draumur Kreml-verja um einhvers konar endurnýjun Sovétríkjanna birtist heimsbyggðinni ljósflíandi og Pútín er táknmyndin.

Gagnrýnendur saka Pútín um endurtekna einræðistilburði sem lýsi sér í því að hann virði að vettugi kosningalög um leið og hann þaggar


niður í þeim sem eru honum ósammála í mikilvægum málefnum. Þrátt fyrir það virðast vinsældir Pútíns í heimalandinu haldast nokkuð stöðugar, þó að hann hafi sætt nokkurri gagnrýni fyrir umdeild lög gegn samkynhneigðum þar sem samkynhneigðum þórum er bannað að ættleiða börn og blátt bann er lagt við því að ræða „óhefðbundin sambönd“ við ungmenni. Þessi lagasetning varð kveikjan að útbreiddri fordæmingu sem lýsti sér meðal annars í því að margir sniðgengu Ólympíuleikana í Sotsj, sem haldnir voru fyrr á þessu ári. Pútín hefur sætt gagnrýni fyrir meðferð Rússa á pólitískum fongum, en hann hefur aldrei veigrað sér við að taka umdeildar ákvarðanir, hvort sem þær varða utanríkisstefnu eða innanlandsmál. Alþjóðasamfélagið, og þá sérstaklega vestræn ríki, hafa deilt harðlega á Pútín fyrir stuðning hans við forseta Sýrlands, Bashar al-Assad. Sú gagnrýni reis hæst þegar al-Assad var sagður hafa notað efnavopn gegn uppreisnarmönnum. Þegar Bandaríkin hótuðu að ráðast inn í Sýrland hafði Pútín milligöngu um samninga á milli Sýrlands og Bandaríkjanna um að stjórn Assads léti efnavopnin af hendi. Í ágúst 2013 veitti Pútín svo uppljóstraranum Edward Snowden pólitískt hæli. Samband Rússlands við Bandaríkin hefur verið stírt í gegnum árin og ekki batnar ástandið.



RAFVÖRU MARKAÐURINN

KASTARADAGAR

Litir: HVÍTT, STÁL, GYLLT OG ANTÍK



7.992

Verð áður 9.990



6.392

Verð áður 7.990



6.392

Verð áður 7.990



7.992

Verð áður 9.990



4.792

Verð áður 5.990



4.792

Verð áður 5.990




2.392

Verð áður 2.990



4.792

Verð áður 5.990




9.596

Verð áður 11.995



3.996

Verð áður 4.995



7.196

Verð áður 8.995




3.996

Verð áður 4.995



1.996

Verð áður 2.495



3.196

Verð áður 3.995



3.996

Verð áður 4.995




3.996

Verð áður 4.995




5.596

Verð áður 6.995




4.796

Verð áður 5.995




4.796

Verð áður 5.995



5.596

Verð áður 6.995



5.596

Verð áður 6.995

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

Verkföll fara í bóklestur, leiklist,

Fanney Birna
Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Verkfall framhaldsskólakennara sem nú stendur yfir er langt í frá hið fyrsta sinnar tegundar og nokkurn veginn allir Íslendingar eiga sína verkfallssögu að segja. Blaðamaður ræddi við fjóra þjóðþekkt einstaklinga um þeirra verkfall, hvernig tímanum var eytt og hvort það hefði haft einhverjar afleiðingar í för með sér í lífi þeirra.

→ HLUSTAÐI MIKIÐ Á DISKÓ

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra og forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs SA.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Þorgerður var á síðasta ári í Menntaskólanum við Sund árið 1984 þegar verkfall skall á sem stóð yfir í 26 daga.

„Á þessum árum lentum við svolítið í ýmiss konar verkföllum. Ég man eftir mjólkurverkfalli þarna stuttu áður. Stúdentsveturinn minn var þetta ár og það var bara þannig að maður fór ekkert í skólann og var bara að tjilla. Ég las mjög mikið og vann upp mikið af bókum sem mig hafði langað að lesa – allt annað en skólabækur. Svo sinni ég líka hestunum mínum miklu betur en ég hafði gert.

Þetta var á diskótímabilinu og ég hlustaði mikið á diskó en mér hefur alltaf þótt gaman að dansa. Maður hlustaði meira á tónlist þarna en áður. Ég hlustaði mikið á Bowie og Bubba og bara svona það sem fólkið í kringum mig var að hlusta á.

Þetta var á tíma þar sem bjórin var ekki kominn, þannig að það voru harðari drykkju-efni í gangi og það voru nokkrir sem bara hættu í náminu og fóru í sukk og svínarí. Það eru nefnilega mjög slæmar hliðar á verkföllum, menn verða að gera allt til að ná saman.

Ég var ármaður MS þarna, formaður nemendafélagsins, ég man að mér rann svolítið í skap þegar ég flutti útskriftarræðuna, þar skammaði ég kennarana svolítið og sagði að það ætti ekki að nota saklausa nemendur í kjarabaráttu og var örugglega orðin reið út í ráðuneytið líka. Má kannski segja að ég hafi verið reið ung kona og hafi viljað klára hlutina og hætta þessari delu. Þetta var ekki vinsælt og það voru einhverjir kennarar sem gengu út – sem er alveg skiljanlegt.“

→ ÆTLADI Í LÖGFRÆÐI EF LEIKLISTIN MISHEPPNAÐIST

Þorsteinn Guðmundsson, leikari og grínisti.

Þorsteinn var á lokaári sínu í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1987 en verkfallið það ár stóð í hálfan mánuð.

„Verkfallið er mér mjög minnisstætt. Þetta var búið að vera næstum árlegt dæmi og við vorum orðin dálítið þreytt á þessu en þetta var nokkurn veginn inni í stúdentsprófunum hjá mér. Ég var reyndar ekkert mikið að spá í þetta af því að ég var í inntökuprófum í Leiklistarskólanum á sama tíma. En planið hjá mér var að ef ég kæmist ekki inn í leiklistina þá ætlaði ég í lögfræði í háskólanum. Sem betur fer fyrir þjóðina, þar sem af tvennu illu er örugglega betra að hafa mig í leiklistinni.

Á verkfallstímanum var ég að leika í leikriti í Hallgrímskirkju hjá Guðrúnu Ásmundsdóttur um prestinn Kaj Munk, sem var nokkuð vinsæl sýning, og í verkfallinu fórum við með það til Danmerkur. Ég var eiginlega í öllu nema að hugsa um námið, þetta hentaði mér ágætlega.

En þar fyrir utan voru þessi verkföll orðin ansi þreytandi. Ég rétt skreið síðan yfir mörkin á stúdentsprófinu, komst inn í Leiklistarskólann, afþakkaði lögfræðina og fór til útlanda að leika með Guðrúnu Ásmunds, Arnari Jónssyni og fleirum. Það má segja að þetta hafi verið tímamótavor hjá mér.

Það vill svo skemmtilega til að ég var að útskrifast úr MR þetta verkfallsvor og núna er sonur minn, Hlynur Þorsteinsson, að útskrifast úr Fjölbraut í Ármúla. Hann er ekkert þjakaður af áhyggjum en þetta gæti haft áhrif ef þetta dregst á langinn. Það væri mjög óheppilegt þar sem hann stefnir á háskólann í haust og þetta gæti líka haft áhrif á sumarvinnuna.“



FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

FRUMSÝNING NÝR RENAULT MEGANE



RENAULT MEGANE
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ 3.590.000 KR.

3,5
L/100 KM
M.V. BLANDAÐAN AKSTUR

RÍFLEGA HRINGINN Á EINUM TANKI!

Renault Megane hefur slegið í gegn sem einn sparneytnasti bíll landsins. Nýr Megane er ekki síðri sparibaukur því beinskiptur Megane með start/stopp búnaði notar aðeins 3,5 l/100 km og sjálfskiptur 4,2 l/100 km*. Þú getur því keyrt ríflega 1.700 km á einum tanki á þessum framúrskarandi sparneytna bíl og CO₂ útblástur er einungis frá 90 g/km.

ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT



BL ehf / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbæ, 420 0400 – Bilasalan Bílás, Akranesi, 431 2622 – Bilasala Akureyrar, Akureyri, 461 2533 – Bilaverkst. Austurlands, Egilsst., 470 5070 – IB ehf., Selfossi, 480 8080

fiskvinnslu og mikið „tjill“



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

→ ÍSLENDINGAR VERÐA AÐ HAFA UNNIÐ Í FISKI

Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona og frambjóðandi.

Ilmur var í Menntaskólanum við Hamrahlíð á fyrsta ári vorið 1995 þegar verkfall hófst sem stóð í um sex vikur. „Við biðum svona eitthvað eftir því að þetta myndi leysast en svo stefndi ekkert í það og við ákváðum, ég og vinkona mín Æsa Guðrún Bjarnadóttir, að fara í heimsreiðu: „Fjalar og Galar skoðar heiminn.“ En það var síðan ákveðið að Fjalar og Galar myndu frekar fara að vinna í fiski í Grundarfirði. Við fengum vinnu í frystihúsinu í Grundarfirði og bjuggum þar í verbúð. Þetta var svona meira nútímaleg verbúð þar sem við bjuggum í raðhúsi en með okkur bjó pólsk kona, maður frá Suður-Afríku og önnur stelpa frá Þorlákshöfn. Við vorum að verka úthafskarfa, pillu rækju, ormahreinsa og pakka og maður náttúrulega lærði

inn á þetta frystihúsadót allt saman sem var mjög gaman og ég er mjög þakklát fyrir þessa reynslu. Þetta er eitthvað sem manni fannst maður þurfa að hafa gert sem Íslendingur – að vinna í fiski – og ég kláraði það þarna þessa önn, gat hakað í það hólfi. Verkfallið leystist þarna um vorið en við ákváðum að vera þarna áfram og vorum út sumarið. Fórum svo aftur í MH næsta haust. Þetta markaði alveg spor, maður missti þarna út heila önn og var auðvitað lengur í náminu fyrir vikið. En okkur fannst þetta bara mjög spennandi, við vorum á fyrsta ári í menntaskóla, bara 16 ára, og það var bara ævintýri að „þurfa“ að fara að heiman og vinna í fiski. Ég á engar slæmar minningar frá þessum tíma.“

→ MÁLABRAUTARGEMLINGUR SEM VISSI EKKERT HVAÐ HANN ÆTLAÐI AÐ GERA

Sólmundur Hólm Sólmundarson, útlarpsmaður, grínisti og viðskiptafræðingur.

Sólmundur var í Menntaskólanum við Sund árið 2000 þegar framhaldsskólakennarar voru átta vikur í verkfalli. „Ég var náttúrulega bara mjög spenntur og vongóður um að það yrði af verkfallinu. Vonaðist til þess að samningar myndu ekki nást í tæka tíð, þetta var eitt af fáum skiptum sem maður fylgdist með fréttum á þessum tíma og sem betur fer tókst það ekki. Ég var sem sagt vongóður um að fá frí og þess vegna á ég bágð með að skilja hversu skynsamir krakkar eru orðnir í dag – maður sá þetta fyrir sér sem paradís. Ég var búinn að lenda í verkfalli í grunnskóla og vissi hvað þetta yrði skemmtilegt. Svo kom að þessu og þetta stóðst allar væntingar. Maður náttúrulega svaf bara endalaust. Á þessum tíma voru engar skyldur hjá manni, ég var nýorðinn sautján ára, bara þakkur, sem þurfti ekki að hugsa um nokkurn skapaðan hlut. Engin ábyrgð, ég bjó einn með móður minni, það voru engar kröfur um innkomu, þurfti ekki að skaffa fyrir einn eða neinn og ekkert sem beið manns nema geggjáð tjill. Ég var að vinna sem dyravörður í Regnboganum á þessum tíma og vinur minn, Þorvaldur Davíð Kristjánsson, kom á hverju kvöldi. Hvorugur okkar var í fastri vinnu, en flestir vana okkar ösnuðust í einhverjar vinnur, þannig að við gátum ræktað vináttu okkar bara tveir. Það var mikið um andvökunætur og gleði, einhver böll og þetta styrkti vináttu okkar Þorvaldar mikið. Það



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

er ekki oft sem maður hefur tíma til að eyða svona miklum tíma með vinum sínum á þessum árum og við Þorvaldur höfum meira að segja síðan farið tveir saman í rómantíska ferð til Parísar. Ég var með þá speki á þessum tíma að allt yfir fimm í einkunn væri tímasóun. Verkfallið féll mjög vel inn í þennan hugsunarhátt. Ég hafði ekki miklar áhyggjur af náminu, kennar-

arnir urðu að bjarga því. Þetta hafði engin áhrif á mig, það var kannski annað fyrir krakka sem stefndu til dæmis á læknisfræði, en fyrir svona málbrautargemling eins og mig, sem vissi ekkert hvað ég ætlaði að gera, þá var þetta bara snilld. Verandi orðinn faðir í dag þá dáist ég að þankagangi unga fólksins og vona að synir mínir verði vonsviknir ef það kemur verkfall hjá þeim.“

www.renault.is

RENAULT MEGANE SPORT TOURER
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ 3.890.000 KR.



Staðalbúnaður: 16" álfelgur, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, hraðastillir, hiti í framsætum, leðurklætt aðgerðastýri, útvarp og geislasplari með USB og AUX tengi, rafdrifnar rúður og speglar.

Velkomin í kaffi og reynsluakstur
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16





VICTORIA BECKHAM



BOTTEGA VENETA



ALEXANDER WANG



BALENCIAGA



VICTORIA BECKHAM



NINA RICCI



PRABAL GURUNG



3.1 PHILLIP LIM

Flíkin sem stenst tímans tönn

Álfrún
Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Ef það er einhver flík sem er ómissandi í fataskápinn er það hvíta skyrtan. Flíkin sem passar við allt og má finna í óteljandi útgáfum frá flestum tískuhúsum heims í gegnum tíðina. Í upphafi var skyrtan einungis ætluð herraönnum en er nú lykilflík í fataskápum beggja kynja. Tískuhúsin eru sammála um að hvíta skyrtan eigi heima í vor- og sumartískunni sem, með hækkandi sól, ekki er seinna vænna að gefa gaum.

Hvítar skyrtur í gegnum tíðina

Skyrtan kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1793 á málverki af drottningunni Marie Antoinette. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í byrjun síðustu aldar var hvíta skyrtan tákn um auð enda ekki á færi allra að klæðast kríthvítum skyrtum nema þeim sem unnu ekki verka-mannavinnu og gátu því haldið flíkinni flekklausri.

Leikkonan og tískufyrirmyndin Audrey Hepburn klæddist gjarna hvítum skyrtum af öllum stærðum og gerðum. Annaðhvort stórum herraskyrtum sem hún batt í mittið til að gera línurnar kvenlegri eða þröngum hvítum sem hún gyrti ofan í buxur jafnt sem pils.

Ritstýra bandaríska Vogue, Anna Wintour, gerði tímamótaforsíðu á aprílhefti blaðsins árið 1992 er hún fékk níu ofurfyrirsætur, þar á meðal Claudiu Schiffer, Cindy Crawford og Naomi Campbell, til að klæðast alveg eins hvítum skyrtum bundnum í mittið.



SAMSTÖÐUFUNDUR 4

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 22. mars

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

www.pjóð.is

JÁ, ÉG VIL
KJÓSA!

Tefal Talent
POTTAR OG PÖNNUR

20%



ÓDÝRI

HEIMILISTÆKJA
MARKAÐURINN

ALLT Á 2.990

40%



40%



30%



25%



25%



25%

20%



**GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD**

ALDREI VERIÐ LÉTTARA
AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM

VERÐ ÁÐUR... 9.999
TILBOD 6.999



35%

BLÓÐPRÝSTINGSMÆLIR
FYRIR UPPHANDLEGG

VERÐ ÁÐUR... 8.499
TILBOD 5.499

KRINGLUKAST

20-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM • NÝTT KORTATÍMABÍL

25%



**AEG SKAFTRYKSUGA
Ergorapido**

VERÐ ÁÐUR... 29.999
TILBOD 22.499

27%



**AEG
RYKSUGA 2200W**

VERÐ ÁÐUR... 21.900
TILBOD 15.900

iRobot® RYKSUGUVÉLMENNI

15.000 KR AFSLÁTTUR. HREINASTA SNILLD!



Roomba 620
Sjálfvirk
ryksuguvélmenni með
iAdapt gervigreind.

VERÐ ÁÐUR... 59.995
TILBOD 44.995



Roomba 630
Með iAdapt
gervigreind.
Sýndarveggur fylgir.

VERÐ ÁÐUR... 69.995
TILBOD 54.995



Roomba 770
Með iAdapt gervigreind, HEPA
síu og tímastilli. Sýndarveggur
fylgir. Lætur vita þegar
rykgeymsla er full. Fjarstýring.

VERÐ ÁÐUR... 99.995
TILBOD 84.995



iRobot Scooba 390
Sjálfvirk skúringarvélmenni
sem hreinsar 50 fm á
vatnsfyllingu og 80 fm á
hleðslu. Sýndarveggur fylgir.

VERÐ ÁÐUR... 84.995
TILBOD 69.995



PRESSUKANNA
6 BOLLA
KRÖM

30%

VERÐ ÁÐUR... 4.999
TILBOD 3.499

KRANSKÖKUMÓT



40%

VERÐ ÁÐUR... 6.499
TILBOD 3.899

HAMBORGARAPRESSA



50%

VERÐ ÁÐUR... 1.499
TILBOD 750



**GASTROMAX
OSTASKERI**

50%

SÁ BESTI!

VERÐ ÁÐUR... 999
TILBOD 500



20%

**EINS OG
AMMA Á**
ÍSLENSKA
PÖNNUKÖKU
PANNAN

VERÐ ÁÐUR... 9.999
TILBOD 7.999

**20-35% afsláttur af öllum William
Bounds salt- og piparkvörnum!**

William Bounds salt- og piparkvarnir eru þekktar fyrir
gæði, endingu og skemmtilega hönnun. Síðan árið 1963
hafa þeir verið helsti framleiðandi salt- og piparkvarna í
Bandaríkjunum og þýkja frumkvöðlar á sínu sviði.



Kryddaðu tilveruna með vönduðum og
flottum kvörnum frá William Bounds!



Svört - Silfur

Dolce Gusto Genio

VERÐ ÁÐUR... 29.995
TILBOD 19.995



Svört - Silfur - Rauð

Dolce Gusto Circolo

VERÐ ÁÐUR... 32.995
TILBOD 26.995

YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!

HÁRTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI!



20%

Remington
KEILUJÁRN SILK
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOD7.995



20%

Remington
SLÉTTUJÁRN SILK
VERÐ ÁÐUR...13.995
TILBOD10.995



BaByliss SLÉTTUJÁRN SILK



Kaupauki

VERÐ ÁÐUR...22.995
TILBOD19.995



BaByliss
HÁRBLÁSARI
AC 2300W

VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOD 9.995

33%

GRUNWERG KERAMIK PÖNNUR


Slitsterkari Keramik húðun og engin
skaðleg efni! Virka á allar hellur.



33%

byggto**g**búið

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni
facebook.com / byggto**g**buid



GARMIN
LEIDSÖGUTÆKI

25%

LÍFSTÍÐARUPPFÆRSLA Á KORTI!

VERÐ ÁÐUR...39.900
TILBOD29.900

VALIN WEBER GRILLÁHÖLD MED 20% AFSLÆTTI



20%

ÞRÁDLAUS
KJÖTHITAMÆLIR

VERÐ ÁÐUR.. 11.999
TILBOD 9.599



20%

KJÚKLINGASTANDUR

VERÐ ÁÐUR.. 6.999
TILBOD 5.599



20%

TÖNG OG
SPADI

VERÐ ÁÐUR.. 4.999
TILBOD 3.999



23%

Topp gæði!

Braun MQ535
600W TÖFRASPROTI

VERÐ ÁÐUR... 16.995
TILBOD 12.995

SAECO KAFFIKERFI XSMALL

28%



VERÐ ÁÐUR...69.995
TILBOD49.995

BOSCH BRAUDRIST

20%

VERÐ ÁÐUR...7.999
TILBOD6.399



35%

MEÐ
SÍRENU

GJALLARHORN

VERÐ ÁÐUR...2.995
TILBOD 1.947

PRINCESS SLOW JUICER

20%

VERÐ ÁÐUR...22.995
TILBOD18.396



28%

BOSCH KAFFIVÉL

1100W

VERÐ ÁÐUR...13.999
TILBOD9.999

TRISTAR TÖFRASPROTI

27%

750W

ÖFLUGUR!

VERÐ ÁÐUR... 10.995
TILBOD 7.995



TRISTAR VÖFFLUJÁRN

40%

EKTA
BELGÍSKAR
VÖFFLUR

VERÐ ÁÐUR...9.999
TILBOD5.999



TRISTAR RAKATÆKI

30%

VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOD6.995



TRISTAR BLANDARI 500W

30%

MYLUR KLAKA!

VERÐ ÁÐUR...9.990
TILBOD6.990





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég og vinkona mín sátum oft við gluggana á fyrstu hæðinni í pósthúsinu og horfðum á fólkið á rúntinum sem gekk um Austurstrætið. Ég man vel eftir Tómasi Guðmundssyni skáldi. Hann var á hálfgerðum hlaupum öll kvöld.“



FYRIR 50 ÁRUM Jón var kosinn íþróttamaður ársins fyrir árið 1963 enda var hann afreksmaður í frjálsum íþróttum. Mamman fylgdist spennt með og gerir enn því hann nú keppir hann í kringlukasti og kúluvarpi en nú í öldungaflokki.

Bætir ÍR-metið á hverjum degi

Mæðginin **Jón P. Ólafsson**, fyrrverandi hástökkvari og skrifstofumaður, og **Guðrún Valby Straumfjörð**, fyrrverandi skrifstofudama, hittast daglega á elliheimilinu Sóltúni þar sem Guðrún býr. Þau fá sér kaffisopa og spjalla um gengi ÍR í íþróttunum og það sem efst er á baugi, auk þess að rifja upp atburði fortíðar en Guðrún er á 103. aldursári og er stálminnug.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Jón Þórður Ólafsson tekur á móti okkur Gunnari V. Andræssyni ljósmyndara í anddyri elliheimilisins Sóltúns og fylgir okkur upp á aðra hæð þar sem móðir hans, Guðrún Valby Straumfjörð, býr í stórrí og vel búinni stofu.

Jón er hátt í tveggja metra maður og var stórstjarna í frjáls-um íþróttum á Íslandi á sjöunda áratugnum. Keppti um sextíu sinnum erlendis, þar af tvívegis á Ólympíuleikum og jafnoft á Evrópumeistaramótum. Hann átti Íslandsmetið í hástökki í 25 ár og er Íslandsmeistari í kringlukasti og kúluvarpi í sínum flokki.

Guðrún liggur uppi í rúminu sínu en reisir sig upp þegar við komum, heilsar og sest fram á. Minnst aðeins á að hún hafi kviðið komu okkar Gunnars en tekur okkur strax í sát. Þau mæðginin heilsast glaðlega og Jón stillir heyrnartæki móður sinnar, frá þeim liggur snúra að litlum hljóðnema sem hann leggur á göngu-grindina við rúmið og við eigum að tala í.

„Hann kemur til mín á hverjum einasta degi, allt árið um kring. Þetta er ábyggilega besti sonur í

heimi,“ segir Guðrún brosandí og beinir orðunum til okkar gestanna. „Við höfum líka alltaf margt að tala um.“

Jón: „Já, við ræðum um gamla daga og svo kemur alltaf upp eitt-hvað nýtt, til dæmis í pólitíkinni.“

Guðrún: „Ég hef hvorki getað lesið né horft á sjónvarp í átta ár vegna sjónarinnar. En ég er með útvarpið í eyrunum allan daginn. Hlusta á Rás 1 en þó mest á Útvarp Sögu.“

Jón: „... og fylgist vel með þjóðmálaumræðunni. Svo tókum við málin fyrir og afgreiðum þau langleiðina!“

Mamman dálítið ákveðin

Þó ég hafi fyrst ætlað að vera eins og fluga á vegg og fylgjast bara með samræðum þeirra mæðgina er forvitnin fljótlega búin að hrifsa völdin.

Hefur ykkar samband alltaf verið svona gott?

Jón: „Já, við erum nú bæði stór í skapi en komumst merkilega vel af hvort við annað.“

Var hann ekkert ódæll í æsku?

spyr ég Guðrúnu.

Guðrún: „Nei, nei, hann var þægur en mamman var dálítið ákveðin og lét hann hlýða sér.“

Jón: „O, það kom nú fyrir að maður fór út af línunni. Þó maður henti snjóbolta inn um glugga eða hængi aftan í bílum, eins og mjög tíðkaðist þegar ég var strákur, þá

gleymdist nú stundum að tilkynna það heima. Jafnvel þótt löggan skærast í leikinn.“

Guðrún: „Þú hefur líka verið tekinn í gegn ef ég hefði frétt það.“

Jón stríðnislega: „Heldurðu að þú hefðir náð mér á sprettinum? Annars hafðir þú snemma lag á mér. Ég var misduglegur að borða eftir því hvað var í matinn, eins og þú manst. Fékkst til dæmis ómögulega til að borða kjötsúpu. En einn daginn tilkynntir þú mér að nú lægi fyrir af hverju Clausenbræður og Gunnar Huseby væru svona góðir í íþróttum, þeir borðuðu kjötsúpu. Síðan hef ég borðað kjötsúpu með góðri lyst, jafnvel dögum saman ef á hefur þurft að halda.“

Enda árangurinn eftir því, læði ég út úr mér.

Jón: „Já, þar kemur lýsið líka til. Einu sinni var ég staddur á Hlemmi fyrir nokkrum árum. Þar var strákager og allir í hópnum hóstandi. Ég segi við drengina. „Hvað er þetta, eru hér ungir menn fullir af kvefi?“ Já, þeir bölvu kvefinu. „Það er eitt ráð til að losna við kvef og verða sterkir og stórir. Það er að taka lýsi,“ bendi ég þeim á. Þá segir einn: „Mér sýnist þú nú hafa tekið of mikið af því!“

Fylgdist þú vel með stráknum, Guðrún, þegar hann var í frjáls-um?

Guðrún: „Já, og fylgist með honum enn. Er líka alltaf voða spennt að vita hvernig ÍR gengur. Ég var í leikfimi í ÍR í gamla daga þannig að ég er ÍR-ingur frá upphafi.“

Jón: „Þú átt ÍR-metið í aldri og bætir það á hverjum degi. Hringir líka stundum til að tilkynna mér að nú hafi ÍR verið að vinna. Ég fylgist reyndar vel með þeim líka en stundum ert þú á undan með fréttirnar.“

Asi á Tómasi skáldi

Guðrún er fædd 24. maí 1911 á Grettisgötu 11, í fallegu húsi sem enn stendur, en flutti fimm ára niður í pósthúsið á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis þar sem pabbi hennar var ráðinn húsvörður. Beðin að rifja upp eitthvað skemmtilegt úr æsku nefnir hún strax rúntinn.

„Ég og vinkona mín sátum oft við gluggana á fyrstu hæðinni í pósthúsinu og horfðum á fólkið á rúntinum sem gekk um Austurstrætið. Ég man vel eftir Tómasi Guðmundssyni skáldi. Hann var á hálfgerðum hlaupum öll kvöld og tók fram úr fólki sem labbaði rúntinn rólega. Það var nú meiri asinn á manninum.“

Guðrún átti heima í mekka búðanna sem þá voru í Reykjavík. „Flestar nýlenduvörverslanirnar voru í Hafnarstræti og vefnaðarvörverslanir í Austurstræti og upp að Vatnsstíg.“

Jón: „Einu sinni sagðir þú mér frá stórum og miklum kjötkaupmanni í kjallara hússins sem stóð þar sem Landsbankinn er núna.“

Guðrún: „Já, hann var nú alveg milljón. Ég átti sjaldan peninga sem barn en ef mér áskotnuðust 50 aurar keypti ég ekki sælgæti heldur síldarsalat sem hjónin í þessari búð bjuggu til. Það var gengið inn í hana Hafnarstrætismegin og niður margar tröppur. Við ganginn sat alltaf, frá morgni til kvölds, stór St. Bernharðshundur og hjónin bjuggu í herbergi inn af búðinni, með hundinn. Það var sag á gólfinu hjá þeim, svart af skít. Ég hefði ekki verslað við þau í dag.“

Jón: „Þetta hlýtur að hafa verið mjög gott salat – og ekki bráðdrepani þrátt fyrir sóðaskapinn.“

Munaði mjóu í Hamborg

Bæði störfuðu mæðginin á skrifstofum. Hún hjá Skipaútgerð ríkisins í 25 ár meðan allt var handskrifað og reiknað á blöðum og hann hjá fiskmatstofnunum í tæp fimmtíu ár, síðast MAST, en hætti fyrir þremur árum er hann skreið yfir sjöunda tuginn.

Guðrún hefur haft samskipti við sex kynslóðir. Ólst upp með ömmu sína á heimilinu sem var fædd milli 1850 og 1860 og á nú sjálf barnabarnabörn. Margt hefur hún upplifað. Jón minnir hana á Þýskalandssferðina 1939 og hún segir frá:

„Við pabbi þinn fórum til Þýskalands í byrjun ágúst 1939 í verslunarerindum og vorum þar einn mánuð. Við áttum pantað far frá Kaupmannahöfn til Íslands 3. september og vorum í lest frá Hamborg til Kaupmannahafnar þegar Þjóðverjar réuðst inn í Pólland og stríðið braust út. Á brauturstöðinni í Hamborg var biðröð að passaskoðun. Pabbi þinn var kominn inn í lestina með töskurnar en ég var enn á pallinum og lestin að mjakast af stað, þá tók vinur okkar, sem við höfðum búið hjá, mig í fangið og henti mér inn um glugga þar sem pabbi þinn tók á móti mér. Það munaði litlu að ég yrði eftir og Guð veit þá hvenær ég hefði komist heim.“

Spilamennska var yndi Guðrúnar um dagana, allt til 95 ára aldurs. Einkum bridds. „Við vorum fjórar sem hittumst í mörg ár hver heima hjá annarri um helgar að spila brids. Svo var ég í félagsvist með eldri borgurum. Ég held ég hafi spilað alla daga vikunnar á tímabili, bridds um helgar og vist virku dagana.“

Þótt Guðrún segi Sóltún frábært heimili og hrósi aðbúnaðinum þar í hástert finnst henni dagarnir dálítið lengi að líða, því hún geti svo lítið haft fyrir stafni. „Ég býð eftir morgunkaffinu klukkan níu og líka eftir að Jón og fjölskylda komi. Gamlir leikfélagar eru allir horfnir í annan heim en ég á eina vinkonu, dóttur æskuvinkonu minnar sem ég sát hjá í barnaskólanum við Tjörnina í gamla daga. Hún kemur til mín einu sinni í viku og við tölum saman í síma annað hvert kvöld.“

LYFJA
– Lífið heil

15%
afsláttur
Gildir út mars.

**Nicorette
Fruitmint**
Allar pakkingar og styrkleikar.



www.lyfja.is

**Lægra
verð í
Lyfju**

BLENSKA/SALSA/STF 6577 0014

netto
Kræsingar & kostakjör

Nýtt
korta-
tímabil

LAMBALÆRI
FERSKT
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 1.498

1.393,-

100%
HREINT
KJÚKLINGA-
KJÖT!

KJÚKLINGABRINGUR
ÁN ALLRA AUKAEFNA
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 2.798

2.378,-



FERSKT -GRÍSAPOTTIRÉTTUR
Í SVEPPASÖSU
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 1.898

1.499,-

X-TRA SMÁBRAUÐ
15 STK 750 G
VERÐ PER POKA

349,-

HVÍTLAUKSBRAUÐ
X-TRA 2 STK
VERÐ PER PAKKI

199,-

MANGÓ
FRÁ PERÚ
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 489

245,-

-50%

COOP RÓTARGRÆNMETI
MEÐ RAUÐRÓFUM
VERÐ PER POKA

389,-

LAMBALEGGIR
FRÖSNIR
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 1.598

1.119,-

-30%

CROISSANT MEÐ SKINKU OG OSTI
BAKAÐ Á STAÐNUM
ÁÐUR 229

115,-

-50%

CAPRI SÚKKULAÐI
MEÐ KOKOS EÐA ÁN
VERÐ PER PAKKI
ÁÐUR 219

198,-

STARBUCKS
FRAPPUCCINO
255 ML
ÁÐUR 199

139,-

WHOLESOME
AGAVE SÝROP 1L
VERÐ PER FLÖSKU
ÁÐUR 1.259

999,-

CAFE PREMIUM
KAFFIPÚÐAR 36 STK
VERÐ PER PAKKI
ÁÐUR 549

499,-

-20%

BLENDA ÞVOTTAEFNI
SENSITIVE 1,17 KG
VERÐ PER PAKKA
ÁÐUR 499,-

399,-

Tilboðin gilda 20. -23. mars 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Vill setja velferðarmál í forgang

Porleifur Gunnlaugsson, oddviti Dögunar í Reykjavík, telur nauðsynlegt að setja meiri pening í velferðarmál í borginni og byggja upp fleiri félagslegar íbúðir. Hann vill ráða ópólitískan borgarstjóra og auka íbúalýðræði. Porleifur segir að það hafi verið erfið ákvörðun að hætta í Vinstri grænum á sínum tíma en hann var einn af stofnendum flokksins.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR

„Þetta er spurning um forgangsroðun. Ef flugvöllurinn fer þá kostar það. Ég hef líka ríka samúð með landsbyggðarfólki. Flugvöllurinn er mikilvægur fyrir það. En afstaða Dögunar er að það verði haldin íbúakosning um málið og þannig verði það afgreitt.

HARPAN

„Það þarf að gera Hörpuna sjálfbæra. Ég hefði haldið að það væri hægt að setja aðra starfsemi inn í Hörpuna, t.d. verslunarmiðstöð og nýta rýmið betur.

FYRSTA VERK SEM BORGARSTJÓRI

„Mitt fyrsta verk væri að klára þessa vegferð með hverfalýðræði. Setja völdin út í hverfin, út í þjónustumiðstöðvarnar og auka íbúalýðræði.



AUKA ÍBÚALÝÐRÆÐI
Porleifur Gunnlaugsson vill auka íbúalýðræð og setja völdin út í hverfin. Hann vill ráða framkvæmdastjóra í borgarstjórástólinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég var einn af stofnendum Vinstri grænna. Ég fann mig hins vegar ekki lengur í flokknum og hafði ekki liðið vel þarna í nokkur misseri þó að þar sé mikið af góðu fólki,“ segir Porleifur sem hætti í Vinstri grænum í byrjun árs. Hann segir að það hafi verið erfið ákvörðun. „Auðvitað eru tilfinningar í þessu en stóra málið er að þetta er ekkert persónulegt. Ég hef reynt að halda því þannig að ég hef ekki verið að ráðast á mínu gömlu félagi. Ég á marga góða vini þarna sem ég hef haldið góðu sambandi við. Ég hef viljað halda þessu á málefnalegum nótum en ekki persónulegum.“

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi ráðherra, lýsti í vikunni yfir stuðningi við framboð Þor-

leifs og þau málefni sem hann stendur fyrir. „Við Ögmundur höfum verið miklir og góðir samstarfsmenn í gegnum tíðina. Þegar ég kem inn í VG á sínum tíma þá var það hann sem tók fyrst á móti mér. Við höfum alla tíð starfað mjög vel saman. Þannig að [stuðningsyfirlýsing Ögmundar] kemur mér ekki á óvart en mér þykir ákaflega vænt um þennan stuðning frá þessum merka manni sem ég lít mikið upp til,“ segir Porleifur.

Tekjutengdar gjaldskrár

Dögun hefur ekki áður boðið fram í borgarstjórnarkosningum og Porleifur segir að málefnavinnu sé ekki lokið. Hann segir þó ljóst að flokkurinn muni leggja áherslu

á velferðarmál í komandi kosningum. „Okkar áherslur eru mikið á sviði velferðarmála og gagnvart láglaunafólki í Reykjavík. Við tölum um réttlátara samfélag sem felst í því að allir eigi að hafa í sig og á og þak yfir höfuðið. Öll börn eiga að hafa rétt á því að þroskast á eðlilegan hátt óháð efnahag foreldra. Við viljum að gjaldskrár verði tekjutengdar þannig að fátækasta fólkið geti líka látið börnin sín í leikskóla, í skólamáltíðir og frístundaheimili. Að okkar mati er þetta grunnþjónusta sem á að vera gjaldfrjáls. Ríkið þyrfti að koma meira inn í þetta eins og gengur og gerist í nágrannaríkjum okkar. En á meðan það er ekki þá viljum við taka þetta skref og tryggja að öll börn eigi rétt á sömu þjónustu.“

Vill ópólitískan borgarstjóra

Porleifur vill auka íbúalýðræði og setja völdin út í hverfin. Hann segir óeðlilegt að flokkar sem ná oddastöðu setji fram kröfu um borgarstjórástólinn. „Ég myndi aldrei fara fram á það að fá að vera borgarstjóri ef ég myndi komast í oddastöðu. Það er bara ólýðræðislegt í mínum huga. Ég held hins vegar að það væri gáfulegt að hætta að tala um minnihluta og meirihluta. Við eigum bara að ráða framkvæmdastjóra í stól borgarstjóra. Borgarfulltrúar eiga að nálgast málin á málefnalegan hátt en ekki vera bundnir af flokkum. Við eigum bara að taka hvert og eitt mál og afgreiða það málefnalega,“ segir Porleifur.

STJÓRN MÁLAPÁTTTAKA

➤ Formaður Félags dúklagninga- og veggfóðrarmeistara.

➤ Stjórn Meistarabands byggingamanna.

➤ Varaborgarfulltrúi VG 2006.

➤ Borgarfulltrúi VG 2007.

➤ Varaborgarfulltrúi VG 2010 til 2014.

MENNTUN OG HELSTU STÖRF

➤ Dúklagningameistari frá Iðnskólanum í Reykjavík.

➤ Trillukarl í Reykjavík.

➤ Starfsmaður í Vélsmíðjunni Héðni.

➤ Starfsmaður Samtaka herstöðvarandstæðinga.

➤ Starfsmaður í iðnaðarplastverksmiðju í Norrköping í Svíþjóð.

➤ Starfsmaður SÁÁ.



DÖGUN

Höskuldur Kári Schram
hoskuldur.schram@frettabladid.is



visir.is

Viðtalið við Porleif er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á visir.is**

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

BRÚÐKAUPSSÝNING Í HÖRPU

Það verður glæsilegt um að litast í anddyri Hörpu um helgina en þar fer fram viðamikil brúðkaupssýning. Sjá má fallega brúðarvendi, blómaskraut, hárskraut og brúðarkjóra auk þess sem veitingaþjónusta er kynnt. Sýning stendur frá kl. 10-20 í dag og á morgun.



NÁMSAÐSTOÐ.IS

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Upplýsingar og innritun á namsadstod.is allan sólarhringinn. Öll skólastig. Reyndir kennarar.

Nemendabíðnustan.sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Heilsumeðferðir

Jónínu Ben í Póllandi



Detox Jónínu Ben

Á gríðarlega fallegum stað í þjóðgarði, nálægt Gdansk, í Póllandi býður Jónína Ben upp á meðferðir til þess að fyrirbyggja og lækna lífsstílsjúkdóma. Meðferðin er óhefðbudnin fasta en er unnin í samráði við lækni hótelsins.

SPA deildin er einstök og í boði eru fjöldi fegrunarmeðferða.

Hreyfing, hollt mataræði, nudd, fyrirlestrar og fræðsla og einkaráðgjöf er innifalið í verðinu.

Nánari upplýsingar veitir
Jónína Ben á eða í síma 822 4844.
Netfang joninaben@nordichealth.is

Vor/Sumar 2014

4. – 18. apríl
10. – 24. maí
24. maí – 7. júní **Uppselt**
13. – 27. júlí

Haust

7.- 21. september 2014

Kæru Íslendingar,

Það er mér mikil ánægja að taka á móti ykkur á þessum nýja stað þar sem náttúruferðirnar, maturinn og starfsfólkið er framúrskarandi. Í þau tíu ár sem ég hef unnið við Detoxmeðferðirnar hef ég notið þess að sjá fólk ná tökum á vanheilsu, endurnýja orkuna sína og fá nýja sýn á lífið, sem oft er flókið. Það er mér heiður að fræða ykkur um föstur í ró og í næði þar sem allir fá að fara á sínum hraða í gegnum prógrammið.

Með þakklæti,
Jónína Ben

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



S A F T



UNDRASMYRSL

BALSAM KYNNIR Dórothea Bergs hjúkrunarfræðingur segir Tiger Balsam vera undrasmyrsl við ýmsum líkamlegum eymslum og langvarandi verkjum.

Tiger Balsam er hundrað prósent náttúrulegt hitasmyrsl sem á rætur sínar að rekja til Kína til forna og er í dag vel þekkt um allan heim fyrir ótrúlegan lækningamátt. Tiger Balsam er unnið úr einstakri náttúrulegri jurtablöndu sem aldagömul reynsla hefur sýnt og sannað að er bæði traust og árangursrík.

BÆTIR ANDLEGA OG LÍKAMLEGA LÍÐAN

Dórothea Bergs hjúkrunarfræðingur hefur margra ára reynslu af því að vinna með fólki sem á við verki að stríða. „Mín reynsla er sú að flestir Íslendingar glíma við einhverja verki og margir eiga erfitt með að komast í gegnum daginn. Ég hef mælt með Tiger Balsam í nokkurn tíma við hinum ýmsum verkjum eins og bakverkjum, hálsverkjum, axlarverkjum, liðverkjum eða vöðvabólgu og árangurinn hefur verið hreint út sagt ótrúlegur. Verkirnir hreinlega hverfa. Svo er virkilega gott að setja aðeins á gagnaugað við höfuðverk, efri vörina við kvefi eða á bringuna við hósta. Þetta er unnið úr einungis náttúrulegum efnum án parabena og annarra kemískra efna og hentar því ungum sem öldnum. Ég nota þetta sjálf á alla fjölskylduna mína því Tiger Balsam kemur jafnvægi á daglegt líf og gefur líkama og sál nauðsynlega friðsæld frá óþægindum,“ segir Dórothea.

Tiger Balsam veldur engu áreiti á húð eða höndum og er auðvelt að bera á og þvo af sér. Smyrslíð býður upp á bæði hita- og kælimeðferð. Frekari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Tiger Balsam. Tiger Balsam er meðal annars fáanlegt í fjölda apóteka um land allt og heilsuhillum Hagkaups, Heilsuvers og Fjarðarkaupts.



100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM

- Frábært fyrir alla á heimilinu sem upplifa líkamlega verki
- Linar verki nánast samstundis
- Mjög áhrifaríkt í vetrarkuldanum
- Öflug lausn fyrir íþróttafólk sem og aðra sem lifa athafnasömu lífi
- Upphitun – eykur blóðrás og því virkilega gott til að mykja upp vöðva fyrir æfingar af öllu tagi
- Vinnur gríðarlega vel á harðsperrum

ÓTRÚLEGUR ÁRANGUR

Dórothea Bergs, hjúkrunarfræðingur á Landspítala og hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, mælir eindregið með Tiger Balsam.

FRÉTTABLAÐID/GVA



TIGER BAL-SAM RED & WHITE

HITAMEDFERÐ (RED)

- Háls- og axlarverkir
- Bakverkir
- Liðverkir
- Vöðvabólgu
- KÆLIMEDFERÐ (WHITE)
- Háls- og axlarverkir
- Höfuðverkir
- Hósti, kvef og nefstíflur

Veggfóðursdagar

20% afsláttur af öllu veggfóðri

Tilboðið gildir til 29. mars



Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga 11-15

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14, 108 Reykjavík | Sími 551 6646 | LauraAshley.is

ROSEBERRY

Öflugt gegn blóðrubólgu

Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**

Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**

Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Sölumenn:

Bryndís Hauksdóttir,

bryndis@365.is, s. 512 5434

Jón Ívar Vilhemson,

jonivar@365.is, s. 512 5429

Kolbeinn Kolbeinsson,

kolli@365.is, s. 512-5447



HÁRLITA RÁÐGJÖF

Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

**Laugardagur 22. mars
kl. 13-18
Hagkaup Smáralind**



Heiðar Jónsson

Förðunarfræðingur og
Image designer kennari
frá First Impressions í Bretlandi.

Diplómagráða í litafræðum
frá L'Oréal Paris.

ÍSLENSKUR ILMUR Í JAPAN

HÖNNUN Aðdáun á tónlist Bjarkar og Sigur Rósar kveikti ástarbál á milli Íslendinga og Japana. Ástríða hjónanna er að markaðsetja íslenska hönnun í Japan þar sem stórir hlutir gerast hjá íslenskum hönnuðum.

Við kynntumst á umhverfistónleik-um í Laugardalshöll 2006 og það var ást við fyrstu sýn,“ segir Þröstur Heiðar Þráinsson um örlagaríkan dag í lífi sínu þegar hann leit hina japönsku Kaori Ohtomo fyrst augum. „Kaori hafði þá komið gagnert til landsins til að sjá Björk á tónleikum en ég fór til að styðja málstaðinn og hlusta á Sigur Rós.“

Kaori og Þröstur hafa nú verið gift í sex ár og reka saman fyrirtækið Ilm Reykjavík sem sérhæfir sig í markaðssetningu íslenskrar hönnunar á ört vaxandi norrænum markaði í Japan.

„Kaori þýðir Ilmur á íslensku og þaðan er nafnið á fyrirtækinu komið. Kaori er markaðsfræðingur með mikla reynslu af markaðsmálum í Japan, vel tengd í japanska fjölmiðla og þekkir allar hliðar japanskrar viðskiptahefðar,“ útskýrir Þröstur um velgengni Ilms Reykjavík.


SÆT OG GRÍPANDI HÖNNUN

„Japanar hafa á ýmsan hátt ólíkan smekk en Íslendingar og eru meira fyrir sæta og grípandi hönnun. Þeir spá mikið í merki og sögu og þess vegna hefur íslensk hönnun hitt Japani í hjartastað,“ segir Þröstur, sem ásamt Kaori, hefur unnið ötullega að markaðssetningu í Japan með á annan tug íslenskra hönnuða.

„Við erum í þeirri sterku stöðu að eiga í samstarfi við virt hönnunarfyrirtæki í Japan og sjáum um að finna hönnuði sem mæta eftirspurn eftir norrænum listmunum. Við sjáum um að laga vöruna að japönskum kröfum því menningarmismunur er mikill og nálgun í viðskiptum allt önnur en þekkt hér heima.“

Kaori og Þröstur héldu upphaflega sýningu á íslenski hönnun í íslenska sendiráðinu í Tókýó við mikinn áhuga ytra og undanfarið hafa borist gleðifréttir af nokkrum skjólstaðingum Ilms Reykjavík sem eru að komast á markað í Japan.

„Þann 10. apríl verður nafn hönnuðarins Ingu Höskuldsdóttur að vörumerki á japönskum hönnunarmarkaði og árangur hennar mjög merkilegur. Í Japan er verðmætara til framtíðar að skapa sér nafn og



LISTELSK HJÓN Þröstur og Kaori eru búsett á Íslandi en Kaori er fædd og uppalin í Norður-Japan þar sem veðurfar er svipað og hér á landi en sumrin lengri og veturnir snjóþyngr. Á myndinni má sjá skart Millu um háls Kaori.

MYND/GVA

vörumerki frekar en að koma eingöngu fáeinum vörum í verslanir. Kostir þess að vera vörumerki eru gríðarlegir; vörur fara í fjölda hönnunarverslana og dyr opnast að stærstu sölu- og hönnunarsýningum.“

FLEIRI MUNU SLÁ Í GEGN

Annar íslenskur listamaður sem haslar sér nú völl í Japan er Helga Ósk Einarsdóttir skartgripahönnuður sem hannar skart undir merkinu Milla.

„Milla hefur fengið heilsíðuumfjallanir í þekktum japönskum skartgripatimaritum og þar hefur verið komið inn á hundraða ára sögu víravirkis í íslenskum þjóðbúningum sem Milla tengir í skart fyrir nútímakonur. Allt er það fin landkynning sem snertir menningarlega fortíð og nútíma hönnun Íslendinga,“ segir Þröstur.

Fleiri hönnuðir á vegum Ilms Reykjavík eru líklegir til að slá í gegn í Japan.

„Þetta er barnið okkar, ástríða og áhugamál og viðtökurnar langt framar vonum í velgengni íslenskra hönnuða.“

■ thordis@365.is



MILLA


Hér má sjá umfjöllun um skartgrip Millu í japönsku skartgripatimariti.

ÁSTRÍÐA

„Þetta er barnið okkar, ástríða og áhugamál.“

Betra blóðflæði Betri líðan - betri heilsa

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide**. **SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að **30%** æðaútvíkkun, **30%** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, **20%** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide** hefur áhrif á og bætir: Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, þynnku, astma, lungnaþembu. Ríkt af andoxunarefnum.



SUPERBEETS Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur

Hvað gerir **SILDENAFIL**
The release of **nitric oxide** molecules causes erection.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og World Class



Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998
Sameind ársins 1992



MATREIÐSLUMAÐUR NORÐURLANDANNA 2014

Viktor Örn Andr sson, yfirmatrei slumeistari   **LAVA**, veitingasta  Bl a L nsins, f r me  sigur af h lmi   keppninni um Matrei slumann Nor urlandanna 2014, sem fram f r   Herning   Danm rku 18. mars s  astli inn.

Bl a L ni  er stolt af s num manni og  skar honum innilega til hamingju!

HVAÐ ER Í BOLLANUM?

Helgarbollinn er oft betur útlátinn en vinnustaðar-kaffið sem flestir lepja virka daga. Út í hann fer gjarnan bæði mjólk og sykur. Það er sjálfsagt að gera vel við sig en einhverjum kann að koma á óvart hversu margar kaloríur eru í lattebolla.

Hér má sjá saman-burð á milli nokk-urra algengra kaffi-drykkja:

ESPRESSO

Kaffi og vatn

KALORÍUR:

EINFALDUR: 6

TVÖFALDUR: 11

FITA: 0 g

AMERICANO

2-3 espresso-skot og vatn. Mjólk ef vill.

KALORÍUR:

LÍTILL: 11 STÓR: 23

FITA: 0

CAPPUCCINO

1 espresso-skot með blöndu af heitri og flóaðri mjólk.

KALORÍUR:

LÍTILL: 122 STÓR: 207

FITA:

LÍTILL: 6,4 g STÓR:

10,7 g

LATTE

1-2 skot af espresso með heitri mjólk.

KALORÍUR:

LÍTILL: 200 STÓR: 341

FITA:

LÍTILL: 10,6 STÓR: 17,9



VILTU MJÓLK ÚT Í KAFFIÐ? Svart kaffi er nærri laust við kaloríur en öðru máli gegnir um mjólkurkaffi og enn öðru um kaffi með mjólk og sykri.

MOCHA

2-3 espresso-skot, heit mjólk, súkku-laðisósa, og þeyttur rjómi.

KALORÍUR:

LÍTILL: 255 STÓR: 484

FITA:

Lítill: 9,3 g Stór: 25,3 g

VANILLU-FRAPPUCCINO

Kaffi, sykur, vanillu-síróp, mjólk og klaki. Sumir toppa með rjóma.

KALORÍUR:

LÍTILL: 344 STÓR: 530

FITA:

LÍTILL: 12,5 g Stór: 18 g

FÁÐU FLATAN MAGA

RARITET KYNNIR Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum? Þá er lausnin fundin með hjálp vinveittra meltingargerla frá OptiBac Pribiotics.

Ég get ekki hugsað mér að vera án gerlanna,“ segir Marta Eiríksdóttir jógakennari sem starfar í Lifandi markaði.

Marta hefur notað Optibac Probiotics-gerlana að staðalri síðan í haust.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingar-ópægindum í langan tíma. Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli,“ segir Marta, sem reynir eftir megni að sneiða hjá mjólkurvörum, sykri, glúteni og unnum kjötvörum.

„Líkami minn þolir ekki þessar mat-vörur. Meltingin fer úr skorðum og ég verð þreytt og orku-lauss. Vissulega getur verið erfitt að sneiða hjá þessum fæðutegundum en þegar ég

borða mat sem ég þoli illa á ég alltaf til poka af „For a Flat Stomach“ í veskinu.“

Marta mælir hiklaust með OptiBac Probiotics-vörunum.

„Ég nota „For a Flat Stomach“ sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga. Einn af hverjum fimm fær þaninn maga einu sinni eða oftar í mánuði sem getur stafað af fæðuóþoli, streitu, fyrirtíðaspennu, tíðahvörfum eða lélegu mataræði.“

OptiBac Probiotics er ný lína af meltingargerlum með vísindalega sannaðri virkni í meira en þrjátíu klínískum rannsóknum. Aðrar gagnlegar vörur frá OptiBac Probiotics eru:

„Bowel Calm“ (Saccharomyces Boulardii) stoppar niðurgang á náttúrulegan og fljótvirkan hátt og er áhrifaríkt gegn gersveppaóþoli (Candida).

„Optibac for Every Day“ (extra sterkt) inniheldur 20 milljarða lifandi baktería í dagskammti. Bakteríurnar hafa verið ítarlega rannsakaðar í yfir 75 klínískum rannsóknum. Virkar vel gegn candida og iðrabólgu (IBS), sem hrjáir tuttugu prósent manna.

„Bifidobacterium BB12“ með trefjum virkar vel gegn hægðatregðu og kemur meltingu í eðlilega virkni. Gott fyrir alla og öruggt fyrir konur á meðgöngu og börn frá eins árs aldri.

OptiBac-vörurnar innihalda blöndu sýrubolinnar meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart? Kannski erfitt fyrir mig að segja. En ég held að það komi mörgum á óvart hvað ég er mikið nörd.

3 Hvað kemur út á þér tárunum? Alveg ofsalega margt, tárast yfir mjög fjölbreytilegu sjónvarpsefni. En það sem kemur alltaf út hjá mér tárur er laukur. Laukur fær mig alltaf til að grenja.

4 Hvað gerir þig pirraða? Þegar ég er of sein eitt-hvert. Þá kemur Grýlan fram.

5 Hvað er fyndnast í heimi? Prump klikkar ekki. Eitt-hvað svo ofsalega fyndið við það, sama hvað maður verður gamall.

6 Er líf á öðrum hnöttum? Ég er eiginlega alveg viss um það. Þó að það sé eitthvað svo langt í burtu að við munum aldrei komast í tæri við það.

7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt? Ætli það sé ekki bara alltaf þegar þjóðsöngurinn byrjaði þegar ég spilaði landsleik.

8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir? Þá er ég yfirleitt að baka eða skreyta köku eða hnoða í súrdeigsbrauð. En þegar ég er ein vöknud og allir aðrir sofandi þá borða ég yfirleitt bland í poka.

9 Hvaða frægu persónu ertu skotin í? Chris Hemsworth sem leikur Thor. Er sjúk í hann.

10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu? Tæki Lonely Planet-bók eyjunnar sem ég heimsæki. Platan yrði örugglega fyrsta SamSam-platan, bara af því að hún er ekki til og ég hlakka svo til að heyra hvernig hún mun hljóma. Get ekki beðið eftir að hún verði hluti af heiminum. Garden State yrði bíómyndin af því að ég held ég gæti aldrei fengið nóg af henni.

11 Hver er fyrsta minningin þín? Ein sú fyrsta var þegar ég fékk eina af mínum stórgóðu hugdettum þriggja eða fjögurra ára. Ég ætlaði að klæða mig upp sem Lína Langsokkur (svona eins og ég gerði flesta daga) og þurfti þ.a.l. stóra sokka frá pabba. Þá var auðvitað þrúlað upp í skáp sem var himinhár (svona 190 cm he, he) og man bara eftir því þegar ég fann hann vagga, og vagga þangað til við hrundum niður saman, ég og skápurinn. Nema hann endaði ofan á mér. Þetta var fyrsta spítalaferðin sem ég man eftir. Svo er líka ein af þeim fyrstu sem ég man af mér og Hófi sitjandi á gólfinu að taka upp lög í kassettutæki. Hófi kunni fullt af lögum, en ég eiginlega engin þannig að ég bjó þau bara til á staðnum, um ruslatunnur og inniskó og fleira.

12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár? Alveg örugglega eitthvað sem ég er ekki enn búin að láta mér detta

í hug að sé hægt að gera. Vonandi verð ég enn þá bara að ýta mér út fyrir þægindahringinn á alla mögulega vegu. Kannski í öðru landi, kannski með börn, kannski að skrifa bók, kannski búin að eignast húsnæði, kannski með stutt hár. Hver veit.

13 Popp eða klassík? Popp fyrir mig, þó að ég kunni að meta klassík. En svo finnst mér popp algjör klassík, fer stundum í bíó bara til að fá mér popp (djók).

14 Hver var æskuhetjan þín? Lína Langsokkur, reyndar trúði ég heillengi að ég væri bara hún.

15 Er ást í tunglinu? Klárlega! Ástin er alls staðar!

→ Söngkona og knattspyrnukona

Söngkonan og fyrrverandi landsliðskonan í knattspyrnu Greta Mjöll Samúelsdóttir vann hug og hjörta þjóðarinnar þegar hún flutti lagið Eftir eitt lag í undankeppni Eurovision. Hún skipar dúettinn Sam-Sam ásamt systur sinni Hólmiðfríði en þær stefna á að gefa út sína fyrstu plötu á þessu ári.




APP VIKUNNAR LÖGREGLUÞJÓÐIN

App vikunnar að þessu sinni er smáforrit sem ber nafnið Lögregluþjóninn. Um er að ræða snjalltækjaforrit lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virgni Tilgangur þess er að miðla upplýsingum til þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Með lögregluþjóninum er hægt að skoða efni sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu deilir á samfélagsmiðlum með auðveldum og þægilegum hætti en þar birtir lögreglan skilaboð og upplýsingar sem eiga sérstaklega erindi til almennings, auk þess að eiga þar í samskiptum við almenning, en til að mynda er hægt að nota lögregluþjóninn til að koma ábendingum eða fyrirspurnum til lögreglu.

Möguleikar Með lögregluþjóninum er einnig mögulegt að koma áriðandi upp-lýsingum hratt til notenda hans með svokölluðum þrýsti-skilaboðum (push notifications), en slíkt er til dæmis hægt að nota þegar leitað er að týndum einstaklingum. Ef þig vantar lögreglu-aðstoð, hringdu í 112. Lögreglan tekur ekki við útkallsbeiðnum gengum samfélagsmiðla.

Samvirgni Með lögregluþjóninum í símanum er hægt að sjá, á einum stað, alla þá þjónustu sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu býður upp á, gegnum samfélagsmiðla. Þar er hægt að skoða upplýsingar, ljósmyndir og



allt hitt sem við birtum reglulega. Hægt er að ná í Lögregluþjóninn á App Store eða Google Play, fyrir snjalltæki sem nota

Android og iOS. Vert er að taka fram að forritið veitir lögreglu engan aðgang að gögnum símans eða staðsetningu hans.

Superkaup.is

Fermingartilboð



Borgaris ehf. Breiðvangur 28, 220 Hafnarfjörður s. 564 6700

Vnr. 86620040
KÓPAL glitra, innimálning,
gljástig 10, 4 l, allir litir.

málning

4 LÍTRAR



KLÚBB verð
4.995 kr.
Almennt verð 5.995 kr.

10 LÍTRAR



Vnr. 85540083/1083
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.

7.995 kr.

7 LÍTRAR



Sadolin

Vnr. 89071170
SADOLIN innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 7 l.

6.995 kr.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

9 LÍTRAR

Vnr. 80602509
GJØCO PROFF
innimálning, 9 l.


5.995 kr.



Harris®

Vnr. 83001994
HARRIS Extra Plus
penslasett, 3 penslar.

645 kr.



Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla, 25 cm
og lengjanlegt skaft.

1.845 kr.



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.

995 kr.



Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l.

495 kr.



Vnr. 68224394
LUX málningarrúlla, 25 cm.

595 kr.



Vnr. 83614821
NORDSJØ medium
sparti, 0,5 l.

895 kr.



Harris®

Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki
og penslasett.
1.295 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myskabreng. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



facebook.com/BYKO.is

www.byko.is / BYKO auglýsingastofa

PEGAR TÉKKÓSLÓVAKÍA VAR MYRT

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson reynir ekki einu sinni að draga fjöður yfir hvað honum finnst Úkraínu-málið núna svipað haustinu 1938 þegar Adolf Hitler þóttist þurfa að „vernda“ þýska íbúa Súdetalanda.



Godwin-lögmálið er hún kölluð, sú að því er virðist ófrávikjanlega tilhneiging að í rökræðum (ekki síst á netinu), þá endar alltaf með því að einhverjum verður líkt við Adolf Hitler. Mike Godwin, sá er áttaði sig á þessu, er bandarískur lögmaður og rithöfundur, hann setti lögmálið sitt fram þegar árið 1990. Reductio ad Hitlerum er aftur á móti hugtak sem heimspækingurinn Leo Strauss smíðaði árið 1951 til að lýsa algengri villu manna í rökræðum. Hún gengur út á að sýna fram á að andstæðingurinn í rökræðunum hafi að einhverju leyti svipaðar skoðanir og Adolf Hitler á eiginlega bara einhverju, og þar með sé augljóst að hann sé óalandi og óferjandi, þótt viðkomandi skoðun snúist alls ekki um sjálft deiluefnið í rökræðunum. Slíkt fannst Strauss ekki góð latína, en hann var Þjóðverji af gyðinga-ættum sem endaði í Bandaríkjunum.

Nú má vera að ég falli í gryfjur bæði Godwin-lögmálsins og villunnar hans Strauss með eftirfarandi flækjusögu. En það verður

þá að hafa það. Það er nefnilega svo marga sambærilegt við annars vegar framferði Vladimírs Pútín í málum Úkraínu nú og hins vegar framferði Hitlers í málum Tékkóslóvakíu á fjórða áratugnum, að það er með öllu ástæðulaust að reyna að leyna því hvað er tilefni greinarinnar sem hér fer á eftir.

Það er haustið 1938. Tuttugu ár eru frá hruni Þýskalands í kjölfar ósigurs í fyrri heimsstyrjöld. Þjóðverjum þykir sumum tímabært að reisa sig til stórveldis á ný. Til valda er kominn Adolf Hitler, ákafur þjóðernissinni og yfirgangsseggur. Hann hefur þegar lýst því í smáatriðum í bókinni Mein Kampf hvernig Þjóðverjar eiga í nafni kynþáttayfirburða að undiroka aðrar þjóðir í Mið- og Austur-Evrópu og í reynd hneppa þær í þrældóm. Nú er hann að safna í þýskt stórríki, til að undirka herferð sína í austur, og á útmánuðum þetta ár hafði hann sent her sinn inn í Austurríki. Þar voru íbúar af mjög svipuðum bergi brotnir og í Þýskalandi og flestir tóku innrásinni vel – vildu heldur tilheyra endurreistu þýsku stórveldi en því smáríki sem Austurríki var þá orðið. Í lok fyrri heimsstyrjaldar hafði stórveldi Austurríkis hrúnið gjörsamlega og mörg ríki slavneskra þjóða orðið til úr rústum þess, auk Ungverjalands. Og nú hefur Adolf Hitler beint sjónum sínum að einu þeirra, nágrannaríkinu Tékkóslóvakíu.


Þegar Austurríki sundraðist hafði orðið úr að nágrannaríkjarnar Tékkar og Slóvakar gengu í bandalag og mynduðu nýtt ríki. Tékkar lögðu meðal annars til Bæheim sem fram á 16. öld hafði verið sjálfstætt ríki og nokkuð öflugt. Bæheimur var að vestan og norðan umkringdur hinum lágu og gróðursælu Súdetafjöllum en þau voru snemma byggð Þjóðverjum að töluverðu leyti. Í umrötinu 1918 hafði um tíma verið rætt um að

Súdetafjöll skyldu falla til Þýskalands en ekki hinnar verðandi Tékkóslóvakíu, en ekki varð það úr. Ekki var talin ástæða til að verðlauna Þýskaland með nýjum héraðum eftir framgöngu þess í fyrri heimsstyrjöld, auk þess sem þessi svæði höfðu náttúrulega aldrei tilheyrt því sameinaða Þýskalandi sem til varð á 19. öld. Þá vildu Tékkar skiljanlega halda fjöllumum sem náttúrulegum landamærum (og varnarlínu) gegn Þjóðverjum.


Fyrirmyndarríki

Sú Tékkóslóvakía sem varð til 1918 var að mörgu leyti fyrirmyndarríki og til dæmis hið eina af nýjum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu þar sem lýðræði hélt óskert allt frá stofnun eftir fyrri heimsstyrjöld. Forsetarnir Tomáš Masaryk og síðan Edvard Beneš lögðu sig fram um að halda þjóðum og þjóðarbrotum Tékkóslóvakíu góðum, og Þjóðverjar í Súdetafjöllum höfðu margvísleg réttindi, enda voru þeir alls nærri fjórðungur íbúafjölda landsins, eða um 22 prósent árið 1921. Þegar kom fram á fjórða áratuginn bar ekki á öðru en hinir þýsku íbúar landsins væru þokkalega sáttir við hlutskipti sitt sem íbúar Tékkóslóvakíu.

En fljótlega eftir að nasistar komust til valda í Þýskalandi byrjuðu þeir að róa í Súdetar-Þjóðverjum að krefjast sameiningar héraða sinna við Þýskaland og eftir að Austurríki hafði verið innlimað fór sá áróður á fullt. Allt í einu fylltust þýsk blöð af frásögnum um ægilegt harðræði og kúgun sem þýskir íbúar Tékkóslóvakíu þyrftu að sæta af hendi hinna grimmu og illu Tékkar. Ef marka mátti þann áróður allan, þá var líf allra þýskra íbúa landsins í stórhættu og leiðtogar þeirra ákölðuðu Hitler ákaft um að koma og „vernda“ sig. Ótal sögur komust á kreik um fantaskap Tékkar og Hitler fór mikinn í ræðum um það



ÞÝSKALAND INNLIMAR SÚDETALAND 1938



mikla „vandamál“ sem uppi væri og ekki yrði leyst nema Súdetahéruðin fengju að komast undir verndarvæng Þýskalands. En hin forhertu stjórnvöld í Prag skelltu skollaeyrum við öllum sanngjörnum kröfum Súdetar-Þjóðverja! argaði hann í alla sína hljóðnema. Og ætluðu að bæla niður menningu og tungumál Súdetar-Þjóðverja, þessir vondu menn!

Hljómar kunnuglega, ekki satt? Í reynd hafði Hitler auðvitað skapað vandamálið sjálfur. Sögur um slæma sambúð Tékkar og Þjóðverja í Súdetalöndum voru ýmist tómur tilbúningur frá upphafi til enda eða ýktar upp úr öllu valdi, þótt auðvitað færi að bera á taugaóstyrk og titringi þegar búíð var að æsa alla aðila upp – en reyndar héldu stjórnvöld í Prag ró sinni alveg furdanlega og vildu flest til vinna að ekki kæmi til stríðs við Þjóðverja eins og Hitler var nú opinskátt farinn að hótá. Einn helsti leiðtogi Súdetar-Þjóðverja, nasistinn Konrad Henlein, hafði reyndar verið kallaður sérstaklega á leynifund með Hitler um sumarið 1938 þar sem honum var skipað að setja ævinlega fram algjörlega óraunhæfar kröfur í viðræðum sínum við stjórnvöld í Prag. Þannig yrði þeim alltaf kennt um að hafa hafnað samningum.

Nú má spyrja, voru kröfur Hitlers nokkuð óréttmætar í þetta sinn? Íbúar Súdetahéraða voru sannanlega að meirihluta til Þjóðverjar og því skyldu þeir ekki fá að tilheyra því ríki sem þeir kusu? Því er meðal annars til að svara að öllum mátti þá þegar vera ljóst að það var ekki ein-skær umhyggja fyrir Súdetar-Þjóðverjum sem vakti fyrir Hitler.

Eftir því sem málið þróaðist varð æ augljósara að hann ætlaði sér einfaldlega að leggja Tékkóslóvakíu í rúst. Ríkið var of öflugt og í of nánum tengslum við Vesturlönd til að hann gæti þolað slíkt. Það var einmitt eitt af áróðursbrögðum Hitlers gegn Prag-stjórninni að hún væri ekki annað en leppur Vesturveldanna, einkum Frakklands, sem ætlaði að nota Tékkóslóvakíu sem stökkbretti fyrir áróður og síðan stríðsrekstur gegn Þýskalandi. Hljómar það ekki svolítið kunnuglega? – nú þegar áróðursmenn Pútíns og samverkamenn þeirra halda því statt og stöðugt fram að ný stjórnvöld í Úkraínu séu ekki annað en leppar CIA og NATO gegn hinum stoltu Stór-Rússum?

En sannleikur var sá að stríð gegn Tékkóslóvakíu var einfaldlega hluti af stríðsplönum Hitlers, og hefði átt að vera öllum augljóst þegar þarna var komið sögu.

Beneš, forseti Tékkóslóvakíu, treysti lengi vel á bandalag sitt við Breta og Frakka, en þeim ríkjum til ævarandi skamrar fórnðu þau Tékkóslóvakíu á hinum alræmda Münchenar-fundi í lok september 1938. Chamberlain, forsætisráðherra Breta, beitti sér eindregið

“Hljómar kunnuglega, ekki satt? Í reynd hafði Hitler auðvitað skapað vandamálið sjálfur. Sögur um slæma sambúð Tékkar og Þjóðverja í Súdetalöndum voru ýmist tómur tilbúningur frá upphafi til enda eða ýktar upp úr öllu valdi.

fyrir því að Þjóðverjum yrði heimilað að innlima Súdetalöndin, og var stjórn Beneš ekki einu sinni spurð álits, þótt hún yrði að fallast á niðurstöðuna. Þjóðverjar og Ungverjar notuðu um leið tækifærið þegar Tékkóslóvakía lá vel við höggi og hirtu sína búta af landinu.

Skriðdrekunum fagnað

Og íbúar Súdetahéraðanna fögnuðu óspart þegar skriðdrekar Hitlers ösluðu yfir landamærin, nú fengju þeir loksins (!) „vernd“ gegn ofsóknum Tékkar, enda hefðu héruðin „ávallt“ verið sannur hluti Þýskalands. Tékkneskir íbúar Súdetahéraðanna voru svo strax reknir á braut.

Chamberlain taldi sig, eins og frægt varð, vera að tryggja „frið um vora daga“ því nú myndi Hitler láta staðar numið og stríðshætta væri úr sögunni. Því fór auðvitað víðs fjarri. Með undanlátssinni sinni uppskar Chamberlain bara fullkomna fyrirritningu Hitlers sem taldi sig þaðan í frá geta

aukið sífellt kröfur sínar og heimtufrekju. Sú lemstráða Tékkóslóvakía sem lifði af fundinn í München var endanlega myrt í mars 1939 þegar Hitler gerði formálalitle innrás í landið og lagði tékkneska hlutann undir sig en slóvakískir nasistar stofnuðu þýskt leppríki í austurhlutanum.

Og svo var röðin komin að Pólverjum. Þá var jafnvel friðþægingarpostulanum Chamberlain nóg boðið og síðari heimsstyrjöldin braust út.

Sú styrjöld sem alltaf mátti búast við eftir að Hitler hóf frekjuherferð sína gegn nágrannalöndunum í austri, með undirróðri, hótunum og loks hervaldi – til dæmis gegn hinni ógæfusömu Tékkóslóvakíu.

Og nú skal hver draga sína lærdóma, burtséð frá Godwins-lögmálinu eða villunni hans Leo Strauss. En kaldhæðnislegast af öllu er að ef Bretar og Frakkar hefðu haft bein í nefinu og neitað algjörlega að láta undan ofstopa Hitlers í München, þá hefði Hitler að öllum líkindum verið steyppt af stóli. Ýmsir æðstu menn þýska hersins töldu að sú styrjöld sem Hitler þráði hlyti að enda með algjörum ósigri Þýskalands og þeir höfðu undirbúið valdaran haustið 1938. Þegar mót-herjar Hitlers lyppuðust hins vegar niður baráttulaust, þá töldu herforingjarnir sig ekki hafa vopn í höndunum gegn Foringjanum og hættu við allt saman.

Tónlistarskóli FÍH


auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2014-2015

Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2014-2015 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til **6. apríl n.k.** Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans **www.tonlistarskolifih.is** og á **rvk.is** (Rafræn Reykjavík)



Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann. Umsækjendur fá bréf um miðjan apríl um tíma fyrir inntökupróf en þau fara fram dagana 2-3 maí n.k.

Umsækjendur fá svar um skólavist í lok maí.



Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalkennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn hefur mikla sérstöðu meðal tónlistarskóla landsins þar sem kennd er hefðbundin tónlist (sígild tónlist) og rytmískri tónlist (djass, popp, rokk,). Tónlistarskóli FÍH býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð og um leið gerir skólinn kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu.

Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.

DVD MARKAÐUR

Kíktu við í Iceland, veldu þér DVD mynd og fáðu 2 lítra Coke Zero með í kaupbæti



2 L COKE ZERO Í KAUPBÆTI

Verð
frá

398

kr. stk.

FJÖGUR VERÐ Á DVD MYNDUM:
398, 598, 798 og 998 kr.



OG ALLT HITT FYRIR KÓSÝKVÖLDIÐ



50%
afsláttur

Nammiland. 50% afsláttur á
laugardögum og sunnudögum



238

Salttangir
250 g



298

Toppar
6 stk



358

Stjörnusnakk
170 g



598

Maruud snakk
200 g



998

Coca Cola
4x2 l



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

Konráð og félagar á ferð og flugi

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Hvaða óskiljanlegu krúsidúllur eru nú þetta?“ sagði Kata. „Þetta virðist bara vera eitthvert bull,“ bætti hún við. Konráð las í þrautabókinni. „Hér sérðu fjögur tákn. Getur þú séð hvernig næsta tákn á eftir þessum á að líta út?“ Þau horfðu bæði nokkra stund á táknin. „Nei, þetta eru óskiljanleg tákn,“ sagði Kata. „Þú mátt leysa þessa þraut, ég segi pass.“ Konráð velti fyrir sér táknunum en varð að viðurkenna að hann átti erfitt með að skilja þau og sjá hvaða tákn ætti að koma næst.

Getur þú hjálpað Kötunni og Konráði að finna út hvaða tákn á að koma næst á eftir þessum?

↑ ∇ ∞ 4



Brandarar



Tvær slöngur voru eitt sinn saman úti að skríða þegar önnur þeirra spurði: „Erum við eiturslöngur?“ „Það geturðu bókað,“ sagði hin. „Við erum skröltormar! Af hverju spyrdur?“ „Ég beit í tunguna á mér!“

Konan: „Eftir hverjum ert þú skírður, Hans?“

Hans: „Eftir spænska kónginum.“

Konan: „En hann heitir ekki Hans.“

Hans: „Jú, víst. Hans hátign.“

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Uppskriftin

Lummur, lummur, lummur

Þetta góðmeti geta krakkar auðveldlega bakað með aðstoð einhvers fullorðins en alltaf verður að gæta sín þegar verið er nálægt eldavélinni.

- 2,5 dl heilhveiti
 - 2 msk. sykur
 - 3 msk. olía
 - 1 tsk. lyftiduft
 - 1 egg
 - 1 maukaður banani
 - 1 dl léttmjólk
 - 1 dl súrmjólk
- Setjið allt saman í skál og hrærið í.



MMMMM... Svo má nota sultu, síróp eða hunang út á.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VINIR Birgir Steinn, Úlfur Páll og Bjartur Eldur eru bekkjarfélagar í Grandaskóla og spila í sama flokki í fótbolta.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Palli fær ofurkrafta

Bekkjarfélagarnir Úlfur Páll Andrason, Birgir Steinn Styrmissen og Bjartur Eldur Þórsson voru í hléi milli skóla og fótboltaæfingar og settust niður til að spjalla um kvikmynd á barnakvikmyndahátíð sem þeir fóru á í Bíói Paradís.

Þeir eru allir níu ára – að verða tíu og eru nemendur í Granda-skóla. Skemmtilegast af öllu finnst þeim að spila fótbolta og eru allir í KR. Birgir Steinn heldur með Manchester United í ensku deildinni en Bjartur Eldur með Arsenal. Þegar Úlfur Páll, sem er á milli hinna tveggja, nefnir United sem sitt uppáhaldslið fær hann olnbogaskot frá Bjarti og flýtir sér að skipta sér í miðju með fingri. Þetta eru miklir grín-karlar.

Þeir fóru á myndina Antboy á föstudagskvöldið. Hún var upphafsmynd alþjóðlegrar barnakvikmyndahátíðar í Bíói Paradís og þeir eru sammála um að hún hafi verið skemmtileg.

Bjartur: „Þetta var dönsk mynd en Antboy 2 er í tökum í Þýskalandi.“

Birgir: „Það strákur í henni sem heitir Óskar í alvörunni en Palli í myndinni.“

Bjartur: „Svo er 12 ára íslenskur strákur sem heitir Ágúst sem talar inn á myndina.“

Úlfur: „Hann Palli fær ofurkrafta sem maurarnir hafa af því einn maur bítur hann.“

Bjartur: „Já, og hann verður svo sterkur að hann getur haldið á margfaldri þyngd sinni.“

Birgir: „Og hann pissar síru-pissi.“

Bjartur: „Þannig að klósettið splundrast.“

Úlfur: „Svo bjargar hann stelpu.“

Spurðir hvort þeir ætli að fara á fleiri myndir á hátíðinni eru þeir allir jákvæðir fyrir því. Það kemur ekki á óvart að mestur

áhuginn er á að fara á fótbolta-mynd.

Birgir: „Sú mynd er um strák sem fer til Manchester United – besta liðsins sko...“

Bjartur: „... nei, ömurlegasta liðsins. En strákurinn kemur til að þjálfa upp nýtt krakkalið hjá United af því aðalliðið hafði lent í flugslysi. Þar dóu sumir en hann hafði lífað af.“

Skyldu þeir sjálfir hafa áhuga á að verða leikarar í framtíðinni?

Úlfur: „Nei, ég ætla að verða fótboltaspilari, söngvari og bóndi.“

Bjartur: „Ég ætla bara að vinna á kassa í Bónus.“

Birgir: „Og ég ætla að verða fótboltamaður.“

Þar með er viðtalinu lokið og strákarnir skunda á æfingu hjá KR.

Miklaborg fasteignasala er að hefja sölu
á nýjum íbúðum við Vindakór 2-8

90% lán
í boði

Vindakór 2-8

Sjá nánar á vindakor.is



Íbúð 503



Íbúð 502



Íbúðir
104-404



Íbúðir
101-501

Nýjar og rúmgóðar 3ja-5 herbergja íbúðir frá 112-166 fm og fylgir öllum íbúðum eitt stæði í lokaðari bílageymslu.

Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna, að auki stendur til boða að fá íbúðirnar með gólfefnum að eigin vali frá Birgisson ehf á hagstæðum kjörum og leggst sá kostnaður við kaupverð.

Möguleiki er á að kaupa til viðbótar bílskúr eða 30-40 fm viðbótargeymslu á sanngjörnu verði.

Kaupendum stendur til boða viðbótarlán frá seljanda uppí allt að 90% af kaupverði.

Leikskóli, grunnskóli, íþróttamiðstöðin Kórin, Salalaug og verslun eru í göngufæri.

Fallegar gönguleiðir í óspilltri náttúru, Elliðavatn og Heiðmörk eru í næsta nágrenni.

SÖLUSÝNING

SUNNUDAGINN 23. MARS

milli 13:00 og 15:00

Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar frá apríl 2014



Allar nánari upplýsingar gefur
Atli S. Sigvarðsson
sölufulltrúi
sími: 899-1178
atli@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Með þér alla leið

miklaborg.is

569 7000

KROSSGÁTA

- LÁRÉTT
1. Finn eitthvað nær þjóðarsálinni til að rýna í deyfð fjölda fólks (10)

12. En ef ég byði upp á ágæt leiði? (11)

13. Dreg upp kvarnir Kára (10)

14. Þessi málmur á sæti 13, ekki 50, og lausnin gengur nærri mér (7)

15. Kamínumaturlaunur kenndur við sókn bróður hennar? (8)

16. Unglæknir vinnur við ákveðið líffæri (5)

17. Sóli í sólanum (6)

19. Veigar í umdæmi Njarðar (7)

20. Hvatur kasti því yngsta (7)

21. Fávis spannt eitthvað um krossa með Kristi á (7)

23. Niðdimm nótt og svona brella? Þá er hræðslu-svipur skiljanlegur (9)

26. Þér tókst þessi glópska, nú muntu breytast (7)

30. Fyrirmynd metur krókaleið (9)

32. Utan húsdýra og afskipta (8)

33. Vil að þú breytir öllu varðandi teikningar (8)

34. Ögn í ögn, þið hvíttu menn (5)

36. Blautleg vísa um böll hins forna guðs (5)

38. Þjóta hviður og lykkjur myndast á leiðslum (9)

39. Lappalaug biðlaði til undirstöðu (7)

40. Með fjórum í boxi (5)

41. Hvað er þessi fantur að pikka? (6)

42. Foringi kenndur við flak er krydd í tilveruna (7)

44. Heimsækja Hauka á köldum klaka (7)

46. Fæ einn þverskorinn, hraustan og hæfan (8)

48. Ætli það dugi að ég hjálpi? (7)

50. Hlemmur tímans finnst á gamlársdag (6)

51. Fer yfir kosti og galla skattgreiðslu (7)

52. Myntan inn í ruglaða með rýran góm (9)

- LÓÐRÉTT
2. Dugleg og snögg en hugur sem sýróp? (13)

3. Kokkur vill sjóða kústa (9)

4. Alþjóðleg sjónvarpsstöð truflar ef gömul íslensk matarílát dúkka upp (9)

5. Náði nú í fréttir um fólk (6)

6. Ætli hún ákveði eitthvað af viti? (6)

7. Leggist á eitt og varist bólið sem Samtök Atvinnulífsins valda (8)

8. Fljót laga búðing (5)

9. Bruna í borg að kaupa snafs (9)

10. Grá meðal blárra leitar blandaðra (9)

11. Lógaðir leiðri í rangri röð (7)

18. Hjarði þar hefðarkona (5)

20. Gerum hróp að hinsegin fornköppum (5)

21. Afar hættu (5)

22. Talar ekki um þá aftur, enda skýrir mjög (9)

24. Berja lóminn á eyrunum ef glösin rúma ekki meira (9)

25. Petta sæta er þjálfad af Ösp (10)

27. Finn álmu Engla meðal asískra (9)

28. Rek framvindu geðveila til vélrænnar óreglu (12)

29. Sýni löndunum sem heimta pappírana skilning (9)

31. Bankar'ann á gullna hliðið og vill í himna-ríki (8)

35. Tökum af skarið með skipum (9)

36. Flokkast rok sem tilræði að ofan? (8)

37. Bendi ítrekað á fjölfróða (8)

43. Hvað ætli flýtirinn sanni svosem? (5)

45. Slaki blæju (4)

47. Hvað mun það tjóa að rugla Dana í ríminu? (4)

49. Þessi herra á óhefluð (3)


| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | U | V | V | P | E | I | N | I | N | G | A | H | Ú | S |
| M | A | N | N | A | F | O | R | R | Á | D | E | I | Ú | P |
| E | D | R | N | Í | L | O | F | T | P | R | E | S | S | A |
| K | R | U | M | P | U | G | A | L | L | I | R | P | M | R |
| K | R | F | L | E | S | P | E | G | I | L | T | Æ | R | I |
| V | I | F | T | U | R | E | I | M | A | R | N | L | Ð | S |
| Í | R | G | Ð | B | Ö | R | N | Ó | L | F | U | R | K | |
| S | T | Í | F | L | E | I | K | A | K | S | I | M | A | S |
| A | Ð | A | Æ | T | Á | L | A | N | D | S | K | | | |
| R | H | J | A | R | Ð | E | P | L | I | N | Á | Ó | | |
| F | É | L | A | G | A | U | L | F | H | S | T | Ó | L | A |
| T | F | S | L | P | O | T | T | E | R | U | A | | | |
| S | T | R | Á | K | S | L | E | G | U | A | L | Í | R | I |
| M | T | R | B | Y | R | E | N | G | D | I | S | L | | |
| K | Æ | S | T | R | A | S | N | E | U | S | Á | L | I | N |
| T | | | | | | | | | | | | | | |
| S | T | E | I | N | D | I | Ó | R | Ó | S | V | I | T | A |
| A | F | D | F | L | F | L | Ó | R | A | A | | | | |
| T | Ú | N | B | L | E | T | T | I | U | K | K | U | N | N |
| T | I | I | A | N | E | M | A | N | D | A | D | | | |

Lausnarorð síðustu viku var
FERÐAPJÓNUSTA



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr inn-sendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Sæmd eftir Guðmund Andra Thorsson frá Forlaginu. Vinn-ingshafi síðustu viku var **Björn Pétursson, Reykjavík.**



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast hlífðarföt sem lítið gagn er að ef taka skal ærlega á því. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „22. mars“.



mazda

ZOOM-ZOOM

„BESTU KAUPIN“

KYNNTU ÞÉR **SKYACTIV** SPARTÆKNI MAZDA

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



BEINSKIPTUR FRÁ 4.490.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.790.000 KR.

MAZDA6

Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málum sem léttu bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?
Snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framlúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



PIZZUTILBOÐ

Í Iceland færðu úrval af ljúffengum pizzum.
Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.



398^{STK.}

THIN & CRISPY OG DEEP PAN
PIZZUR

5 FYRIR 4



398^{STK.}

CHICAGO TOWN
PIZZUR



598^{STK.}

STUFFED CRUST
PIZZUR



898^{STK.}

CHICAGO TOWN
PIZZUR

OG ALLT HITT TIL AÐ FULLKOMNA KVÖLDIÐ



198

Rockstar orkudrykkur
500 ml



498

Magnum White/Classic
3 stk.




578

Maxi pizza-olía
með hvítlauk



598

Mars-/Snickers-ís
6 stk.



788

Ben & Jerry's ís
500 ml



998

Coca Cola
12 dósir



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. Í tilboðinu 5 fyrir 4 er ódýrasta pizzan frí.



Ástkær konan mín, systir og mágkona,
JÓHANNA MAGNÚSDÓTTIR
Hvassaleiti 58,
(áður Brávallagötu 26),

sem lést 11. mars, verður jarðsungen frá
Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. mars
kl. 13.00.

Óskar Margeirsson
Skúli Þór Magnússon
Árni Magnússon

Guðrún Jóhannesdóttir



Ástkær eiginkona mín,
INGVELDUR GÍSLADÓTTIR
frá Vestmannaeyjum,

er látin. Fyrir hönd barna, tengdabarna
og barnabarna,

Eyjólfur Pétursson



Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,
BÖÐVAR BÖÐVARSSON,
húsasmíðameistari,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann
9. mars sl. Útför hans hefur farið fram. Þeim
sem vildu minnst hans er bent á líknarfélag.

Fyrir hönd aðstandenda,
Alfreð Sturla Böðvarsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Soffía Böðvarsdóttir
tengdabörn og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför

GUÐRÚNAR
PENGILSDÓTTUR
Mýrarvegi 115, Akureyri.

Ásgrímur Tryggvason
Tryggvi Ásgrímsson
Arnheiður Ásgrímsdóttir
Ásrún Ásgrímsdóttir
Pengill Ásgrímsson
Hákon Ásgrímsson
Guðrún Agnes Sigurðardóttir
Hafberg Svansson
Baldvin Stefánsson
Selma Hauksdóttir
Anna Elín Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir,
sonur, bróðir, mágur og afi,

EINAR ÞÓR EINARSSON
Melgerði 19, Kársnesi í Kópavogi,

verður jarðsungen frá Bústaðakirkju
þriðjudaginn 25. mars kl. 15.00.

Steinunn Þórhallsdóttir
Steinar Þór Einarsson
Ágústa Ósk Einar Sandholt
Sólveig María Gunnlaugsdóttir
Sigríður Einarisdóttir
Sigurrós Einarisdóttir
Fannar Þór Einarsson
Einar Hróbjartur Jónsson
Einar Halldór Gústafsson
Smári Hauksson
Ásgeir Atli og Karen Arna



Hjartkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

ODDNÝ ÓLAFSDÓTTIR PEDERSEN
frá Patreksfirði,

lést á sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn
7. mars sl. Útförin hefur farið fram.

Fyrir hönd fjölskyldunnar, vina og ættingja á Íslandi,
Niels Christian Pedersen



Hringskonur eru alveg ótrúlegar

Ákveðið hefur verið að Kvenfélagið Hringurinn styrki ráðgjafarmiðstöðina Sjónarhól, sem veitir foreldrum barna með sérþarfir ráðgjöf, um fimm milljónir á ári næstu þrjú árin.

Þetta er mjög mikilvægt fyrir starfsemi Sjónarhóls, ekki síst á þessum tímum. Algerlega ómetanlegt,“ segir María Hildipórsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, um ákvörðun Kvenfélagsins Hringsins um að veita fimm milljónir á ári til reksturs Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar næstu þrjú árin. En samningur um það var undirritaður nýlega.

Hringurinn hefur verið einn af dyggustu bakhjörllum Sjónarhóls frá upphafi. „Þær eru ótrúlegar þessar Hringskonur,“ segir María. „Að þær skuli með handverki sínu geta gert allt það sem þær gera í þágu barna.“

Sjónarhóll veitir foreldrum barna með sérþarfir ráðgjöf og stuðning. Til hans geta foreldrar leitað með börn sín á öllum aldri með margvísleg vandamál. Þar getur verið um að ræða mál tengd skólagöngu barnsins, þörf fyrir stuðningsúrræði, félagslega erfiðleika og margt fleira. Þjónustan er endurgjaldslaus og ekki er þörf fyrir tilvísun eða greiningu.

- gun



VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGSINS Valgerður Einarisdóttir, formaður Hringsins, og Lára Björnsdóttir, formaður stjórnar Sjónarhóls, undirrituðu samninginn. Konur í stjórn Hringsins og María Hildipórsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, voru viðstaddir.

Ópera á 50 mínútum

Sópransöngkonan Unnur Helga Möller kemur fram á tónleikum á sunnudaginn. Þar ætlar hún að fara í gegnum 500 ára óperusöguna á fimmtíu mínútum.

„Þetta er ópera á fimmtíu mínútum. Ég ætla að fara í gegnum óperusöguna sem spannar um 500 ár á tónleikunum,“ segir sópransöngkonan Unnur Helga Möller, sem kemur fram á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á sunnudaginn.

Hún ætlar að gera efnið einstaklega aðgengilegt fyrir þá sem þekkja óperur yfir höfuð ekkert svakalega vel. „Margir vinir mínir þekkja óperuheiminn lítið og ætla ég að reyna gera þetta einstaklega aðgengilegt og skemmtilegt,“ bætir Unnur Helga við.

Eins og fram hefur komið er hún næstum alnafna þekktrar söngkonu, Helgu Möller, en eru þær skyldar? „Við erum fjórmennningar og höfum hist á ættarmótum. Við höfum reyndar aldrei sungið saman en ég væri þó mikið til í að syngja með henni,“ segir Unnur Helga létt í lund.

Unnur Helga er frá Akureyri og söng í tíu ár með Stúlknakór Akureyrarkirkju, söng í söngleikjum og með ýmsum kórum nyrðra og lauk námi við Tónlistarskólann á Akureyri. Hér syðra, þar sem hún býr í dag, nam hún við Söngskóla Sigurðar Demetz þar sem Kristján Jóhannsson var aðalkennari hennar. Hún fór í framhaldsnám í Leipzig og Salzburg og hefur komið fram í ýmsum verkefnum bæði heima og erlendis, m.a. söng hún í gjörningi Ragnars Kjartanssonar, Bliss, við Performa 11 hátíðina í New York. Hún er í kór Íslensku óperunnar og hefur í vetur tekið þátt í bæði Carmen og nú í Ragnheiði.

Þá hefur Unnur Helga lokið námi í mannfræði og unnið meðfram söngn-



FER YFIR ÓPERUSÖGUNA Unnur Helga Möller ætlar að fara yfir óperusöguna á tónleikum sínum á sunnudaginn í Kaldalóni.

MYND/EINKASAFN

um á Árbæjarsafni við að handmjólka kýr og strokka smjör.

„Það er frábært að fá að syngja þarna og gaman að koma fram með frábærum píanóleikara,“ segir Unnur Helga um tónleikana.

Með henni á tónleikunum leikur Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari. Á efniskrá eru ýmsar óperurariur og fer Unnur Helga lauslega í gegnum óperusöguna allt frá Caccini og síðan syngur hún aríur eftir Verdi, Mozart, Händel og endar á Menotti.

„Minn helsti draumur er svo að syngja með Skálmöld Lucia Di

Lammermoor, það væri gaman,“ segir Unnur Helga spurð út í framhaldið.

Tónleikarnir eru styrktir af Samfélagssjóði EFLU verkfræðistofu í til efni af 40 ára afmæli fyrirtækisins og eru þeir haldnir í samstarfi við Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhús. Tónleikarnir eru ókeypis á meðan húsrúm leyfir, en fullt hefur verið á alla tónleika tónleikaraðarinnar Eflum ungar raddir, í vetur í þessari tónleikaröð. Þeir hefjast kl. 16.00 í Kaldalóni.

gunnarleo@frettabladid.is



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar yndislegs eiginmanns míns, föður, tengdafaður og afa,

HAUKS S. TÓMASSONAR
jarðfræðings,
Furugerði 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun og stuðning.

Karitas B. Jónsdóttir
Sigrún Hauksdóttir Loftur Atli Eiríksson
Sigrún Jónasdóttir og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
SKÚLI BJARNASON
læknir,
Njálsgötu 98, Reykjavík,

lést að heimili sínu þriðjudaginn 18. mars.
Útför hans verður gerð frá Hallgrímskirkju
föstudaginn 28. mars kl. 13.00.

Sigurlaug Halldórsdóttir
Margrét Skúladóttir
Halldór Skúlason
Nanna Kristín Skúladóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Páll Aðalsteinn Svansson
Brynja Björk Harðardóttir
Ómar Örn Jónsson



TILBOÐSDAGAR
legsteinar og fylgihlutir
10-50% afsláttur

Mikið úrval - Vönduð vinna



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Marmari
Granit
Blágrýti
Gabbro
Lipant

STÖÐ 2 OG BYLGJAN KYNNA

BÓ&BUBBI SAMAN Í HÖRPU

FÖSTUDAGINN 4. APRÍL OG LAUGARDAGINN 5. APRÍL KL. 20.00 Í ELDBORG ÁSAMT HLJÓMSVEIT

BENEDIKT BRYNLEIFSSON TROMMUR EIÐUR ARNARSSON BASSI GUÐMUNDUR PÉTURSSON GÍTAR
JÓN ELVAR HAFSTEINSSON GÍTAR ÞÓRIR ÚLFARSSON HLJÓMBORÐ ÞÓRIR BALDURSSON HAMMOND

KYNNIR **ARI ELDJÁRN**

AUKATÓNLEIKAR
FÖSTUDAGINN
4. APRÍL KL. 20.00
MIÐASALA HAFIN!

LÖGIN SEM HAFA LIFAÐ MEÐ ÞJÓÐINNI Í GEGNUM TÍÐINA.
MISSIÐ EKKI AF EINSTÖKUM TÓNLISTARVIÐBURÐI!

prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA



BYLGJAN
989

midi.is

MIÐASALA Á **MIÐI.IS**, **HARPA.IS** OG Í SÍMA 528 5050



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

ÓSKARS LÁRUSAR TRAUSTASONAR
Svluási 20, Hafnarfirði.



Guðrún Pálsdóttir
Trausti Ó. Lárusson
Auður Traustadóttir
Anna Kristín Traustadóttir
Sigrún Traustadóttir
Þórunn Sigurðardóttir
Elin Ósk, Trausti, Svava Dís, Bjarni, Páll Arnar og fjölskyldur.

Hanna Kjeld
Guðmundur Á. Tryggvason

Sigurður Knútsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

SVAVA ÞORBJARNARDÓTTIR
Óldugötu 33 í Reykjavík,



lést þriðjudaginn 18. mars á hjúkrunarheimilinu Grund. Hún verður jarðsungen frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 2. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Landspítalann.

Guðný Bernhard
Þorbjörg Bernhard
Helga Kristín Bernhard
Reynir Bjarnason
Gísli Jón Magnússon
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Okkar innlegustu þakkir færum við öllum þeim sem á margvíslegan hátt heiðruðu minningu og sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

ADALHEIÐAR GEIRSDÓTTUR
Víkurbraut 28, Höfn.



Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarþjónustunnar Karitas og líknardeildar Landspítala fyrir frábæra umönnun og hlýju.

Margrét Sigurðardóttir
Anna Sigurðardóttir
Halldóra Sigríður Sigurðardóttir
Sigurjón Arason
Gunnar Þór Árnason
Jóhannes Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri

EIRÍKUR YNGVI SIGURGEIRSSON
Miðteigi 7, Akureyri,



lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 15. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 24. mars kl. 13.30. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

Lísa Björk Sigurðardóttir
Lára Halldóra Eiríksdóttir
Margrét Eiríksdóttir
Hulda Sif Hermannsdóttir
Berglind Hermannsdóttir
Jón Torfi Halldórsson
Jón Valgeir Halldórsson
Rolf Hauritz
og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín móðir okkar og tengdamóðir,

HÓLMFRÍÐUR BÁRA
MAGNÚSDÓTTIR



er látin. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 26. mars kl. 13.00.

Brynjarr Pétursson
Guðrún Magnea Hafsteinsdóttir
Borghildur Brynjarsdóttir
Pétur Brynjarsson
Magnús Brynjarsson
Jóhannes Kr. Jónsson
Karl Lúdvíksson
Björk Garðarsdóttir
Ólóf Björg Kristjánsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærrar dóttur okkar, systur, mágkonu, barnabarns og frænku,

SIGURVEIGAR ÞÓRARINSDÓTTUR
læknis.



Þórarinn Baldursson
María Loftsdóttir
Sigrún Þórarinsdóttir
Loftur Þórarinsson
Davíð Leifsson
Sigurveig Þórarinsdóttir
og aðrir aðstandendur hinnar látnu.

Birta Einarsdóttir
Jón K. Valdimarsson
Ingólfur Finnogason
Mayuko Ono Þórarinsson
Lanny Leifsson

PETTA GERÐIST: 22. MARS 1976

Bannað að róa fanga með hljóðum

Dómsmálaráðuneytið sendi öllum lögreglu- og fangelsisstjórum landsins bréf þennan dag árið 1976 þar sem tilgreint var að notkun á hljóðtækjum til að róa fanga væri bönnuð.

Ábending hafði borist stjórn Íslenskrar réttarverndar um að sérstök hátíðnihljóðtæki væru notuð í fangelsum hér á landi. Samkvæmt lýsingu voru tækin tengd hátal- arakerfi inn í fangaklefana og átti hljóðið að róa fanga sem væru með óspektir og hávaða. En fullyrft var að um pyntingartæki væri að ræða.

Í kjölfarið sendi stjórn félagsins menn á sínum snærum í heimsókn í þau tvö fangelsi sem tiltekin voru í bréfinu og staðfestu að tækin væru til staðar en ekki hafði verið veitt heimild fyrir notkun þeirra. Annað tækið hafði verið smíðað hér á landi en hitt hafði verið pantað að utan.



SKEMMTILEGUR ÓPEKKTARORMUR Snorri Ásmundsson býður upp á listamannsspjall og fer einnig með gjörning á sunnudag.

MYND/SPESSI

Ópekktarormur svarar fyrir sig og list sína

Myndlistarmaðurinn Snorri Ásmundsson býður upp á listamannsspjall og fer einnig með gjörning á sunnudag í Týsgalleríj. Hann lofar skemmtilegri stund.

„Þetta er hefð í kringum sýningar, þarna gefst fólki kostur á að fræðast um listsköpunina og verkin. Ég held einhverja tölu og sit svo fyrir svörum,“ segir Snorri Ásmundsson myndlistarmaður sem býður upp á listamannsspjall og fer einnig með gjörning í Týsgallerí á sunnudaginn klukkan 15.00.

Þar ætlar Snorri að gefa fólk kost á að spyrja um verk hans en hann er með sýningu í galleríinu sem nefnist I am so funny, en sýningin er tuttugasta og fimmta einkasýningin sem Snorri hefur haldið undanfarin ár.

„Ég geri ráð fyrir að þetta listamannsspjall verði einstaklega skemmtilegt því ég er mjög fyndinn og skemmtilegur maður,“ segir Snorri spurður út í spjallið. Nafn sýningarinnar er einmitt dregið af persónuleika Snorra sem þykir einkar skemmtilegur maður. „Menn hafa komið að mér hlæjandi, þar sem ég er í einrúmi og skellihlæ að sjálfum mér. Ég er svo ánægður með lífið og það endurspeglast í list minni,“ útskýrir Snorri.

Snorri er þekktur fyrir ýmis uppátæki þar sem hann ögrar og stríðir ríkjandi gildum. „Ég er krónískur ópekktarormur,“ bætir Snorri við.

Listmannsspjallið hefst klukkan 15.00 í Týsgallerí sem stendur við Týsgötu 3.



SNORRI ÁSMUNDSSON

gunnarleo@frettabladid.is

ÓTRÚLEG SÖNN SAGA UM ÍSLANDSVININN PAUL POTTS

„Hugljúf og fyndin kvikmynd. Áhorfendur fá gæsaþúð við að hlýða á einstakan flutning Pauls.“

-A.R., LOS ANGELES TIMES

„Kvikmynd sem kætir og gleður áhorfendur.“

-D.R., HOLLYWOOD REPORTER

„Dásamleg mynd sem hefur áhorfendur upp til skýjanna: allt í senn fyndin, spennandi og áhrifamikil.“

-L.K., URBAN CINEFILE

„Myndin á eftir að hrífa aðdáendur breskra kvikmynda um lítilmagna á borð við The Full Monty, Brassed Off og Billy Elliot.“

-M.N., THE STANDARD

MISSIÐ EKKI
AF ÞESSARI
FYNDNU OG
YNDISLEGU
MYND

JAMES CORDEN JULIE WALTERS
ONE CHANCE

KOMIN Í BÍÓ

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



AFGREIÐSLUTÍMI
 LAUGARDAGUR
 10:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



4 4-7 kg 54 stk.



5 10-16 kg. 50 stk.



6 12-22 kg. 46 stk.



7 15-30 kg. 42 stk.

1598
krónur pakinn



61
krónu
lækkun

598
kr. pakinn

Always large 52 stk.
Always normal 60 stk.

Gott verð á kaffi í Bónus



659
kr. 500gr

GEVALIA 500G



698
kr. 500gr

MERRILD 500G



498
kr. 400gr

LÚXUS DILETTO 400G



198
kr. 1.5 ltr.



198
kr. 200gr

Bónus brauðsalat 200g
Ítalskt salat, Skinkusalat, Hangikjötsalat, Túnfisksalat,
Laxa og rækjusalat, Rækjusalat



198
kr. 125g



198
kr. 2 ltr.



298
kr. 4 stk.

Bónus Kjallarabollur
m.osti 4 stk.

198
kr. 4 stk.

Bónus Kringlur
mjúkar 4 stk.



198
kr. 170g



198
kr. 4 stk.

Bónus Langlokur 4 stk.



198
kr. 500g.

Bónus Kjarnabrauð 500g

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00



FL | KL. 19:45

Ísland Got Talent

Leitin heldur áfram að hæfileikaríkasta atriði landsins þar sem sigurvegarinn fær 10 milljónir króna.

**Meiriháttar
sunnudagur**

FL | KL. 13:00

**Mín skoðun
Mikael Torfason**

Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar í umsjá Mikæls Torfasonar.



Í OPINNI
DAGSKRÁ

FL | KL. 19:10

Sjálfstætt fólk

Helga Björnsson, einn þekktasti hátískuhönnuður okkar Íslendinga, segir sögu sína í kvöld.



FL | KL. 20:30

Mr. Selfridge

Dramapættir um auðmanninn Harry Selfridge leikinn af Jeremy Piven.



FL | KL. 21:15

The Following

Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



FL | KL. 22:00

Shameless

Þriðja þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu gamanþáttum með William H. Macy í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00 - 20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift!

365.IS

SUDOKU

| LÉTT | | | | | | | | |
|------|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | | | | | | | 1 |
| | 4 | 5 | | 9 | | | | 7 |
| 6 | | 2 | | | 3 | 5 | 8 | |
| | | | | 4 | 1 | 3 | 5 | |
| | 6 | | | | | | | |
| | 5 | 7 | | 6 | 2 | | | |
| 9 | | | 1 | | | | 7 | |
| | 3 | | | 7 | 8 | | | 4 |
| | | | 6 | 5 | | | | |

LÉTT

| MIDLUNGS | | | | | | | | |
|----------|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | | | 4 | | | | |
| | | | 3 | | | | | 1 |
| | 7 | | | 6 | | 4 | | |
| | | | 6 | | | 9 | 3 | 2 |
| 1 | 6 | | | 9 | | 5 | | |
| 3 | | | | | 8 | 6 | 1 | |
| | | | | | 9 | | | 4 |
| 6 | | | 2 | 3 | 4 | | 8 | |
| 2 | | 5 | 1 | | | | | |

MIDLUNGS

| PUNG | | | | | | | | |
|------|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | | 4 | 3 | 2 |
| | 6 | 9 | | 1 | | | | 8 |
| | 3 | | | | | 6 | | |
| | | | 2 | | | | | |
| | | | | 8 | 1 | | | |
| 6 | | 1 | 7 | | | 2 | 5 | 3 |
| | 9 | | 8 | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | | |

PUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 | 7 |
| 3 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 3 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 9 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 4 | 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 4 |
| 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | 9 |
| 1 | 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 5 | 2 |
| 5 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 9 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 6 |
| 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 |
| 1 | 4 | 6 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 | 4 |
| 3 | 5 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 2 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 6 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 | 2 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 1 |
| 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 |

**LAUSN
SÍÐUSTU
SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Piparsveinar eru með samvisku, kvæntir menn eiga eiginkonur.“

Samuel Johnson

| | | | | | | |
|----|--|----|----|----|---|----|
| 1 | | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 10 | | | 11 |
| 12 | | | | 13 | | |
| | | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | | 17 | | |
| 18 | | | 19 | | | 20 |
| 21 | | | | | | |

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. jurtatrefjar, 6. frá, 8. maka, 9. dýrahljóð, 11. þófi, 12. fyrirboði, 14. stopp, 16. tveir eins, 17. óðagot, 18. eyrir, 20. slá, 21. malargryfja.

LÓÐRÉTT

1. lægð, 3. samtök, 4. stífur, 5. skrá, 7. bið, 10. bók, 13. kóf, 15. lítill, 16. hald, 19. ullarflóki.

LAUSN

16. tak, 19. rú. LÖÐRÉTT: 1. laut, 3. aa, 4. stinnur, 5. fúm, 18. aur, 20. rá, 21. krús. 11. il, 12. teikn, 14. stæns, 16. tt, 17. LÁRÉTT: 2. bast, 6. af, 8. ata, 9. urr.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Andreikin (2.709) yfirspilaði Topalov (2.785) í 7. umferð áskorendamótsins sem fram fór í gær.

Hvítur á leik



26. Rf4! Kg8 (26...exf3 27. Rxh5 og 28. Rxf6) 27. Rxd5 og svartur gafst upp enda verður hann þremur þeim undir og með koltapað tafl. Anand og Aronian eru efstir með 4½ vinning í hálfleik (7 af 14). Kramnik er þriðji með 4 vinninga. www.skak.is Íslandsmót barna-skólasveita í Rimaskóla.



Sena óskar samstarfsaðilum sínum

TIL HAMINGJU

með uppskeru ársins



JOHN GRANT - PALE GREEN GHOSTS

Lagahöfundur ársins (Popp, rokk)

Söngvari ársins (Popp, rokk)



HJALTALÍN - ENTER 4

Söngkona ársins (Popp, rokk)

Sigríður Thorlacius

Upptökustjóri ársins

Svavar Helgi Halldórsson



BAGGALÚTUR

- MAMMA ÞARF AÐ DJAMMA

Textahöfundur ársins

Bragi Valdimar Skúlason



HJALTALÍN - DAYS OF GRAY

Hljómplata ársins (Opinn flokkur)



SIGRÍÐUR THORLACIUS - JÓLAKVEÐJA

Söngkona ársins (Popp, rokk)



SKÁLMÖLD - BÖRN LOKA

Tónlistarflytjandi ársins (Popp, rokk)



KALEO - KALEO

Bjartasta vonin (Popp, rokk og blús)



NORNIN Bylgja Dís Gunnarsdóttir í hlutverki nornarinnar bragðar á kjötsúpunni. MYND/ SIGURLAUG KNUDSEN STEFÁNSDÓTTIR

Setja óperuna í skondinn búning

Barnaóperan Hans og Gréta verður frumsýnd af Óp-hópnum á morgun í Salnum í Kópavogi. Næsta sýning er líka á morgun. Gestir mega syngja með.

Allir þekkja söguna um Hans og Grétu. Óp-hópurinn vill kynna heim óperunnar fyrir börnum á skemmtilegan og ævintýrlegan hátt og sýnir barnaóperuna um þau Hans og Grétu tvívegis á morgun í Salnum, klukkan 11 og 13.30. Sýningin er um klukkustundarlöng, verkið var stytt í þeim tilgangi að gera það aðgengilegra fyrir börn á öllum aldri.

Tónlist Humperdincks og texti systur hans, Adelheid Wette, setja óperuna Hans og Grétu í skondinn búning en um leið vekur hún fólk sterkt til umhugsunar um lífið og tilveruna. Í tónlistinni leynast stef sem eru Íslendingum góðkunn eins og Það búa litlir dvergar í björtum sal. Þegar að þeim hluta sýningarinnar kemur er gestum boðið að taka þátt og syngja með.

Í uppsetningarferlinu íslensk-aðist fleira en texti óperunnar því fjölskyldan rekur lopaverk-

→ Í tónlistinni leynast stef sem eru Íslendingum góðkunn eins og Það búa litlir dvergar í björtum sal.

stæði og nornin er ekki með bakaraofn eins og í upphaflegu sögunni heldur risastóran pott sem hún notar til að sjóða kjötsúpu.

Leikstjóri er Maja Jantar. Hún er hollensk en gift Íslendingi og því með sterk tengsl við landið. Hún hefur sérhæft sig í uppsetningu barnaópera.

Ekkert hlé er á sýningunni en hún verður samt brotin upp því 2. þáttur verður sýndur í anddyri Salarins og er því foreldrum, öfum og ömmum bent á að gott getur verið að kippa með sér púðum til að sitja á í öðrum þætti.

Sýningar eru líka fyrirhugaðar sunnudaginn 30. mars klukkan 13.30 og 16. gun@frettabladid.is



EINLEIKARINN Hallfríður Ólafsdóttir. „Leikur hennar var sérlega fallegur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skapbætandi tónlist

TÓNLIST ★★★★★

Sinfóníuhljómsveit Íslands Tónlist eftir Mozart

Einleikari: Hallfríður Ólafsdóttir

Stjórnandi: Leo Hussain

ELDBORG HÖRPU

FIMMTUDAGINN 20. MARS

Maður les alls kyns vitleysu á netinu um klassíska tónlist. Til dæmis að Mozart hafi eitt sinn spurt: „Hvað er leiðinlegra en ein flauta? Jú, tvær flautur.“ Reyndar er til bréf frá honum þar sem hann segist ekki vera hrifinn af þverflautunni. Líklega var ástæðan sú að hann var í vondu skapi yfir að einhver hafði pantað verk fyrir flautu frá honum, sem hann borgaði svo ekki fyrir. Í öllu falli samdi hann ekki mikið af einleiksverkum fyrir flautu, samanborið við píanókonserterna sem eru 27 talsins.

Eitt af þessum flautueinleiksverkum var á dagskrá tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Það var konsert nr. 1 í G-dúr og var einleikari Hallfríður Ólafsdóttir. Leikur hennar var sérlega fallegur. Hröð tónahlaup voru skýr og

vandvirknislega leikin. Alls konar stefbrot voru mótuð af kostgæfni. Túlkunin í það heila var lífleg og tilfinningarík. Hljómsveitin spilaði líka ágætlega undir stjórn Leos Hussain. Almennt talað voru strengirnir vel samstilltir og annað var í góðu jafnvægi.

Dagskráin var öll eftir Mozart. Tónleikarnir voru í grænu röðinni svokölluðu, en hún helgast fyrst og fremst af léttmeti, a.m.k. mjög aðgengilegri tónlist. Verk Mozarts eru ekki alltaf persónuleg, hann gat samið glaðlega tónsmíð þótt allt væri í klessu í einkalífinu, fjármálin í rúst og heilsan slæm. Þetta kemur sterklega fram í kvikmynd Milos Forman, Amadeus. Hún er vissulega ekki sagnfræðilega rétt. En hún sýnir samt skýrt að tónlist Mozarts var himnesk. Hún streymdi í gegnum hann án nokkurrar fyrirstöðu, þótt hann sjálfur væri hálfgerður asni. Senan þegar hann liggur fyrir dauðanum og er að semja sálumessu er frábær. Fyrst heyrir ein og ein rödd sem oft virkar skringilega, en svo þegar allt kemur saman er útkoman stórfengleg. Það er þess virði að sjá Amadeus bara út af þessu atriði.

Lítið er að segja um restina af dagskrá Sinfóníutónleikanna. Við fengum að heyra balletttónlist úr fyrstu alvöru óperu Mozarts, Idomeneo, Maurerische Trauermusik (sorgartónlist fyrir Frímúrararegluna sem Mozart tilheyrði) og sinfóníu nr. 36. Það var gaman að þessu öllu. Sérstaklega frímúrarartónlistinni, sem var óvanalega raddsett, með kraftmeiri bassatönnum en vaninn er hjá tónskáldinu.

Danstónlistin og sinfónían liðu áfram án þess að neitt sérstakt bæri til tíðinda. Hljómsveitin var í góðu formi. Mismunandi hljóðfærahópar voru með sitt á hreinu. Heildarhlómurinn var þéttur og sannfærandi. Túlkunin var litrík og kröftug. Og samt var tónlistin svo þægileg áheyrnar að hægt var að loka augunum og slaka á. Það er fátt sem kemur manni í betra skap en að hafa Mozart lágt stilltan á fóninum heima. Dóttir mín fæddist einmitt undir slíkum kringumstæðum. Betri fæðingar-tónlist er vandfundin.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Mozart var prýðilega útfærður og rann ljúflega niður.

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Breyting á samþykktum
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
7. Áhættustefna sjóðsins
8. Önnur mál

Ársfundur 2014

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

verður haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2014 kl. 17:00,

að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 18. 03. 2014

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

í 40 ár



LEIÐSÖGN Höfuðfætlur eftir Magnús Kjartansson.

Leiðsögn um sýningu Magnúsar

Halldór B. Runólfsson safnstjóri verður með leiðsögn um yfirlitssýningu á verkum Magnúsar Kjartanssonar, Form, litur, líkami: Háspenna/lífshætta á morgun klukkan 14 í Listasafni Íslands.

Sýningin er yfirlitssýning á verkum Magnúsar. Magnús var meðal þeirra listamanna sem brúðu bilið milli formrænnar myndlistar eftirstrísáranna – bæði óhlutbundinnar og fígúratívrar – og póstmóðernískrar listar á 9. og 10. áratug liðinnar aldar.

RÉTTINDI SJÓÐFÉLAGA

Undirbýr tónleika í New York og Washington

Geirprúður Ása Guðjónsdóttir fiðluleikari leikur einleik með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins í dag.

„Ég spilaði með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins í gamla daga þegar ég var í námi hérna heima,“ segir Geirprúður Ása Guðjónsdóttir fiðluleikari, sem leikur einleik á tónleikum sveitarinnar í Langholti skirkju í dag. „Ég mun spila fiðlukonsert eftir Mendelsohn en hljómsveitin spilar líka verk eftir Jórunni Viðar og Dvorak,“ heldur Geirprúður áfram. „Hljómsveitarstjóri Sinfóníunnar er Gunnsteinn Ólafsson og hann er mjög duglegur að halda sambandi við okkur nemendur sem erum í framhaldsnámi erlendis og bjóða okkur að leika einleik með hljómsveitinni. Þetta er mjög

mikilvæg reynsla fyrir okkur og er ég mjög
bakklát fyrir það tækifæri.“

Geirbrúður stundar framhaldsnám í fiðluleik í Hartt-tónlistarháskólanum í Connecticut og hyggst ljúka námi í vor. „Ég er búin að vera í framhaldsnámi í Bandaríkjunum síðastliðin þrjú ár og hef haft nóg að gera þar. Ég verð heima fram á mánudag og fer þá beint út að undirbúa tónleikaferð með tríoinu mínu. Við ætlum að halda tónleika í Scandinavia House í New York og í sendiráði Íslands í Washington DC þann 10. og 14. apríl.“

Geirprúður segist endilega hafa viljað

spila einhver íslensk verk á tónleikunum og því haft samband við Atla Heimi Sveinsson. „Ég hafði samband við Atla Heimi í nóvember síðastliðnum og fékk hann til að útsetja ljúflingslögin fyrir tríóið mitt og hann tók mjög vel í það. Auk þess spilum við verk eftir Grieg, Sjostakovitsj og Brahms á tónleikunum.“

Hvað tekur við að námi loknu? Ætlarðu að koma heim? „Já, ég hugsa það. Það er svo gott að vera tónlistarmaður á Íslandi því maður getur alltaf skapað sér einhver verkefni.“

fridrikab@frettabladid.is



GEIRPRÚÐUR ÁSA „Ég verð heima fram á mánudag og fer þá beint út að undirbúa tónleikaferð með tríóinu mínu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIM ARINÓ



OPNUNARMYNDIN Fædd í Absúrdistan (Geboren in Absurdistan) er fyrsta myndin sem sýnd verður á hátíðinni.

Evrópa hlær

Evrópa hlær nefnist kvikmyndahátíð sem hefst í Kamesi aðalsafns Borgarbókasafns í dag. Þar er fjallað, á gamansam-
an og á köflum grátbroslegan hátt, um samskipti þjóðarbrota, innflytjenda og innfæddra í Evrópu.

Opunarmynd hátíðarinnar er austurríska myndin *Geboren in Absurdistan* (Fædd í Absúrdistan-) eftir Houchang Allahyari og Tom-Dariusch Allahyari. Meðal annarra mynda má nefna myndina *Helsinki – Napoli All Night Long* (Helsinki – Napólí, úti alla nóttina) eftir Mika Kaurismäki og *Shouf Shouf Habibi* í leikstjórn Alberts Ter Heerdt.

Myndirnar eru sýndar daglega klukkan 15 og þá með tali á frummálum og enskum texta. Einnig er hægt að panta annan sýningartíma á einstökum myndum og er þá hægt að velja á milli ýmissa tungumála í tali og textum. Aðgangseyrir er enginn og allir velkomnir.



UPPGJÖR VIÐ FORTÍÐINA

Borgarljóð í fókus

Fókus, félag áhugaljósmyndara, sýnir um þessar mundir ljósmyndir í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15. Sýningin ber heitið Borgarljóð í fókus.

Félagsmenn í Fókus völdu sér ljóð á Ljóðakorti Reykjavíkur og eru ljóð og höfundur þess tilgreind við hlið ljósmyndar.

Fókus hefur frá stofnun félagsins, árið 1999, haldið fjölmargar ljósmyndasýningar. Náttúra, mannlíf og landslag hafa verið aðalviðfangsefni sýninga félagsins í gegnum tíðina.

Sýningin stendur til 30. mars.



FRÆÐSLUFUNDUR UM FJÁRMÁL FYRIR UNGT FÓLK 12-16 ÁRA

Jón Jónsson, tónlistarmaður og hagfræðingur,
verður með skemmtilegan fyrirlestur um fjármál.

Húsið verður opnað kl. 19.00 – pítsa og gos í boði.
Fundurinn byrjar stundvíslega kl. 19.30.

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is





LOKSINS Á ÍSLANDI Hljómsveitin Valdimar leikur á sínum fyrstu tónleikum á Íslandi á þessu ári, á Rosenberg á laugardagskvöldið. Hér sjáum við góða mynd úr góðu tónleikaferðalagi um Evrópu.

Valdimar spilar nýtt efni á Rosenberg

Hljómsveitin Valdimar kemur fram á tónleikum á Café Rosenberg í kvöld. Þetta eru fyrstu tónleikar sveitarinnar á Íslandi á þessu ári. Nýtt efni verður flutt.

„Það búa tveir meðlimir sveitarinnar úti og annar þeirra er á landinu og því ætlum við að nýta tækifærið og telja í tónleika,“ segir Valdimar Guðmundsson, söngvari og básúnuleikari hljómsveitarinnar Valdimars. Sveitin kemur fram á tónleikum á Café Rosenberg á laugardagskvöldið. Hljómsveitin hefur lítið komið fram hér á landi undanfarið og eru þetta fyrstu tónleikar sveitarinnar á Íslandi á árinu. „Við fáum Arnljót Sigurðsson til að hlaupa í skarðið

fyrir okkur og plokka bassann.“ Sveitin lauk nýverið við sína fyrstu tónleikaferð um Evrópu en þar lék hún á sjö tónleikum í Þýskalandi, Austurríki og í Sviss. Valdimar er nú á fullu að vinna í nýrri plötu. „Við erum búnir að taka upp grunnana að mestu leyti þannig að Guðlaugur bassaleikari og Þorvaldur trommari eru að mestu búnir að taka sína parta upp. Við stefnum svo á að reyna koma plötunni út seint í sumar,“ segir Valdimar um nýju plötuna.

Hljómsveitin hefur áður gefið út tvær breiðskífur, Undraland og Um stund. Valdimar ætlar að leika nýtt efni á tónleikunum. „Við tökum eitthvað af nýjum lögum en er þó ekki alveg viss hversu mörg,“ segir Valdimar. Tónleikarnir eru eins og fyrr segir á Café Rosenberg, Klapparstíg og hefjast klukkan 22.00. Miðaverð er 2.000 krónur og eru miðar seldir við innganginn.

gunnarleo@frettabladid.is

LAUGARDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR
22. MARS 2014

Sýningar

17.00 Verið hjartanlega velkomin á opnun laugardaginn 22. mars kl. 17 í Kling & Bang gallerí. Sýning á nýjum verkum eftir Emmu Heiðarsdóttur, Ingibjörgu Sigurjónsdóttur, Loja Höskulds-son, Margréti Helgu Sesseljúdóttur og Sigurð Amundason. Lystisemdir, Efasemdir, Heimsendir í Kling & Bang gallerí.

Kvikmyndir

15.00 Geboren in Absurdistan (Fædd í Absúrdistan) er sýnd laugardaginn 22. mars klukkan 15.00 í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu 15. Ókeypis aðgangur.

Málþing

13.00 Laugardaginn 22. mars klukkan 13-15 verður haldið málþing í fyrir-lestrasal Þjóðminjasafnsins um vefnað og hannyrðir fyrr á öldum. Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.

Tónlist

16.00 Jónas Ingimundarson heldur upp á hálfar aldar afmæli sitt með tónleikum Við slaghörpuna í Selfoss-kirkju laugardaginn 22. mars kl. 16. Með honum verða sópransöngkonan Auður Gunnarsdóttir og Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona sem flytur öll ljóðin, sem sungin eru, þau erlendu í þýðingum Reynis Axelssonar. **20.30** Hápunktur Menningarvikunnar í Grindavík verða stórtónleikar í Íþróttahúsinu laugardaginn 22. mars kl. 20.30 þar sem hinir alknunu Fjallabræður og

hinn geðþekki Jónas Sig munu flytja verk sín ásamt 80 manna Lúðrasveit Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Þessir aðilar eru ekki með öllu ókunnugir hverjir öðrum, enda hefur samstarf þessara tónlistarhópa að undanfögnu skilað mikilli gleði og ánægju jafnt til flytjenda sem og áhorfenda. Miðasala hefst laugardaginn 22. febrúar í sjöppunni Aðalbraut, Víkurbraut 31, Grindavík. Miðaverð á tónleikana er 3.900 kr. Stefnan er að fylla íþróttahúsið í Grindavík. **21.00** Good Moon Deer er tónlistarsjálfrágrafska hönnuðarinn Guðmundar Inga Úlfarssonar sem hófst með smávægilegu svefnherbergisgutli en í samkrulli með vininum og trommaranum Ívari Pétri Kjartanssyni (FM Belfast, Benni Hemm Hemm & Miri) hefur það tekið á sig áþreifanlegri mynd. Tónlistinni hefur verið lýst sem djass fyrir stafræna öld en á tónleikum Good Moon Deer má búast við framúrstefnulegum og geðklofnum smölunarbútum í bland við þunga trommutaktar og margvíslega, lifandi sjónræna skreytingar. Aðgangseyrir er 2.000 kr. Fer fram í Mengi, Óðinsgötu 2. **22.00** Útgáfutónleikar + bestu lögin í Gamla bíói laugardaginn 22. mars 2014. SúEllen heldur nú loksins tónleika í Reykjavík og ætlar að kynna nýjan geisladisk og spila sín þekktustu lög í Gamla bíói. Sérstakur heiðursgestur tónleikanna verður Bjartmar Guðlaugsson. **22.30** Hljómsveitin Frost Heldur sína fyrstu tónleika á árinu með stæl á Gamla Gauknum 22. mars. Ásamt Frost koma fram Hljómsveitirnar Different Turns og Morgan Kane. Húsið er opnað kl. 22.30 og veislan byrjar á slaginu 23.00. 1.500 krónur kostar inn. **23.00** Ellert Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, laugardaginn 22. mars kl. 23.00. Aðgangur er ókeypis. **23.00** Hljómsveitin Á móti sól leikur á stórdansleik á Spot, Kópavogi í kvöld.

SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SUNNUDAGUR
23. MARS 2014

Fræðsla

14.00 Halldór B. Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, verður með leiðsögn um yfirlitssýningu á verkum Magnúsar Kjartanssonar, Form, litur, líkami: Háspenna / lífshætta, sunnudaginn 23. mars, kl. 14.00, í Listasafni Íslands Fríkirkjuvegi 7.

Félagsvist

14.00 Félagsvist í Breiðfirðingabúð sunnudaginn 23. mars kl. 14. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

15.00 Helsinki-Napoli All Night Long (Helsinki-Napólí, úti alla nóttina) er sýnd sunnudaginn 23. mars klukkan 15.00 á Borgarbókasafninu Tryggvagötu 15. Ókeypis aðgangur. **15.00** Kl. 15 verður fyrri hluti hinnar frægu kvikmyndar Sergeis Eisenstein Ívan grimmi sýndur í MÍR, Hverfisgötu 105. Eisenstein vann að gerð myndarinnar á dögum síðari heimsstyrjaldarinnar, 1941-1944, en hún fjallar um Ívan IV stórfursta sem krýndur var keisari yfir öllu Rússlandi á árinu 1547 og hlaut síðar viðurnefnið hinn grimmi. Nikolaj Tsjerkasov leikur titilhlutverkið, tónlist er eftir Sergei Prokofjev. Ensukur texti. Aðgangur ókeypis.

Kynningar

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, sunnudaginn 23. mars kl. 17.00.

Dansleikir

20.00 Dansað verður í félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í Reykjavík næstkomandi sunnudagskvöld kl. 20.00-23.00. Danshljómsveitin Klassik leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

Leikrit

14.00 Tumi tímalausi er nýr barnasöngleikur eftir Pétur Guðjónsson og Jokku. Tónlistin er af vísnaplötum Gunnars Þórð-

arsonar. Einu sinni var og Út um græna grundu. Leikritið fjallar um Tuma, sem er ungur smaladrengr og getur ekki beðið eftir að verða eldri og lenda í ævintýrum. Fjórar sýningar fara fram yfir daginn.

Tónlist

15.15 Leifur, Caput, Carter, Rómantík og raðtækni. Tuttugustu aldar tónlist eins og hún gerist best á tónleikum Caput hópsins í 15.15 tónleikasýrpunni í Norræna húsinu, sunnudaginn 23. mars kl. 15.15. **17.00** Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og Tinna Þorsteinsdóttur frumflytja nýjan píanókonsert eftir Eirík Árna Sigtryggsson sunnudag kl. 17.00 í Seltjarnarneskirkju. Nafrn konsertsins er Grúí. **17.00** Hljómeyki er fjörutíu ára í ár. Því fara fram afmælistónleikar í Norður-ljósum 23. mars klukkan 17.00. Fram koma einnig Hallveig Rúnarsdóttir, Hrönn Þráinsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson. **20.00** Kammerkviöld Elektra Ensemble: Heiðríkja og haustvindar, Kjálvalsstaðir, sunnudag 23. mars kl. 20. Yfirskrift tónleika Elektra Ensemble að þessu sinni er Heiðríkja og haustvindar en á efnisskránni eru kammerverk fyrir flautu, klárínett og strengi. **20.00** Pann 23. mars næstkomandi mun eini dömukór landsins, Graduale Nobili, ráðast á vígi karlakóra og flytja mörg þekktustu karlakóralög landsins eins og Brennið þið vitar, Hraustir menn, Sveinar kátir syngið og fleiri gullmola. Tónleikarnir verða haldnir í okkar ástkæru Langholtskirkju og byrja á slaginu 20.00. Almennt miðaverð er 2.000 kr. Meðlimir Langholtskirkju Listafélags, karlakórsmeðlimir nær og fjær og fátækir námsmenn fá miðann á 1.500 kr. **20.00** Fimmtu og síðustu tónleikar með þessu sniði í tónleikaröðinni Við slaghörpuna í hálföld verða í Salnum sunnudaginn 23. mars kl. 20.00. Þá mun sópransöngkonan góðkunna Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, mæta ásamt leikkonunni Guðrúnu Gísladóttur. Sem fyrr situr Jónas Ingimundarson við flygilinn.

Markaðir

15.00 Sunnudaginn 23. mars, kl. 15-17, stendur Ungmennaráð UNICEF fyrir skipti-markaði barna með leikföng, spil, bækur og annað í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15. *Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

SÍÐASTA AUKASÝNING, 3. APRÍL, KOMIN Í SÖLU



Ragnheiður – ópera eftir
Gunnar Þórðarson
og Friðrik Erlingsson

★★★★★
H.A. DV

★★★★★
J.S. FBL

22. MARS - UPPSELT
28. MARS - ÖRFÁ SÆTI
29. MARS - UPPSELT
3. APRÍL - LAUS SÆTI
6. APRÍL - UPPSELT
ALLAR SÝNINGAR
HEFJAST KL. 20

ALLRA SÍÐUSTU
SÝNINGAR!

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á HARPA.IS
MIÐASÖLUSÍMI 528 5050



ÍSLENSKA ÓPERAN



Lemon

Hann á afmæli í dag ...



2 fyrir 1 á djús

Föstudag, laugardag og sunnudag



Takk fyrir
frábærar móttökur



1árs
afmæli

Lemon ✱ Suðurlandsbraut 4 ✱ Laugavegur 24 ✱ 519 5555

Suðurlandsbraut: 08-21 mán -fös, 10-21 lau og sun ✱ Laugavegur: 08-20 mán til fös, 10-20 lau og 12-18 sun

TILBOÐ

Nicovel Fruit og Mint

498kr/pk í mars
(áður 598kr/pk)

BONUS

**VILTU HÆTTA
AÐ REYKJA?**



Nicovel[®] lyfjatyggigúmmí

Nicovel Fruit og Nicovel Mint lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, óvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnahettumerg (krómíklææxli), magasár eða bólgur í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eitursáhrif eða verið banvænn fyrir litil börn.** Pungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarkskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

LÍFIÐ

Kaleo kom, sá og sigraði

Nýliðarnir í Kaleo hlutu þrenn verðlaun á Hlustendaverðlaununum sem veitt voru í Háskólabíói í gær. Þá hlaut Of Monsters and Men tvenn verðlaun.

Hljómsveitin Kaleo hlaut alls þrenn verðlaun á Hlustendaverðlaununum sem veitt voru við hátíðlega athöfn í Háskólabíói í gærkvöldi. Jökull Júlíusson, söngvari sveitarinnar, var valinn söngvari ársins og sveitin sjálf nýliði ársins. Þá hlaut plata þeirra, Kaleo, verðlaun sem plata ársins.

Hljómsveitin Of Monsters and

Men getur líka verið sátt við sinn hlut. Söngkona sveitarinnar, Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, var valin söngkona ársins og bandið í heild sinni valið flytjandi ársins.

Það voru hlustendur Bylgjunnar, FM957 og X-ins 977 sem völdu hvað stóð upp úr á síðasta ári í íslenskri tónlist og fór kosning fram á visir.is.

Verðlaunahátíðin var sannkölluð veisla fyrir eyrað en meðal þeirra sem stigu á svið voru Emilíana Torrini, Lay Low, Skálmöld, Jón Jónsson og Friðrik Dór. Í hlutverki kynna voru þau Sverrir Þór Sverrisson og Saga Garðarsdóttir sem reyttu af sér brandarana eins og þeim einum er lagið.

liljakatrin@frettabladid.is



LAG ÁRSINS Baggalútsmenn eiga lag ársins ásamt Jóhönnu Guðrúnu.



RADDBÖNDIN PANIN Nanna Bryndís er söngkona ársins.



SIGURSÆLIR Kaleo nældi sér í þrennu í gærkvöldi.



SENDU PAKKIR Daft Punk á besta erlenda lagið og sendi hlustendum myndbandskveðju.

VERÐLAUNAHAFAR

LAG ÁRSINS

Mamma þarf að djamma –
Baggalútur og Jóhanna Guðrún

PLATA ÁRSINS

Kaleo – Kaleo

SÖNGVARI ÁRSINS

Jökull Júlíusson – Kaleo

SÖNGKONA ÁRSINS

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir –
Of Monsters And Men

FLYTJANDI ÁRSINS

Of Monsters And Men

NÝLIÐI ÁRSINS



Kaleo

MYNDBAND ÁRSINS

Gleipnir – Skálmöld

ERLENDA LAG ÁRSINS

Get Lucky – Daft Punk



Hönnunarmars byrjar í Glóey

Sjáðu alla möguleikana í gerð lampa og ljósa. Ótrúlegt úrval af silkisnúrum, flottum perum og íhlutum til ljósagerðar. Fagmenn á staðnum. Frábært efni á góðu verði.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is

BRJÁLUÐ...
LAGERSALA NTC
Faxafeni 10



LOKADAGAR

jakkar - buxur - kjólar - skyrtur - bolir - peysur - úlpur - skór - fylgihlutir



Ekki missa af þessu !

flott merki frá verslunum NTC :

gallerisautjón Kúltur gs skór focus KARAKTER Kúltur
menn
COMPANYS Deres SMASH Sparkz[♥] URBAN eva

Opið alla helgina frá kl. 11-18



Lagersala **NTC** í Outlet 10 Faxafeni 10 - s. 578 7977

Hvað kosta handtöskur Hollywood-stjarnanna?

Frægustu konur heims ganga um með rándýrar töskur frá frægum hátískumerkjum sem ekki er á allra færi að kaupa.



FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ ALLA HELGINA

Vero Moda á afmæli í mars og af því tilefni bjóðum við í afmælisveislu. Full búð af glæsilegum afmælistilboðum.



BATTI LONG PEYSA
ÁÐUR 6990

NÚ 3990

VERO MODA®

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND | VEROMODAICELAND



SORGARTÍMI L'Wren og Mick voru saman í tæplega þrettán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Undirbýr jarðarför

Rokkarinn Mick Jagger flaug frá Perth í Ástralíu til Los Angeles á dögunum í kjölfar andláts kærustu hans til tæplega þrettán ára, fatahönnuðarins L'Wren Scott. L'Wren framdi sjálfsmorð og fannst látin í íbúð sinni í New York á mánudag.

Mick þurfti að aflýsa fjölda tónleika með hljómsveit sinni The Rolling Stones og dvelur nú í Los Angeles að undirbúa jarðarför sinnar heittelskuðu.

Vinir hans og fjölskylda eru öll komin til Los Angeles til að styðja tónlistarmanninn á þessum erfiðu tímum.

Ekki er ljóst hvenær jarðarför L'Wren fer fram.

- lkg



STOLTUR PABBI Chris er nú þriggja barna faðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tvíburar fæddir

Leikarinn Chris Hemsworth og eiginkona hans Elsa Pataky eignuðust tvíbura á Cedars Sinai-sjúkrahúsinu í Los Angeles seinnipart fimmtudags.

Ekki er ljóst hvors kyns börnin eru en samkvæmt heimildum síðunnar Just Jared heilsast móður og börnum vel.

Chris og Elsa byrjuðu saman árið 2010 og giftu sig í desember það sama ár. Fyrir eiga þau dótturina India Rose sem verður tveggja ára á þessu ári.

- lkg

Getur fólk fest saman í samförum?

Þessar spurningar bárust mér nafnlaust frá 13 til 15 ára gömlum unglingum á höfuðborgarsvæðinu.

? Er hægt að fá kynsjúkdóm án þess að stunda samfarir?
SVAR: Kynsjúkdóm er hægt að fá í hálsinn svo hann getur smitast við munnmök. Þó er algengara að smitast með samförum í leggöng eða endaparm. Gott er að muna að allir kynsjúkdómar geta verið einkennalausir og því getur þú verið með kynsjúkdóm án þess að vita af því. Eina verjan sem ver gegn kynsjúkdómum er smokkurinn. Ef þú notaðir ekki smokkinn þá þarftu að fara í kynsjúkdómaskoðun.

? Er ekki óhollt að stunda rassamök (getur ekki eitthvað skemmst)?
SVAR: Við örvun endaparms þarf að fylgja ákveðnum reglum því þetta svæði er viðkvæmt og til að einmitt „skemmta“ ekki eitthvað eða valda sársauka þá þarf að fara varlega. Þó ber ekki svo að skilja að ef þú sért að nudda endaparminn eða örva hann að þú munir skemma eitthvað. Endaparmurinn er teygjanlegur en það þarf að fara varlega og virða mörk líkamans. Það er gott að byrja bara rólega á einum fingri og nota fullt af sleipiefni. Ef þér er illt þá er gott að hætta. Ef þú ert áhugasöm/samur um endaparminn þá getur þú kannað hann í næstu sjálfsfróun. Allt kynlíf byrjar á þér sjálfum/ri í sjálfsfróun og því er það kjörið tækifæri til að kanna

þetta svæði ef þér þykir það spennandi og lært inn á eigin líkama.
? Ef þú vilt ekki fá sæði í munninn [innskot, við munnmök] er þá ekki betra að nota smokk sem bragð er af?
SVAR: Þar sem kynsjúkdómar geta smitast við munnmök þá eru smokkar með bragði einmitt framleiddir til þess að nota við munnmök. Kostur og markmið smokksins er að hann grípur og geymir sæðið og því þarf ekki að hafa áhyggjur af því að fá það upp í sig. Þó ber að nefna að það þarf ekki að fá sæði í munninn við munnmök, það er allt í lagi að hætta að stunda munnmök áður en að sáðláti kemur. Þá er einnig í lagi að nota smokk með bragði í samförum. Alls kyns bragðtegundir

eru til svo þú ættir að geta fundið eitthvað sem þér geðjast að.
? Getur fólk fest saman í samförum eins og hundar þegar þeir eru í samförum?
SVAR: Það getur allt gerst en almennt séð þá festist fólk ekki saman í samförum. Þó geta leggöng fengið krampa þar sem viðkomandi þarf að ná að slaka verulega á til að limur getur losnað úr leggöngum en slíkt er ekki algengt. Líffræði hunda er önnur en mannfólks og að mér skilst þá er limur hunda þannig að hann stækki við samfarir og hundar festist saman í smá tíma við samfarir. Dýralæknir gæti kannski svarað þessu betur. En almennt séð þá þarft þú ekki að hafa áhyggjur af því að festast við bólfélagann þinn.



NÝTT HLUTVERK Ramminn nýtur sín vel í ganginum til dæmis.

Föndraðu

Breyttu ramma í lyklahengi

- 1 Finnið ramma sem ykkur finnst fallegur. Hægt er að halda í upp-runalega litinn eða spreya hann í einhverum skemmtilegum lit.
- 2 Takið glerið og bakhlið rammans af.
- 3 Merkið með blýanti hvar þið viljið hengja króka fyrir lykla í efri brún rammans.
- 4 Borið viðeigandi stór göt þar sem merkingarnar eru og skrífið krókana í.
- 5 Hengið rammann upp og njótið!
* fengið af vefsíðunni purplecarrotkc.com.

Nánari upplýsingar og fleiri myndir af verkefninu má finna á Lífið á visir.is.

Lumar þú á einföldu og skemmtilegu verkefni sem hægt er að framkvæma sjálfur? Sendu það endilega á okkur á netfangið. liljakatrin@frettabladid.is



GÓÐ MAMMA Miranda og Flynn eru afar nán. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Æfir með syninum

Ofurfyrirsætan Miranda Kerr segir að heilsusamlegt líferni hennar hafi jákvæð áhrif á Flynn, son hennar og leikarans Orlando Bloom.

„Hann bað um að fá að gera smoothie um daginn. Síðan sagði hann við mig: „Þessi drykkur er fyrir þig. Hann er fullur af andoxunarefnum.“ Hann er þriggja ára, hvernig veit hann þetta? Hann hefur greinilega heyrt mig tala um þetta,“ segir Miranda og bætir við að hún stundi líka líkamsrækt með Flynn litla.

„Við erum alltaf dansandi, hann elskar það. Það er í uppáhaldi hjá honum.“

- lkg

DEBENHAMS

Vorsprengjan heldur áfram alla helgina

25%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

NEMA 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

GILDIR ÚT SUNNUDAG

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

NÝTT KORTATÍMABIL

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Tíu dropar af sæmd

BAKPANKAR
Hildar
Sverrisdóttur



U m aldamótin starfaði ég í flóttamanna-
búðum í Serbíu. Flóttamennirnir voru
frá fyrrverandi Júgóslavíu og áttu það
sameiginlegt að hafa hrökklast frá heim-
kynnum sínum í stríðinu áratuginn á
undan. Það var augljóst að þrátt fyrir
að lágmarsaðhlynnning væri sköfðuð
af hjálparsamtökum vantaði flóttamennina
sárlega sæmdina sem fylgir því að hafa tilgang í samfélaginu
sínu – þótt það samfélag væri bara
hundrað manna í yfirgefnum hóteli
uppi í hæðunum. Konurnar höfðu
það að því leyti betra að þeirra til-
gangur var að stússast í umsjá
barna og matseld. Karlmenirnir
höfðu ekki jafnaðgerandi hlut-
verk, og sá sem hafði það hlut-
verk að vökva stéttina til að kæla
hana var öfundaður af því.

ÉG var minnt á þetta á fundi með hælisleitendum í vikunni. Þeir sem þar tóku til máls höfðu einmitt á orði að þá dreymdi um að fá að verða að gagni og taka þátt í samfélagi; einnig á meðan á hælisbiðstofudvölinni stæði.

AF Því litla sem serbneska flóttafólkið hafði úr að móða vildi það oft gefa mér, íslensku dekurrófunni, kaffibollann sinn. Ég áttáði mig fljótt á að ég ætti ekki að afþakka og innbyrta því hættulega marga bolla af tyrknesku kaffi á dag. Ég velti því stundum fyrir mér hvort ég myndi gera það sama í sömu aðstæðum. Mér þykir enn frekar ólíklegt að ef vondu Rússarnir koma muni ég heimta að deila mínum tíu dropum með einhverri vestrænni stelpu sem væri hér í umönnunarstarfi en gæti hvenær sem er snúið aftur til síns frjálsa lúxuslífs. En kannski myndi ég einmitt vilja það – kannski héldi ég þá meiri reisin.

Það er engin ástæða til að halda að allir flóttamenn séu fullkomnir. En það er vert að mæta þeim sem hrekjast um heiminn í leit að betri heimkynnum með því að muna hvað sjálfsvirðing er mikilvæg hverri manneskju. Í það minnsta að hugleidda þá spurningu að ef allt fer hér á versta veg og við verðum að sæta færri á mannsæmandi tilveru annars staðar í heiminum; hvornig vildum við láta koma fram við okkur?



VELDU **GÆÐASTUND UM HELGINA**

Laugardagur og sunnudagur í Hásólabíói.

One Chance kl. 17.40

Saving Mr. Banks kl. 18.00

Dagskrá og miðasala á eMiði.is

HÁSKÓLA  BÍÓ **SMÁRA  BÍÓ**

Disney **MUPPETS** MOST WANTED

ADVENTURE TIME: THE MOVIE

THE LEGO MOVIE

SAM & CAT

SPARBÍÓ

SKRIFAÐIÐ ER EKKI ÁBYRGISLAÐ. ÖSKAÐAÐIÐ ER EKKI ÁBYRGISLAÐ. ÖSKAÐAÐIÐ ER EKKI ÁBYRGISLAÐ. ÖSKAÐAÐIÐ ER EKKI ÁBYRGISLAÐ.





FJÖLSKYLDUPAKINN

Spárnaðarbylting fyrir íslenskar fjölskyldur. Ef tvö börn eða fleiri eru í fjögurra manna hópi þá borga allir barnaverð. Allir, alltaf! Og við lofum því að barnaverðin er alltaf það tægsta í verðskránni.

NÁNAR Á WWW.SMARA.BIO.IS/BYLTING

Dagskrá og miðsala á eMið.is





HÁSHÓLA  **BIÓ**

SMÁRA  **BIÓ**



SAMbio.is

AARON PAUL ÚR BREAKING BAD

FLOTTASTI BÍLAHASAR SEM ÞÚ HEFUR SÉÐ

"MIND-BLOWING ACTION"

NEED FOR SPEED

"IT WAS FANTASTIC! IT IS THE BEST RACING MOVIE EVER..."

RICKEY GERVAIS TY BURRELL TINA FEY

★★★★★ THE PLAYLIST

★★★★★ VILLAGE VOICE

Disney MUPPETS MOST WANTED

FRÁBÆR MYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA

★★★★★

"SKEMMTILEGRI EN NOKKURAR HAMFAIRÆTUI AD VERA"

NEW YORK MAGAZINE

POMPEII

★★★★★ VARIETY

★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY

NON-STOP

THE PÍBODY OG SÉRMANNS

GAMLINGINN

THE LEGO MOVIE

SÝND MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALÍ

12 D OG 3D

| SAMbio.is | | SAMbio.is | |
|-----------------------------------|------------------------------------|------------------------|--------------------------------|
| NEED FOR SPEED | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | NEED FOR SPEED | KL. 5:15 - 8 - 10:20 |
| NEED FOR SPEED VIP | KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | MUPPETS MOST WANTED | enTa2D KL. 1 - 3:10 - 5:30 - 8 |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE | 3D KL. 8 - 10:20 | 300: RISE OF AN EMPIRE | 3D KL. 8 - 10:45 |
| SAVING MR. BANKS | KL. 5:20 | NON STOP | KL. 10:30 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | GAMLINGINN | KL. 5:35 |
| MUPPETS MOST WANTED | enTa2D KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:30 - 8 | THE LEGO MOVIE | enTa2D KL. 1 - 3:30 |
| THE LEGO MOVIE | enTa3D KL. 1 - 3:10 | HR. PÍBODY OG SÉRMANNS | enTa2D KL. 1 - 3:10 |
| THE LEGO MOVIE | enTa2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | FROSINN | enTa2D KL. 1 - 3:20 |
| THE LEGO MOVIE | enTa2D KL. 3 - 10:30 | NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN | enTa2D KL. 1 | MUPPETS MOST WANTED | enTa2D KL. 12:30 - 3 - 5:30 |
| SAMbio.is KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | POMPEII | KL. 8 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:30 | 300: RISE OF AN EMPIRE | 2D KL. 10:20 |
| MUPPETS MOST WANTED | enTa2D KL. 1 - 3:10 - 5:30 | GAMLINGINN | KL. 5:30 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE | 2D KL. 10:40 | THE LEGO MOVIE | enTa2D KL. 1 - 3:20 |
| NON STOP | KL. 5:40 - 10:40 | NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 |
| GAMLINGINN | KL. 3:10 - 5:30 - 8 | POMPEII | KL. 8 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 300: RISE OF AN EMPIRE | 2D KL. 10:20 |
| THE LEGO MOVIE | enTa3D KL. 1 - 3:20 | MUPPETS MOST WANTED | enTa2D KL. 2 - 4:30 - 5:35 |
| FROSINN | enTa2D KL. 1 | HR. PÍBODY OG SÉRMANNS | enTa3D KL. 1:30 |
| | | THE LEGO MOVIE | enTa2D KL. 3:30 |

SPARBÍÓ

MEIRACÍ MÆÐ GRÁNU EÐA APPELSINGUGU KL. 7:50 Á APPELSINGUGU OG KL. 10:00 Á GRANT

SMÁRABÍÓ

HÁSKÓLABÍÓ

SMÁRABÍÓ

*LAUGARDAGUR **SUNNUDAGUR

A 5%

| | |
|-----------------------------------|---------------------------------|
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 1 |
| HNETURÁNIÐ 3D | KL. 3.20 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.40** - 10.20* |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 5.45 - 8 - 10.15 |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD LÚXUS | KL. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 |
| ONE CHANCE | KL. 5.40* - 8 - 10.20** |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 2D | KL. 1 - 3.20 - 5.45 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 3D | KL. 1 - 3.20 |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 |
| RIDE ALONG | KL. 5.45 - 8 - 10.15 |
| ROBOCOP | KL. 10.30 |
| SKYJAB MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | KL. 1 - 3.20 |

HÁSKÓLABÍÓ

*LAUGARDAGUR **SUNNUDAGUR

A 5%

| | |
|--------------------------|----------------------|
| ELTON JOHN | KL. 8* |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 8** |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 5.45 - 8 - 10.15 |
| ONE CHANCE | KL. 5.40 - 8 - 10.20 |
| SAVING MR. BAWMS KL. 6 | KL. 6 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS | KL. 3.30 |
| SKYJAB MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | KL. 3.30 |

BESTA VERÐIÐ FJÖLSKYLDAPAKKINN GLESTAND

NÁÐAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

midi.is

Miðasala og nánnari upplýsingar



www.laugarasbio.is

-bara lúxus sími 553 2075

| | | | |
|--|---|--|--|
|  <p style="margin: 0;">FORSÝNING HNETURÁNIÐ</p> |  <p style="margin: 0;">3 DAYS TO KILL</p> |  <p style="margin: 0;">THE MONUMENTS MEN</p> |  <p style="margin: 0;">HNETURÁNIÐ 2D</p> |
|  <p style="margin: 0;">THE BAG MAN</p> |  <p style="margin: 0;">3 DAYS TO KILL</p> |  <p style="margin: 0;">THE MONUMENTS MEN</p> |  <p style="margin: 0;">HNETURÁNIÐ 2D</p> |

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| | | Sýningartímar |
|-------------------------|------------|---------------|
| HNETURÁNIÐ 3D | 2 | FORSÝNING |
| HNETURÁNIÐ 2D | 4 | FORSÝNING |
| THE BAG MAN | | 10:25 |
| 3 DAYS TO KILL | | 8, 10:20 |
| THE MONUMENTS MEN | | 10:10 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 6 | |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 2, 4 | |
| RIDE ALONG | | 6, 8 |
| LEGO - ÍSL TAL 2D | 1:45, 3:45 | |
| DALLAS BUYERS CLUB | | 5:45, 8 |

Baka í lágkolvetnabúningi með ljúffengri ostafyllingu

Unnur Karen Guðmundsdóttir bloggar á síðunni Hér er matur um mat ... Hún deilir uppskrift að mexíkóskri böku í lágkolvetnaútgáfu.

Mexíkósk Ikl-tacobaka:

| |
|--------------------|
| 3,5 dl möndlumjöl |
| 50 g smjör |
| 1 tsk. paprikuduft |
| 1/4 tsk. salt |
| 1 egg |

Hakkfylling:

| |
|---|
| 500 g nautahakk |
| 1 laukur |
| 3 hvítlauksrif |
| 2 dl. vatn |
| 1 lítil dós, eða 2-3 msk. tómaturpurée |
| 2-3 msk. chili-sósa (t.d. frá Heinz –en þessu má sleppa og nota frekar hálfa dós af |

| |
|---|
| niðursoðnum tómötum eða annað sem er ekki jafn kolvetnarikt og chili-sósan) |
| 2 tsk. chili-duft (sleppið eða minnkið ef þetta á ekki að vera mjög sterkt) |
| 2 tsk. cumín |
| 2 tsk. kóríanderduft |
| 1 msk. sojasósa |
| 1-2 tsk. salt |

Ostafylling:

| |
|---|
| 2-3 tómatar, eða eitt box af kirsuberja-tómötum |
| 1 dós, eða um 2 dl sýrður rjómi |
| 3-4 msk. rjómaostur |
| 150 gr. rifinn ostur |

Byrjið á að gera deigið, því það þarf smá tíma til að standa og svo til að bakast áður en fyllingin er sett í það. Skerið smjörið í litla teninga og hnoðið það saman við möndlumjöl, salt og paprikuduft. Þegar þetta er orðið að mulningi er egginu bætt út í og hnoðað saman. Ef deigið er of blautt er minnsta mál að bæta við meira möndlumjöli eða kókoshveiti jafnvel. Þrýstið deiginu í bökuform eða annað eldfast mót. Stingið með gaffli hér og þar í botninn og látið deigið standa í smá stund. Bakið svo við 225°C í um 10 mín.

Skerið laukinn smátt og pressið hvítlaukinn, steikið svo ásamt hakkinu þar til hakkið er gegnumsteikt. Bætið vatni, tómaturpurée, chili-sósu, sojasósu og kryddum út í og látið sjóða í 10-15 mín, eða þar til vatnið hefur að mestu gufað upp. Hrærið sýrðum rjóma, rjómaosti og rifnum osti saman. Skerið tómata-ana í bita (í helminga ef kirsuberja-tómatar) og dreifið yfir hakkið. Dreifið ostablandinu yfir tómata-ana. Bakið við 200°C í 20 mín., eða þar til ostablandan hefur fengið fallegan lit.



Í HOLLARI KANTINUM Gott er að bera bökuna fram með salati og sýrðum rjóma –eða hverju sem er.

MYND/ÚR EINKASAFNI



ÓSÁTTUR John er ekki skemmt.

Fer í mál

Tónlistarmaðurinn John Mayer ætlar í mál við Robert Maron, góðvin leikarans Charles Sheen, fyrir að selja sér eftirlíkingar af Rolex-úrum. John safnar Rolex-úrum og keypti mörg þeirra af Robert fyrir nokkrum árum. Nú segir John hins vegar að að minnsta kosti sjö af úrunum séu eftirlíkingar. Lögfræðingar Roberts segja að tónlistarmaðurinn hafi vitað full-vel hvað hann væri að kaupa og því vitað að um eftirlíkingar væri að ræða. Charlie hefur einnig tjáð sig um málið og segist hafa keypt fullt af ekta úrum af vini sínum.

- lkg



ÁNÆGÐIR AÐDÁENDUR Kate Bush er goðsögn í tónlistarbransanum.

Kate snýr aftur

Söngkonan Kate Bush tilkynnti að hún myndi halda fjölda tónleika síðar á árinu en það verður þá hennar fyrsta tónleikaröð í 35 ár. Kate, sem er hvað þekktust fyrir lög á borð við Wuthering Heights, Babooshka og Don't Give Up, ætlar að halda fimmtán tónleika í Hammersmith Apollo í London í ágúst og kallar hún tónleikaröðina Before the Dawn. Kate gaf út plötuna 50 Words for Snow árið 2011 en fylgdi henni ekki eftir með tónleikaröð og hefur hún ekki haldið röð tónleika síðan árið 1979.

- lkg

Í heimi sem er fullur af núllum og einum, ert þú núll eða ert þú sá Eini?

FORRITUNARKEPPNI

FRAMHALDSSKÓLANNA Í HR

21. - 22. MARS

Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

forritun.is

Florentina og Hanna Guðrún úr leik

HANDBOLTI Hornamaðurinn Hanna Guðrún Stefánsdóttir og markvörðurinn Florentina Stanciu verða fjarri góðu gamni þegar Ísland mætir Frökkum tvívegis, hér heima og ytra, í mikilvægum leikjum í undankeppni EM 2014. Verður þeirra sárt saknað enda í stóru hlutverki hjá toppliði Stjörunnar í Ólísdeild kvenna.

